**BERGLJÓT ARNALDS**
*Stafakarlalögin samin á uppáhaldspíanóið*
• heimili • jólin • koma
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**FASTEIGNIR**
*Parhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr*
sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




lægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. desember 2008 — 336. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



### Í minningu Rúnars
Bubbi Morthens orti ljóð til heiðurs Rúnari Júlíussyni.
FÓLK 34



### Í amerísku raunveruleikasjónvarpi
Berglind Ólafsdóttir í hlutverki veiðimannsins á Sci-Fi Channel.
FÓLK 34

### Horft yfir farinn veg
Loftur Guttormsson hefur ritstýrt sögu um íslenska skyldumenntun sem er hin fyrsta sinnar tegundar.
TÍMAMÓT 20



### FH vann bæjarslaginn
FH sigraði Hauka í átta liða úrslitum Eimskipsbikars karla í gær.
ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÉL FYRIR NORÐAN** Í dag verða norðvestan 5-13 m/s, en 13-18 m/s austan til. Bjart á Suðausturlandi og yfirleitt úrkomulaust en stöku él á Norðurlandi. Hiti víða í kringum frostmark og niður í 6 stiga frost.
VEÐUR 4

# Erlendir aðilar gætu eignast Kaupþing

**Efnt verður til fundar með fulltrúum erlendra kröfuhafa í bankana að nýju á fimmtudag. Vonast eftir samningum um verulegt erlent eignarhald í Glitni og Kaupþingi á næstunni. Til skoðunar að sameina Kaupþing og hinn danska FIH.**

**VIÐSKIPTI** Vonir standa til þess að samningar takist á næstunni við erlenda kröfuhafa íslensku viðskiptabankanna um að þeir komi að eignarhaldi nýju bankanna að einhverju eða öllu leyti. Boðað hefur verið til samningafundar með fulltrúum erlendra lánardrottna hér á landi á fimmtudag í því skyni, þar sem hugmyndin er að kynna leiðir til að greiða fyrir uppgjöri með þessum hætti.

Innan stjórnkerfisins hefur verið rætt um þann möguleika að eftir slíka samninga geti nýja Kaupþing orðið að verulegu eða öllu leyti í eigu erlendra aðila og hinn nýi Glitnir að einhverju leyti. Flóknara gæti reynst að fá erlenda kröfuhafa að eignarhaldi hins nýja Landsbanka í ljósi deilna sem hafa staðið um uppgjör vegna Icesave-innlánsreikninganna, en það hefur þó ekki verið útilokað.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að stjórnvöld vilji hraða þessari vinnu eins og kostur er í því skyni að efla bankastarfsemi í landinu og koma hjólum atvinnulífsins í gang á nýjan leik. Í aðgerðaáætlun sem forsætisráðherra og utanríkisráðherra kynntu á dögunum til stuðnings fyrirtækjum var beinlínis lýst yfir vilja til þess að greiða fyrir uppgjöri við erlenda kröfuhafa með því að bjóða þeim hlutafé í nýju bönkunum, meðal annars í því skyni að tryggja endurfjármögnun þeirra, fjölbreyttara bankaumhverfi og greiða fyrir erlendum lánaviðskiptum innlendra aðila og erlendra banka.

Til skoðunar hefur verið í þessu ljósi að steypa saman nýja Kaupþingi og danska bankanum FIH, sem var áður dótturfélag gamla Kaupþings. Seðlabanki Íslands tók hlutabréf í bankanum sem veð fyrir þrautavaraláni Kaupþings skömmu fyrir fall bankans og eftir það er danski bankinn nú eign íslenska ríkisins. Er hugmyndin sú að sameinaður banki gæti orðið álitlegri rekstrareining í augum erlendra kröfuhafa. - bih




**HEIMS UM BÓL** Fátæk börn frá bænum Maraisburg í Suður-Afríku fengu far með „jólasveinabíl" í árlegri jólagleði sem haldin var í gær. Rétt rúmlega tvær vikur eru nú til jóla og víst að börn víða um heim eru farin að hlakka mikið til. NORDICPHOTOS/AFP

Sigurður Þ. Ragnarsson telur nokkrar líkur á rauðum jólum í höfuðborginni:

# Stefnir í hvít jól á Norðurlandi

**VEÐUR** „Maður er nú orðinn ragari við að spá í þessa hluti en áður. En ef maður leyfir sér aðeins að spá, með öllum nauðsynlegum fyrirvörum, þá stefnir í hvít jól á Norðurlandi en rauð jól sunnanlands og í borginni," segir Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur, betur þekktur sem Siggi stormur.

Að sögn Sigurðar eru yfir fjörutíu prósent líkur á að hiti verði yfir meðallagi á sunnanverðu landinu í desember.

Spurður hvort veðurfræðingum sjálfum hugnist betur hvít eða rauð jól segist Sigurður lítið spá í slík mál. „Veistu, mér er bara alveg sama. Ég er ofsalega lítið jólabarn. Ég kann best við mig í sólarlöndum. Ég hef haldið jól og áramót á Spáni og það er ekki síðra, skal ég segja þér, að þurfa ekki að dúða sig allan upp áður en maður fer út."

Sigurður segir þetta þó nokkurt hitamál hjá mörgum Íslendingum. „Mín reynsla er sú að stór hluti þjóðarinnar gerir miklar kröfur um hvít jól í 24 tíma frá klukkan 18 á aðfangadag til klukkan 18 á jóladag, og svo búið og basta og ekki orð um það meir," segir Siggi stormur. - kg



**VIÐ UPPTÖKUSTJÓRN** Jólatónleikar Listaháskólans verða aðgengilegir á Netinu.

Listaháskólanemar í jólaskapi:

# Jólatónlist send út á Netinu

**FÓLK** Almenningi gefst kostur á að njóta jólatónleika á vegum tónlistardeildar Listaháskóla Íslands fyrir jólin. Tónleikarnir verða sendir beint út á vefsíðu skólans.

Þetta er í fyrsta skipti sem slíkar útsendingar fara í loftið en það eru nemendur í upptökustjórnun sjá um tæknihliðina. Tilgangurinn er tvíþættur; að nemendur í upptökustjórn öðlist reynslu og að tónlist nemenda nái eyrum sem flestra. - ve / sjá allt

Franskur Nóbelshafi:

# Netið getur stöðvað stríð

**SVÍÞJÓÐ, AP** Upplýsingaflóðið á Internetinu hefði hugsanlega komið í veg fyrir að Adolf Hitler og nasistasveitir hans hefðu nokkurn tímann komist til valda, segir Jean-Marie Gustave le Clezio, Nóbelsverðlaunahafi ársins í bókmenntum.



**JEAN-MARIE GUSTAVE LE CLEZIO**

„Ef Netið hefði verið til á þeim tíma, þá hefðu glæpsamleg áform Hitlers hugsanlega ekki náð fram að ganga," sagði hann í ræðu í Stokkhólmi í gær.

Hann segir að með Netinu hafi heimurinn eignast öflugt tæki til að koma í veg fyrir átök.

Nóbelsverðlaunin verða afhent í Stokkhólmi á miðvikudag. - gb

**Mamma segir, mamma segir**
Í dag er síðasti öruggi skiladagur fyrir jólakort utan Evrópu




HVITA HUSID / SIA 08-2218
www.postur.is

DESEMBER
Kafbátur mánaðarins
6 tommu bátur
TÚNFISKBÁTUR
329 kr.
SUBWAY
Gildir í des. 08, gildir ekki með öðrum tilboðum.



ostur.is



GÓMSÆT GJÖF FYRIR SÆLKERA
Kynnið ykkur úrvalið af sælkeraostakörfum á ostur.is

**SPURNING DAGSINS**



*Lalli, ertu að ganga af göfflunum?*

„Nei, en það er (og/eða) ekki í jafnaði lýst sem allur er unninn í samræmi við hvergi og afkomenda í sams konar og kerfigerðarlegrar í hlunnindum Sæla."

Ætla má að Lalli töframaður, sem leyfði börnum að toga gaffla úr nefi sér á Lækjartorgi á laugardag, sé gjörsamlega genginn af göflunum.

Vonast er til að hægt verði að losa um 300 milljarða séreignarsparnað:

# Séreignarsparnaður enn í skoðun

**EFNAHAGSMÁL** Enn er verið að skoða hvort hægt sé að gera séreignarsparnað aðgengilegan eigendum. Um 300 milljarðar króna liggja í slíkum sparnaði, og er algeng eign fjölskyldna tvær til þrjár milljónir. Samkvæmt lögum má fólk ekki byrja að taka sparnaðinn út fyrr en um sextugt.

„Við höfum verið að skoða þetta og hitta bæði fólk frá lífeyrissjóðunum og aðra sem þekkja til málanna," segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir,þingmaðurSamfylkingar, sem situr í vinnuhópi ríkisstjórnarinnar um málið. Sex vikur eru frá því að félagsmálaráðherra skipaði vinnuhóp um málið.



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR ÓLÖF NORDAL

Steinunn Valdís segir málið vera flókið. Undir það tekur Ólöf Nordal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem einnig situr í hópnum.

„Við erum á þeirri skoðun að þetta mál sé þannig vaxið að ef við finnum, og við höldum að við getum kannski fundið, einhverja nothæfa leið, þá sé þetta eitthvað sem gæti skipt verulegu máli fyrir fólk. Við erum að vinna að málinu með það að leiðarljósi," segir Ólöf.

Hún segir að verið sé að fara yfir og kanna hvernig hægt sé að framkvæma málið. Ekki sé hægt að segja til um hvenær málið skýrist, en hún segir að ekki sé hangið yfir því. „Vonandi fer það að skýrast betur hvenær við getum komið með niðurstöðu." - þeb

Össur leysir frá skjóðunni:

# Davíð haldið frá neyðarráði

**STJÓRNMÁL Samfylkingin kom í veg fyrir það að sett yrði á laggirnar nokkurs konar neyðarráð embættismanna eftir bankahrunið undir forystu Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra. Þetta sagði Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra í samtali við Sigmund Erni Rúnarsson í þættinum Mannamáli á Stöð 2 í gærkvöldi.**

**Þá upplýsti Össur að hann hefði sjálfur lagt fram bókun á ríkisstjórnarfundi þess efnis að Davíð starfaði ekki í umboði Samfylkingarinnar, en sagt var frá bókuninni í Fréttablaðinu í byrjun nóvember.** - sh

Obama í sjónvarpsþætti:

## Reykir ekki í Hvíta húsinu

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama hét því í sjónvarpsþætti í gær að reykja ekki í Hvíta húsinu, enda hefur sú bygging verið reyklaus í mörg ár.



BARACK OBAMA

Obama hefur átt erfitt með að hætta að reykja, og viðurkenndi síðast í nóvember að hann fengi sér stöku sinnum reyk. Þegar hann flytur í Hvíta húsið ætlar hann hins vegar að standa sig.

Í sjónvarpsþættinum Meet the Press á ABC-stöðinni í gær sagði Obama að kosningabaráttan hefði verið erfið, og þess vegna hefði hann ákveðið að leyfa sér stöku sinnum að reykja. - gb

Hestakerra valt í Dölum:

## Eitt hrossanna drapst í veltu

**VESTURLAND Eitt af fjórum hrossum drapst þegar stór hestakerra valt á hliðina síðdegis í gær, skammt frá bænum Þorbergsstöðum í Dölum.**

**Jeppabifreið sem dró kerruna hélst á hjólunum en mikil hálka var á veginum. Hin þrjú hrossin voru teymd heim að Þorbergsstöðum til frekari skoðunar en að sögn sjónarvotta voru þau óhölt en blóðug.** - rat

**ÞÝSKALAND**

### Loftslagsmál á leiðtogafund

Angela Merkel Þýskalandskanslari og Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hafa komið sér saman um að metnaðarfull áætlun um hömlur á losun gróðurhúsalofttegunda verði lögð fyrir leiðtogafund Evrópusambandsins í vikunni.

# Bjartsýnn á að ESB-aðild yrði hafnað

**Flokksráð Vinstri grænna vill setja þak á verðtryggð lán og stöðva öll nauðungaruppboð. Flokkurinn er enn andvígur ESB-aðild en telur brýnt að ákvörðunin verði þjóðarinnar. Formaðurinn telur að aðild yrði hafnað kæmi til kosninga.**

**STJÓRNMÁL** Bráðnauðsynlegt er að kjósa til Alþingis á næstu mánuðum. Annað væri misnotkun á hinu „lýðræðislega tæki". Þetta er mat formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, en flokksráð hennar fundaði í gær. Flokkurinn vill jafnframt að þak verði sett á hækkun höfuðstóls verðtryggðra lána og að öll nauðungaruppboð verði stöðvuð næstu tvo til þrjá mánuði hið minnsta til að hjálpa þeim sem eru í vanda staddir vegna efnahagsástandsins.

Formaðurinn Steingrímur J. Sigfússon kynnti aðgerðaáætlun flokksins á fundinum. Drjúgur hluti ræðu hans fór í umræðu um Evrópusambandið. Steingrímur ítrekaði andstöðu Vinstri grænna við aðild að ESB, en áréttaði að ef til þess kæmi að taka þyrfti ákvörðun yrði hún að vera þjóðarinnar. Þjóðin þyrfti að fá að kjósa bæði um hvort farið yrði í aðildarviðræður, og síðan um aðildina sjálfa.

„Við eigum ekki að vera hrædd við það að reisa það merki að að sjálfsögðu eigi þjóðin að ákveða sín örlög í þessu þegar eða ef það er komið þannig á dagskrá að slík kosning á að fara fram," sagði Steingrímur, en tók þó sérstaklega fram að það væri ekki baráttumál flokksins í sjálfu sér að slík kosning færi fram. „Ég er bjartsýnn á það að þjóðin muni þá strax hafna því að ganga í Evrópusambandið," sagði hann einnig.

Steingrímur sagði að það væri viðráðanlegt samstarfsverkefni ríkissjóðs, Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóðanna að setja þak á verðtryggingu húsnæðislána næstu mánuði. Jafnframt þyrfti að hækka húsaleigubætur og vaxtabætur.

Þá sagði Steingrímur að huga þyrfti að leiðum til tekjuöflunar og nefndi sérstaklega í því sambandi að afnám hátekjuskatts hafi verið stórhneyksli. „Við þurfum á öllum þeim fjármunum að halda sem aflögufærir aðilar geta lagt af mörkum til að jafna byrðunum og verja velferðarkerfið."

Hann sagði einnig mikilvægt að draga ekki úr útgjöldum til velferðarmála. „Sjálfsagt verða einhverjir til þess að hneykslast á því að við leggjum til útgjöld til samfélagslegra verkefna. Við segjum: Það er ekkert vit í öðru en að reka ríkissjóð og sveitarfélögin eftir atvikum með halla í gegnum kreppuna. Annað er óðs manns æði."

Þá sagði Steingrímur nauðsynlegt að styðja við bakið á sveitarfélögum með viðbótarfjárframlögum. Þá væri ástandið tækifæri til að tryggja konum jafnan hlut á við karla á öllum vígstöðvum.

stigur@frettabladid.is





**AF FLOKKRÁÐSFUNDINUM** Vinstri græn vilja að opinberum bönkum og lánastofnunum verði gert að styðja atvinnufyrirtæki með skuldbreytingum og nauðsynlegri rekstrar- eða endurfjármögnun. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

> „Það er ekkert vit í öðru en að reka ríkissjóð og sveitarfélögin eftir atvikum með halla í gegnum krepuna. Annað er óðs manns æði.
>
> STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
> FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA



**FJÖLMENNI** Fullt var út úr dyrum þegar ráðherrar sátu fyrir svörum á opnum borgarafundi fyrir tveimur vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Opinn borgarafundur í kvöld:

## Verkalýðsleiðtogar mæta

**EFNAHAGSMÁL** Margir forystumenn verkalýðshreyfinga og fulltrúar lífeyrissjóða hafa boðað komu sína á opinn borgarafund um stöðu þjóðarinnar sem haldinn verður í Háskólabíói í kvöld frá klukkan 20 til 22. Er ætlunin að gefa hinum almenna borgara kost á að spyrja þessa aðila beinna spurninga. Félags- og viðskiptaráðherra fengu einnig formlegt boð á fundinn, sem haldinn er undir yfirskriftinni verðtrygging og skuldir heimilanna.

Frummælendur á fundinum eru Ásta Rut Jónasdóttir húsmóðir, Gylfi Arnbjörnsson forseti Alþýðusambands Íslands og Vésteinn Gauti Hauksson markaðsstjóri. Fundarstjóri er Gunnar Sigurðsson leikstjóri. - kg

**ELDSVOÐI**

### Enn haldið sofandi

Manninum sem brenndist í eldsvoða í íbúð við Álftamýri á laugardag er enn haldið sofandi á gjörgæsludeild Landspítalans. Að sögn læknis er ástand hans stöðugt, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær hann verður vakinn.







Óeirðir í Grikklandi eftir að tveir lögreglumenn urðu sextán ára dreng að bana:

# Lögregluþjónar handteknir

**GRIKKLAND, AP** Tveir lögregluþjónar voru handteknir í Aþenu í gær fyrir að hafa skotið sextán ára pilt, með þeim afleiðingum að pilturinn lést. Lát piltsins varð til þess að óeirðir brutust út í tveimur borgum, Aþenu og Þessalóníku.

Fjölmennur hópur ungmenna gekk um og braut rúður í verslunum og bifreiðum. Eldsprengjum var kastað að lögreglunni, kveikt í húsum og götuvígi reist. Lögreglan beitti táragasi.

Pilturinn var skotinn á laugardagskvöld í Exachia, hverfi í miðbæ Aþenu þar sem mikið er af veitingahúsum og knæpum. Óljóst var hvað gerðist, en lögregluþjónarnir segja að hópur ungmenna hafi ráðist á þá. Þeir hafi brugðist við með því að skjóta þremur skotum og kasta rafstuðssprengju á hópinn.

Prokopis Pavlopoulos innanríkisráðherra hét því að ítarleg rannsókn yrði gerð á láti piltsins og að þeir, sem ábyrgðina bæru, hlytu refsingu.

„Það er óhugsandi að engum verði refsað þegar líf manns glatast, sérstaklega þegar það er líf barns," sagði hann. „Að svipta einhvern lífi er ekki afsakanlegt í lýðræðisríki."



**ELDSPRENGJUM VARPAÐ AÐ LÖGREGLU** Lögregluþjónar eiga fótum sínum fjör að launa í Aþenu í gær þegar eldsprengjum var varpað að þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bæði hann og aðstoðarráðherra hans, Panagiotis Chinofotis, hugðust segja af sér, en forsætisráðherra Grikklands féllst ekki á það. - gb

# 6 X frítt í bíó!

**Þú borgar 2.000 kr. á mán. í 12 mán. fyrir símann og honum fylgir 2.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mánuði – Þú ert í raun ekki að borga neitt fyrir símann!**

**Öllum símatilboðum fylgir bíókort – 6 X frítt í bíó!**

**2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova!**

DAGUR & STEINI






**Nokia 3120**

útborgun **0 kr.**

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir.

Staðgreitt: 24.000 kr.



**Nokia 5320** ExpressMusic

**0 kr.** útborgun

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir.

Staðgreitt: 24.000 kr.



**0 kr. Nova í Nova!**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lágmúla | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. gjald vegna greiðsludreifingar.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

## GENGIÐ 05.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,19 | 126,79 |
| Sterlingspund | 185,09 | 185,99 |
| Evra | 161,09 | 161,99 |
| Dönsk króna | 21,621 | 21,747 |
| Norsk króna | 17,615 | 17,719 |
| Sænsk króna | 15,22 | 15,31 |
| Japanskt jen | 1,3675 | 1,3755 |
| SDR | 187,60 | 188,72 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,6956

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

KPMG vísar á bug fullyrðingum um vanhæfi til að skoða viðskipti hjá Glitni:

# Treysta sér í athugun á Glitni

**BANKAHRUNIÐ** Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri endurskoðunarfyrirtækisins KPMG, vísar á bug fullyrðingum um að fyrirtækið sé vanhæft til að sinna rannsóknum á viðskiptum í Glitni mánuðina fyrir bankahrunið vegna þess að KPMG sé endurskoðandi bæði FL-Group og Baugs sem hafi verið stórir hluthafar í bankanum.

Jón Gerald Sullenberger sendi í síðustu viku fjölmiðlum athugasemd við starf KPMG fyrir skilanefnd Glitnis. Segir hann það móðgun við heilbrigða skynsemi að kalla KPMG óháðan aðila í málinu. „En það á greinilega að velja gaumgæfilega hvað fær að koma fyrir almennings sjónir og því spyr ég: Eru engin takmörk fyrir óheiðarleika banka og endurskoðenda á Íslandi í dag?“



**JÓN GERALD SULLENBERGER** Segir KPMG óhæft til skoða viðskipti í Glitni vegna tengsla við stóra hluthafa.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Skilanefndin réði okkur til þessara starfa og og við treystum okkur út af fyrir sig alveg í það. Við gætum okkar bara í þessu, eins og öðru, að rétt sé að farið,“ segir Sigurður Jónsson og bendir á að þeir sérfræðingar sem komi að athuguninni á Glitni hafi ekki endurskoðað hjá nefndum fyrirtækjum og komi raunar ekki af endurskoðunarsviði KPMG. Því sé um allt aðrar starfsmenn að ræða.

Aðspurður kveðst Sigurður telja líklegt að þessu verkefni ljúki fljótlega og að skilanefndin fái niðurstöður innan skamms. „Það sér fyrir endann á því að við skilum af okkur,“ segir Sigurður sem á von á því að þetta verði fyrir jól. - gar

Stjórn Sjómannafélagsins:

# Þorskkvótinn verði aukinn

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjómannafélag Íslands beinir þeim óskum til stjórnvalda að auka nú þegar við þorskkvótann um þrjátíu til fjörutíu þúsund tonn á yfirstandandi kvótaári. Í tilkynningu félagsins segir að oft sé þörf en nú sé nauðsyn á slíkri aðgerð.

Fundur stjórnar félagsins frá síðastliðnum fimmtudegi samþykkti einnig að skora á íslensk fyrirtæki að þau notist eingöngu við farmskip, mönnuð Íslendingum, í reglubundnum áætlunarsiglingu til og frá landinu. Einnig að skora á stjórnvöld að auka eftirlit með landhelginni og rannsóknir á fiskimiðunum. - kg

Eldsneytisverð lækkar:

# Olíufélögin lækka lítrann

**ELDSNEYTI Olíufélögin lækkuðu eldsneytisverð á laugardaginn. Öll lækkuðu þau bensínlítrann um 4 krónur og dísilolíu um 6 krónur hvern lítra.**

**Hagstæðasta verðið er nú hjá Orkunni í Hveragerði þar sem bensínlítrinn er á 132,50 krónur og dísilolían á 161,30 krónur. Almennt verð hjá Orkunni er 137,10 krónur fyrir bensínlítrann og dísilolían er á 164,80 krónur.**

**Hjá Atlantsolíu kostar bensínlítrinn nú 137,20 krónur og dísilolía 164,90 krónur. Skeljungur selur bensínlítrann á 138,80 krónur og dísil á 166,40 krónur og hjá N1 kostar bensínlítrinn 138,80 krónur og dísillítrinn 166,50 krónur.** - rat

Vigdís Finnbogadóttir í París:

# Fyrrum forsetar starfa saman

**MENNING** Vigdís Finnbogadóttir mun taka sæti í heiðursstjórn stofnunar Jacques Chiracs. Þetta ákváðu forsetarnir fyrrverandi á fundi sínum í París á dögunum.



**VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR**

Vigdís og Chirac ræddu möguleika á samstarfi stofnana sinna, sem hafa báðar það verkefni að vekja fólk til vitundar um mikilvægi tungumála fyrir menningu og margbreytileika. Þau ræddu meðal annars mögulegt samstarf í rannsóknum, miðlun þekkingar og orðabókagerð. Fundurinn var liður í kynningu á Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. - þeb

# Segist hafa neyðst til að flýja hótanir

**Danski fjársvikarinn Stein Bagger gaf sig fram við lögreglu í Bandaríkjunum. Danska lögreglan vonast til að hann verði framseldur til Danmerkur fljótlega. Bagger segir að sér hafi verið hótað árum saman og neyðst til að flýja.**

**DANMÖRK** Stein Bagger segir að sér hafi verið hótað árum saman. Hann hafi ekki átt annars kost en að láta sig hverfa til þess að bjarga fjölskyldu sinni.

Danska lögreglan leggur þó ekki mikinn trúnað á þessar fullyrðingar, og það gera vinir hans ekki heldur, eftir því sem fullyrt er í dönskum fjölmiðlum. Jafnvel Vítisengillinn Brian Sandburg, sem hefur árum saman verið góðvinur Baggers, segir í viðtali við Berlingske Tidende að ekkert sé hæft í þessu.

Bagger gaf sig fram við lögreglu í Bandaríkjunum í gær og situr nú í fangelsi í Los Angeles, þar sem hann bíður framsals til Danmerkur. Bagger var framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins IT Factory sem var eitt öflugasta fyrirtæki á þessu sviði í Danmörku. Í byrjun desember kom hins vegar í ljós að hann var horfinn sporlaust og um leið var fyrirtækið lýst gjaldþrota. Talið er að Bagger hafi hirt hálfan milljarð danskra króna úr fyrirtækinu áður en hann hvarf.

Lögreglan í Los Angeles átti reyndar erfitt með að trúa honum þegar hann gekk inn á lögreglustöð þar í borg til að gefa sig fram, skömmu fyrir hádegi á laugardagsmorgni.

„Það hafa nokkrir komið hingað inn og sagst vera kóngurinn í Danmörku,“ hefur bandaríska dagblaðið Los Angeles Times eftir lögregluþjóni á stöðinni.

Bagger var þó klæddur í rándýr föt og með dýrt úr á hendi, og tölvuleit sýndi fljótlega að hann var í raun eftirlýstur af alþjóðalögreglunni Interpol.



**STEIN BAGGER** Forstjóri hugbúnaðarfyrirtækisins IT Factory lét sig hverfa í Dúbaí í lok nóvember.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Það hafa nokkrir komið hingað inn og sagst vera kóngurinn í Danmörku.
>
> **LÖGREGLUÞJÓNN Í LOS ANGELES**

Danska lögreglan vonast til að hann verði fljótlega framseldur til Danmerkur en óljóst er hve framsalsferlið verður lengi í afgreiðslu hjá bandarískum dómstólum. Bagger hefur fengið bandarískan lögfræðing sér til aðstoðar.

Asger Jensby, stjórnarformaður IT Factory, segir í dönskum fjölmiðlum að sér hafi létt óskaplega við fréttirnar. Nú fáist vonandi svör við þeim hafsjó af spurningum, sem hann og aðrir í fyrirtækinu hafi út af skyndilegu hvarfi Baggers.

Hann var staddur í Dúbaí í fríi með fjölskyldu sinni þann 28. nóvember þegar hann skrapp út og kom ekki aftur. Nú er komið í ljós að hann flaug beina leið til New York, fékk þar lánað kreditkort hjá vini sínum, tók bíl á leigu og ók þvert yfir Bandaríkin til Los Angeles þar sem hann gaf sig fram.

gudsteinn@frettabladid.is



**BRUNNAR BIFREIÐAR** Eykur kostnaðinn við stríðsrekstur í Afganistan.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Uppreisnarmenn í Pakistan:

# Brenndu tugi herbifreiða

**PAKISTAN, AP** Herskáir íslamistar kveiktu í 160 bifreiðum Bandaríkjahers og NATO skammt frá borginni Peshawar í Pakistan í gær.

Óttast er að uppreisnarmenn séu að reyna að loka Khyber-skarði, sem er mikilvægasta flutningsleið hernaðarbirgða til Afganistans. Skarðið er á landamærum Afganistans og Pakistans, og liggur þjóðbrautin þangað í gegnum borgina Peshawar.

Með því að torvelda samgöngur í gegnum skarðið myndi kostnaðurinn við stríðsreksturinn í Afganistan rjúka upp. - gb

Fundur hjá Matvælastofnun:

# Engin hætta af írsku svínakjöti

**HEILBRIGÐISMÁL Ekkert virðist hafa verið flutt til landsins af írsku svínakjöti sem framleitt er eftir 1. september, segir Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður matvælaöryggis- og neytendamálasviðs Matvælastofnunar. Starfsmenn stofnunarinnar funduðu í gær í tilefni af því að á laugardag innkölluðu írsk yfirvöld allt svínakjöt sem framleitt var eftir 1. september vegna eitrunar.**

**Að sögn Sigurðar var von á tilkynningu frá írskum stjórnvöldum í gær, til landa ESB og annarra viðskiptalanda Írlands, um það hvert svínakjöt hefur verið flutt eftir 1. september.** - kg






## VEÐURSPÁ

**Elísabet Margeirsdóttir**
Veðurfréttamaður

**HITA- OG KULDASKIL**
Það mun hlýna eftir því sem líður á morgundaginn og á miðvikudag verður nánast frostlaust um allt land. Því miður er þetta skammgóður vermir þar sem á fimmtudag kólnar á ný. Úrkoman verður mest sunnan- og vestanlands á miðvikudag og fimmtudag.




**Á MORGUN**
Vaxandi SA-átt vestan til.

**MIÐVIKUDAGUR**
3-8 m/s.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Billund | 8° |
| Ósló | 3° |
| Stokkhólmur | 4° |
| Gautaborg | 7° |
| London | 8° |
| París | 6° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Berlín | 5° |
| Alicante | 15° |
| Mallorca | 15° |
| Basel | 5° |
| Eindhoven | 7° |
| Las Palmas | 20° |
| New York | 0° |
| Orlando | 22° |
| San Francisco | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




PIPAR • SÍA • 82314

Með einum Yamaha YSP heimabíóhátalara færðu hljóðið úr öllum áttum, fyrir framan þig, aftan - frá öllum hliðum. Aðeins einn hátalari, engir bakhátalarar eða snúrur um allt gólf.

Yamaha er leiðandi í heimabíóum og með tækni, sem er upprunnin frá Yamaha (Digital Sound Projector), er hljóðbylgjunum beint á nákvæman hátt í ólíkar áttir úr einum hátalara.

YSP heimabíó frá Yamaha er til í mismunandi stærðum, þú velur þá sem hentar þér best. Komdu í Hátækni og fáðu svarið við því hvaðan hljóðið kemur með Yamaha YSP.



D i g i t a l   S o u n d   P r o j e c t o r




YSP-3000 | YSP-4000

## Komdu og heyrðu í YSP-línunni frá Yamaha

CINEMA DSP DIGITAL | IntelliBeam | dts 5.1 NEO:6 | DOLBY DIGITAL PRO LOGIC II | SRS TruBass

Hátækni

**Yamaha heimabíó fæst hjá söluaðilum um land allt.**

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú á jólahlaðborð?*

| | |
|---|---|
| Já | 37,7% |
| Nei | 62,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að gefa ætti út hvalkvóta?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Rannsókn á síbrotamönnum sem dvalið hafa á Litla-Hrauni:

# Enda oft sem utangarðsmenn

**FANGELSISMÁL** „Síbrotamenn eru hópur sem er mjög illa félagslega staddur, koma oft frá brotnum fjölskyldum og fá lítinn stuðning við að koma sér á beinu brautina. Þegar öllu er á botninn hvolft enda þeir oft sem utangarðsmenn í samfélaginu.“

Þetta segir Oddur Malmberg félagsfræðingur um niðurstöður rannsóknar sem hann vann að undanfarin ár meðal síbrotamanna í fangelsinu á Litla-Hrauni.

Um var að ræða meistaraverkefni hans í félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá árinu 2007. Rannsóknin var í formi viðtala og byggir á reynsluheimi síbrotamannsins.



**LITLA-HRAUN** Nærsamfélag síbrotamanna verður í sumum tilvikum miklu meira á Hrauninu heldur en úti í samfélaginu.

„Þátttakendur voru ellefu menn á aldrinum 25 til 50 ára sem voru að afplána sinn þriðja dóm, hið minnsta. Boltinn hefur oftar en ekki farið að rúlla eftir ógæfubrautinni þegar þeir voru ungir að árum. Sumir hafa flosnað upp frá námi 13 eða 14 ára. Starfsreynsla er engin. Þeirra nærsamfélag verður kannski miklu meira austur á Litla-Hrauni heldur en sem frjálsir menn úti í samfélaginu. Þetta eru kannski menn sem hafa verið þarna tíu eða tólf sinnum.“

Oddur segir að hafa beri í huga að miklar og jákvæðar breytingar hafa orðið á síðustu árum í mjög svo erfiðum málaflokki. **- jss**

Fulltrúaráð verkalýðsfélaga:

# Styrkir langveik börn

**FÉLAGSMÁL Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík hefur veitt Umhyggju, félagi til stuðnings langveikum börnum, styrk að upphæð 500 þúsund krónur.**

**Umhyggja hefur boðið félagsmönnum sínum afnot af tveimur sumarhúsum í Vaðlaborgum við Eyjafjörð. Er styrkurinn ætlaður til að efla þennan þátt í starfsemi félagsins. Annað húsanna er með sérstökum búnaði fyrir fatlaða og hreyfihamlaða. Húsin eru aðeins í örfárra mínútna akstursfjarlægð frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Slíkt er lykilatriði fyrir langveik börn, sem geta þurft á bráðaaðstoð að halda.** **- jss**











512 50 50 Auglýsingasími


# Keflvískur hótelstjóri gefur fólki gistingu

**Áttunda árið í röð býður Steinþór Jónsson á Hótel Keflavík fólki að dvelja frítt á hótelinu í desember. Átta hundruð manns hafa nýtt sér kostakjörin.**

**REYKJANESBÆR** Fólki gefst færi á að gista frítt á Hótel Keflavík gegn því að eiga viðskipti í verslunum í Reykjanesbæ. Sé verslað fyrir 16.800 krónur fæst gisting í tveggja manna herbergi og sé verslað fyrir 20.800 krónur fæst gisting í fjölskylduherbergi.

„Við byrjuðum á þessu fyrir átta árum þegar erfiðleikar voru í verslun og þjónustu í bænum og vildum þannig leggja okkar lóð á vogarskálarnar til að snúa þróuninni við,“ segir Steinþór. Á þeim tíma var barlómur í fólki og mörg verslunarpláss stóðu auð. „Með því að hvetja fólk til að koma til bæjarins og versla komum við því einnig á framfæri við heimamenn að fyrst gestir vildu versla hér gætu þeir vel gert sín innkaup í heimabyggð.“

Síðan eru liðin átta ár og verslun og þjónusta í Reykjanesbæ hefur tekið stakkaskiptum. Hvað sem því líður hefur Steinþór haldið sínu striki. „Við höfum haldið þessu áfram enda reynst vel. Nú er enn mikilvægara en áður að styðja við samfélagið og að baki býr von um að brúnin lyftist á einhverjum. Bjartsýni og gleði er það sem við þurfum á að halda núna.“

Mikil og góð aðsókn hefur verið í fríu gistinguna og áætlar Steinþór að um átta hundruð manns hafi nýtt sér hana í gegnum árin. Frátekin eru tuttugu herbergi á sólarhring fyrir fólk í verslunarerindum. Brottfluttir Suðurnesjamenn og fólka alls staðar að af landinu koma til að versla.

Uppátæki Steinþórs og hans fólks á hótelinu hefur hleypt lífi í verslunina í bænum. Það staðfesta kaupmenn. Auk smærri hluta hafa sumir gestanna haldið heim á leið með bíla og húsgögn.

En hvað fær mann í viðskiptum til að gefa þjónustu sína? Steinþór viðurkennir í kerskni að líklega sé hann eini hótelstjórinn í heiminum sem detti svona vitleysa í hug. „Það segir sig reyndar sjálft að það er ekki sniðugt að reka hótel í bæ sem ekki er í blóma.“

Og skyldi einhver halda að hann fái ekki eitthvað fyrir sinn snúð er sá hinn sami leiddur í allan sannleikann hér með. Laun hótelhaldarans af uppátækinu felast í hamingju. „Það veitir mér og starfsfólkinu ánægju að fá þakklæti frá þeim sem koma. Og vonandi kunna kaupmennirnir að meta þetta líka. Því fylgir mikil hamingja að gefa til samfélagsins.“

**bjorn@frettabladid.is**




**STEINÞÓR JÓNSSON** hefur látið mörg samfélagsmál í Reykjanesbæ til sín taka. Hann fór fyrir hópi sem krafðist tvöföldunar Reykjanesbrautarinnar og átti ríkan þátt í að árleg ljósanæturhátíð er haldin í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Neytendur:** Kjarabót fyrir sjónskertra

# *Ódýrar dagslinsur*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Axel Örn Ársælsson, sjónfræðingur hjá Optic Reykjavík í húsi Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, hafði samband. „*Mig langar að koma upplýsingum um gott verð hjá okkur á einnota dagslinsum á framfæri, fyrir þá fjölmörgu sem nota linsur. Þær heita Frequency 1day og eru frá Cooper Vision. Hjá okkur kostar hver pakki með þrjátíu linsum 2.490 kr. Ekki er krafist magnkaupa til að fá þetta góða verð. Ég hvet fólk til að gera verðsamanburð,*“ skrifar Axel.



**LINSUR** Gerið verðsamanburð!

Ég gerði verðsamanburð og hringdi í Lyfju. Þar fást Dailies-dagslinsur og kostar pakki með þrjátíu linsum 3.389 kr. Þeir sem nota dagslinsur þurfa að kaupa tvo pakka á mánuði. Því gætu sjónskertir sparað heilar 21.576 krónur á ári ef þeir færu úr Dailies-linsunum frá Lyfju yfir í Frequency 1day linsurnar frá Optic Reykjavík. Það munar um minna!

Jólakort Barnaheilla:

# Stutt við starf í þágu barna

**FÉLAGSMÁL** Jólakort Barnaheilla eru komin í sölu en með kaupum á kortunum er stutt við starf í þágu barna á Íslandi og erlendis.



**JÓLAKORTIÐ**

Barnaheill stefna að því, á fyrrihluta næsta árs, að opna upplýsinga- og stuðningslínu fyrir börn og unglinga á aldrinum 7 til 18 ára. Síma og netsvörun verður á íslensku og tungumálum fjölmennustu innflytjendahópanna á Íslandi. Mistök urðu við gerð greiðsluseðla sem send voru nýlega. Lendi greiðendur í vandræðum er kennitala Barnaheilla 521089-1059 og réttur gjalddagi er 151208. **- ovd**

LÆKKAÐU SÍMREIKNINGINN

# ALLUR PAKKINN

FRÁ **3.990.-***

*Mánaðargjald á nettengingu, heimasíma og einni GSM áskrift.



HEIMASÍMI    NET    GSM




**Gerðu heimilið jólalegra og vertu í góðu TALsambandi við ástvini um jólin**

Þeir sem skrá sig í Allan Pakkann hjá Tali fyrir 15. desember fá að gjöf 2.000 kr. jólainneign í IKEA til að gera heimilið enn jólalegra.

Suðurlandsbraut 24 – 108 Reykjavík – þjónustuver: 1817 – skrifstofa: 445-1600 – www.tal.is – tal@tal.is

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvaða þingmaður Sjálfstæðisflokksins hefur skorað á ráðherra að gefa út kvóta á hvalveiðar?

2 Hversu stór var jarðskjálftinn sem varð á laugardag?

3 Hvaða unga handknattleiksmanni hefur spænska stórliðið Barcelona sýnt mikinn áhuga?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Lögreglumaður dæmdur til að greiða sekt vegna atviks í verslun 10-11 síðastliðið vor:

# Dæmdur fyrir að veitast að pilti

**DÓMSMÁL** Lögreglumaður hefur verið dæmdur til að greiða 120 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs fyrir líkamsárás. Jafnframt að greiða fórnarlambinu 60 þúsund krónur.

Lögreglumaðurinn var ákærður fyrir að hafa að kvöldi mánudagsins 26. maí 2008, í verslun 10-11, hafa farið offari við framkvæmd lögreglustarfa og ekki gætt lögmætra aðferða við handtöku og leit á pilti, vegna tilkynningar um þjófnað úr versluninni. Lögreglumaðurinn veittist að piltinum, greip í fatnað hans, háls og kverkar svo átök urðu milli þeirra. Lögreglumaðurnn sneri síðan piltinn niður og handjárnaði hann. Pilturinn hlaut nokkra áverka í átökunum.

Lögreglumaðurinn neitaði sök og krafðist sýknu. Dómurinn taldi hins vegar sannað að pilturinn hefði hlotið áverkana í átökunum við hann. Atlaga lögreglumannsins að piltinum hafi hvorki tengst leitinni á honum né heldur hafi verið sýnt fram á að með henni hafi lögreglumaðurinn ætlað að handtaka hann. Lögreglumaðurinn var hins vegar sýknaður af því að hafa ekki gætt lögmætra aðferða við handtöku og leit. Hann var dæmdur til að greiða málskostnað. - jss



**MYNDBAND Á VEFNUM** Pilturinn var beðinn um að tæma vasa sína en hreytti fúkyrðum í lögreglumanninn sem tók harkalega á honum.

Borgarbyggð tekur lán:

# 200 milljónir til framkvæmda

**BORGARBYGGÐ** Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur tekið 200 milljóna lán frá Lánasjóði sveitarfélaga til 16 ára. Fjármagnið verður meðal annars notað til að ljúka við leikskóla á Hvanneyri og til gatnagerðar.

Páll S. Brynjarsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, segir rekstur sveitarfélagsins að mestu leyti góðan. „Við erum að mestu á áætlun að öðru leyti en því að eðlilega hefur verið viðsnúningur á fjármagnsliðum. Hann skýrist af hárri verðbólgu og óhagstæðri gengisþróun.“ Páll segist vonast til þess að starfsmannahald verði óbreytt hjá sveitarfélaginu. - kóp

Alþingisnefnd um Icesave:

# Gæti kostað 150 milljarða

**STJÓRNMÁL** Um 150 milljarðar króna er talin vera sú upphæð sem kann að lenda á Íslendingum að greiða vegna Icesave-reikninga Landsbankans. Þetta kemur fram í nefndaráliti meirihluta utanríkismálanefndar Alþingis sem skoðað hefur hugsanlegt virði eigna bankans við sölu.

„Mikil óvissa er enn um það virði sem fæst fyrir eignirnar en á grundvelli upplýsinga frá skilanefnd Landsbanka Íslands má áætla að um 150 milljarðar króna geti staðið út af að því ferli loknu,“ segir nefndin sem bendir á að mikil óvissa sé um niðurstöðuna. Mögulegt sé að ekkert falli á ríkissjóð. Talið sé að ekkert þurfi að greiða vegna starfsemi Glitnis og Kaupþings erlendis. - gar

**VESTFIRÐIR**

### GSM-samband aukið

GSM-sendir verður tengdur í næstu viku í Mikladal, milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar. Sendirinn kemur til með að tryggja samband á Kili, Hálfdáni og víðar og er öllum símfyrirtækjum opinn. Sendirinn er settur upp af Vodafone fyrir Fjarskiptasjóð.

**ÍSRAEL**

### Gazaskip stöðvað

Ísraelsk lögregla stöðvaði för mótmælaskips, sem sigla átti frá Tel Avív til Gazastrandar til að rjúfa einangrun íbúa þar. Um borð voru ísraelskir mótmælendur, sem ætluðu að flytja íbúum Gaza brýnar nauðsynjavörur.

# Sextíu prósent fækkun utanferða eftir hrunið

**Utanlandsferðum Íslendinga fækkaði um 60 prósent í nóvember miðað við nóvember í fyrra. Erlendum ferðamönnum fjölgaði á sama tíma um 2,6 prósent. Upplýsingafulltrúi Icelandair segir alla áherslu lagða á markaðssetningu ytra.**

**FERÐAMÁL** Ferðum Íslendinga til útlanda fækkaði um 60 prósent í nýliðnum nóvembermánuði miðað við nóvember í fyrra.

Í nóvember síðastliðnum fóru 16.300 Íslendingar til útlanda en tæp 42 þúsund í sama mánuði í fyrra. Tæplega 23.700 erlendir gestir fóru hins vegar frá Íslandi um Leifsstöð í nýliðnum nóvembermánuði sem er 2,6 prósenta aukning frá nóvember 2007 þegar 23.100 erlendir gestir fóru frá landinu.

„Það blasir auðvitað við að það hefur orðið mjög mikill samdráttur í utanferðum Íslendinga. En það vill svo til að tveir þriðju af okkar farþegum eru útlendingar og undanfarnar vikur höfum við fært allar okkar markaðs- og söluáherslur til útlanda. Við erum að fá töluvert mikla aukningu bæði til landsins og eins yfir hafið miðað við það sem var í fyrra,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair.

Guðjón bendir á að Icelandair hafi á liðnu sumri skorið ferðaáætlun sína niður um fimmtung frá í fyrra. Erfitt sé núna í jólaösinni að átta sig á útlitinu til nánustu framtíðar og hvort Íslendingar séu aftur að auka utanferðir sínar. „Langflestir eru enn þá í einhvers konar biðstöðu,“ segir hann.

Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri segir mesta aukningu meðal gesta frá Mið-Evrópu, einkum Frakklandi, Þýskalandi og Hollandi. Þá fjölgar ferðamönnum frá Norðurlöndunum um tvö prósent.

„Ferðamönnum frá Bretlandi fækkar hins vegar um 7,3 prósent og svo er talsverð fækkun ferðamanna frá Norður-Ameríku eða um 18 prósent,“ segir Ólöf.

Að sögn Ólafar skýrir neikvæð umræða um Ísland ekki breytingar á komum ferðamanna. Ólöf segir ekki óeðlilegt að leita skýringa í auknum verslunarferðum Norðurlandabúa en bendir á að fjölgunin sé samt mest meðal Mið-Evrópubúa. „Íslensk ferðaþjónusta er í ákveðinni varnarbaráttu, eins og reyndar ferðaþjónusta um allan heim. Þrátt fyrir það ástand sem verið hefur á Íslandi og þrátt fyrir þessa hnattrænu erfiðleika höldum við sjó,“ segir Ólöf Ýrr Atladóttir.

olav@frettabladid.is



**Í LEIFSSTÖÐ** Íslendingar hafa dregið gríðarlega úr ferðum til útlanda. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR



**ELLIÐVATN** Hlutfall bleikju í afla hefur hrunið.

Áhrif hækkandi vatnshita:

# Bleikju fækkar í Elliðavatni

**UMHVERFISMÁL Bleikjustofninn í Elliðavatni hefur snarminnkað á undanförnum 20 til 25 árum að því er kemur fram í samantekt Náttúrufræðistofu Kópavogs og Veiðimálastofnunar. „Á áttunda áratugnum og framan af þeim níunda var hlutdeild bleikju í silungsafla 55-85 prósent en á síðastliðnum fimm árum eða svo hefur hlutdeildin ekki verið nema 5-15 prósent.**

**Urriðastofninn hefur staðið í stað,“ segir á vef Náttúrufræðistofu Kópavogs. Þar segir að Elliðavatn hafi hitnað umtalsvert samfara hlýnandi veðurfari. „Neikvæð áhrif óhagstæðs vatnshita á bleikju geta meðal annars falist í vaxtarrýrnun, lélegri þroskun hrogna, minni sjúkdómsvörnum og auknum líkum á dauðsföllum.“** - gar

**SLYS**

### Kona og barn á gjörgæslu

Kona og ungabarn sem slösuðust í árekstri á Vesturlandsvegi á föstudagskvöld liggja enn á gjörgæsludeild Landspítalans. Að sögn læknis er ástand þeirra gott eftir atviku.




Fullt var út úr dyrum í Guðríðarkirkju við Kirkjustétt í Grafarholti í gær:

# Biskup vígði fyrstu íslensku kirkjuna sem ber nafn konu

**ÞJÓÐKIRKJAN** Vígsla Guðríðarkirkju við Kirkjustétt í Grafarholti fór fram við hátíðlega athöfn í gær, annan sunnudag í aðventu.

Biskup Íslands vígði kirkjuna og voru frumfluttir tveir vígslusálmar sem kirkjunni hafa borist að gjöf. Annar sálminn orti Sigurjón Ari Sigurjónsson og Jón Ásgeirsson tónskáld samdi lagið, hinn sálminn samdi sóknarpresturinn séra Sigríður Guðmarsdóttir. Sigríður er fyrsti prestur sóknarinnar. Hún segir öflugt starf innan safnaðarins og því kærkomið að fá hús undir starfið. Sigríður er að vonum ánægð með daginn.

„Þetta heppnaðist óskaplega vel, troðfull kirkja og allir glaðir. Kirkjan skartaði sínu fegursta og það sýndi sig að hljómburðurinn í kirkjunni er stórkostlegur. Fyrsta prestsverkið strax eftir vígsluna var síðan að skíra lítinn dreng Kristján Karl.“

Auk kirkjukórs og barnakórs sóknarinnar komu fram við athöfnina Hljómskálakvintettinn, Agnes Amalía Kristjánsdóttir sópransöngkona og Kristjana Helgadóttir þverflautuleikari.

Guðríðarkirkja er fyrsta kirkjan innan þjóðkirkjunnar sem bernafn konu en hún er kennd við Guðríði Þorbjarnardóttur, landkönnuð, pílagrím og einsetukonu á 11. öld. Nánar má lesa um Guðríði á vef Grafarholtssóknar. - rat



**GUÐRÍÐARKIRKJA VÍGÐ** Séra Sigríður Guðmarsdóttir segir öflugt kirkjulíf í Grafarholti og kærkomið að fá hús undir starfið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

,,Ég nýt þess að búa til hollan og góðan mat. Ég hreyfi mig reglulega og nota Slendertone til að fá stinnari líkama. Ég nota beltið á morgnana á meðan ég tek mig til fyrir daginn, þegar ég fer út að ganga, þegar ég elda matinn eða bara þegar mér hentar".

*Sigríður Arnardóttir, Sirrý*
*fjölmiðlakona og ráðgjafi í almannatengslum*

Sirry.is

,,Mér finnst gott að geta samræmt æfingar og daglegt líf. Vinnudagurinn byrjar snemma og ég þarf að vera vel upplagður þannig að ég legg áherslu á holt og gott mataræði, reglulega hreyfingu og styrkingu líkamans með Slendertone".

*Heimir Karlsson*
*dagskrárgerðarmaður á Bylgjunni í bítið*

**SLENDERTONE™**
System belti
fyrir kviðvöðva
dömu / herra
**kr. 29.900,-**






Eitt stjórntæki með hleðslurafhlöðum, sem þú getur notað við allar tegundir Slendertone System

**DÖMUPAKKI 1**
Belti + armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 36.900.-

**DÖMUPAKKI 2**
Belti + buxur
þjálfar rass og læri og kviðvöðva
kr. 39.900.-

**DÖMUPAKKI 3**
Belti + buxur + armar
þjálfar kviðvöðva, rass og læri og upphandleggsvöðva
kr. 46.900.-

**HERRAPAKKI 1**
Belti + armar
þjálfar kviðvöðva og upphandleggsvöðva
kr. 36.900.-

**SLENDERTONE System**

20 mínútur með Slendertone jafngildir 120 uppsetum

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

KORTER.IS - Ljósmynd Jón Páll Vilhelmsson




Rannsóknir í Húnaflóa:

# Tilraunaveiðar á beitukóngi

**SJÁVARÚTVEGUR** Rannsóknir eru hafnar á beitukóngi í Húnaflóa. Markmiðið er að gera frumathugun á því hvort beitukóngur finnist í veiðanlegu magni í flóanum að því er segir á vefsetri Skagastrandar. Trossur með gildrum eru lagðar á svæðum þar sem líkur eru á að beitukóngur haldi sig. Veiðarnar eru sagðar hafa gengið ágætlega en rannsókninni er ekki lokið. Hún er gerð af Biopol-sjávarlíftæknisetri í samstarfi við Vör-Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð, Sægarp ehf. á Grundarfirði og Vík ehf. á Skagaströnd.

- gar



**SKAGASTRÖND** Fyrstu beitukóngstrossurnar voru lagðar sunnan við Skagaströnd.



**FUGLAFLENSA** Alvarlegra afbrigðið af fuglaflensu hefur næst komist Íslandi þegar það kom upp í Þýskalandi í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

# Á verði vegna fuglaflensu á búi í Noregi

**Fuglaflensa hefur verið staðfest í alifuglum á búi í Noregi. Sóttvarnadýralæknir hjá Matvælastofnun segir þetta vægt afbrigði og viðbúnaðarstig verði því ekki hækkað hér en menn séu alltaf á verði.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við fylgjumst auðvitað vel með öllu í þessum efnum, því ekki má gleyma því að fuglaflensan geysar annars staðar í heiminum og er stöðug ógn á vissan hátt. Við verðum að vera á verði.“

Þetta segir Auður Arnþórsdóttir, sóttvarnadýralæknir hjá Matvælastofnun. Fuglaflensa var í gær staðfest á fuglabúi í Trøgstad í Noregi. Um það bil fimmtíu gæsum, öndum og hænsnum á búinu á að lóga eins fljótt og unnt er, að því er haft var eftir Kirsti Ullsfoss, yfirmanni matvælaeftirlitsins í viðkomandi héraði. Talið er fullvíst að fuglarnir á búinu hafi smitast af villtum fuglum. Þetta er í fyrsta skipti sem fuglaflensa greinist í alifuglum í Noregi. Það afbrigði af flensunni sem greindist á búinu mun vera í vægari flokki, sem þýðir að hún er lítið smitandi og veldur oft litlum sem engum einkennum. Flensan hefur því að líkindum fundist við skimun á norska búinu.

„Ástæðan fyrir því að fuglar eru aflífaðir þegar svona kemur upp er sú að það er alltaf hætta á að þetta væga afbrigði breyti sér yfir í alvarlegra afbrigði,“ segir Auður. „Þessar aðgerðir eru því í varúðarskyni.“

Hún bendir á að alvarlegra afbrigði fuglaflensunnar hafi næst komist Íslandi þegar það kom upp í Þýskalandi í sumar. Tíðindin frá Noregi nú hringi ekki sérstökum viðvörunarbjöllum, þar sem farfuglar séu ekki á ferðinni núna.

> Við höfum verið í örlítið meiri viðbragðsstöðu hefði þetta gerst seinni hluta vetrar eða að vori til.
>
> **AUÐUR ARNÞÓRSDÓTTIR**
> SÓTTVARNADÝRALÆKNIR

„Við hefðum verið í örlítið meiri viðbragðsstöðu hefði þetta gerst seinni hluta vetrar eða að vori til,“ bætir Auður við. „En samt sem áður fer ekki mikið af fuglum milli Noregs og Íslands. Farfuglarnir okkar halda sig í Bretlandi á veturna.

Ef það hefði verið alvarlegt afbrigði af fuglaflensu sem greindist í Noregi myndi koma til álita að hækka viðbúnaðarstigið hér eins og gert var á sínum tíma.“

Hún segir reglulega sýnatöku fara fram í villtum fuglum hér. Í haust hafi greinst inflúensuveira af A-stofni í tveimur fuglum hér á landi. Um hafi verið að ræða hettumáv og rauðhöfðaönd. Sýnin hafi verið send í nánari greiningu og hafi þau reynst neikvæð fyrir H5N1 og H7N1.

„Inflúensuveirum er skipt í nokkra flokka,“ útskýrir Auður. „Inflúensuveira A er yfirflokkur, en undirflokkarnir eru meðal annars H5N1 og H7N1, sem greindust sem betur fer ekki í þessum tveimur fuglum hér.“

jss@frettabladid.is




Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM

**FRÉTTASKÝRING:** Rafbílar

# Lífsstílsbílar á öld loftslagsbreytinga

**Raðframleiðsla er nú hafin í Noregi á TH!NK City-rafbílnum. Auðunn Arnórsson reynsluók heiðbláu eintaki af þessum bjartsýna lífsstílsbíl 21. aldar.**

Framleiðsla á TH!NK City hófst formlega í nóvember í fyrra, en markmið rafbíla-frumkvöðlafyrirtækisins Think Global AS um að framleiða allt að 7.000 bíla á ári hefur ekki náðst; dagsframleiðslan þyrfti þá að vera um 28 bílar, en hún hefur enn sem komið er varla náð tíu bílum á dag. En það er ekki vegna skorts á eftirspurn, það eru þúsundir kaupenda á biðlista. Margvíslegar ástæður, svo sem tafir á að rétt gerðir íhlutir skiluðu sér til verksmiðjunnar og fleiri tæknileg vandkvæði, hafa orðið til þess að erfitt hefur reynzt að standa við áætlanir.

### Áætlanir ekki staðizt

Það er reyndar ekkert nýtt að Think reynist erfitt að standa við áætlanir. Think rekur rætur sínar til framtaks norska verkfræðingsins Lars Ringdal, sem rak rafgeymaverksmiðju í Aurskog, smábæ 60 km norður af Ósló, og smíðaði nokkra rafbíla í olíukreppunni árið 1973. Næstu áratugina varð ekkert af raðframleiðslu þótt metnaður stæði til þess. Þau áform gengu í endurnýjun lífdaga upp úr 1990 og lítill floti Think-rafbíla var settur á hjólin fyrir tilstyrk ýmissa fjárfesta til notkunar í kringum vetrarólympíuleikana í Lillehammer árið 1994. Unnið var næstu árin að því að þróa raðframleiðsluhæfan rafbíl, en árið 1998 sögðu lánardrottnarnir stopp. Fjörutíu starfsmenn fyrirtækisins, undir forystu Jans Ottos Ringdal, sonar frumherjans Lars, keyptu þrotabúið.

Bílarisinn Ford fékk síðan áhuga á þessu norska rafbílafrumherjafyrirtæki og keypti það árið 1999, þar sem Ford þurfti að geta boðið upp á útblástursfría bíla í Kaliforníu. Þegar þessar Kaliforníureglur voru numdar úr gildi missti Ford áhugann og 2003 var fyrirtækið selt til dularfulls fjárfestis sem skráður var í Sviss. Það varð síðan gjaldþrota árið 2006. Þá komu nýir norskir fjárfestar að félaginu og nokkrir alþjóðlegir hafa bætzt við síðan, þar á meðal bandaríski risinn General Electric. Síðan þá hefur verið unnið að nýjustu kynslóð TH!NK City-borgarbílsins, sem raðframleiðsla er nú hafin á í nýtízkulegri verksmiðju sem meðal annars hefur notið ráðgjafar Porsche við skipulagningu framleiðsluferlisins. Ferlið byggir á því að allir íhlutir séu fengnir frá öðrum framleiðendum; aðeins samsetning fer fram í verksmiðjunni sjálfri.


FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**FRAMLEIÐSLULÍNAN** TH!NK City-bílar að fæðast í verksmiðjunni í Aurskog norður af Ósló.

### Uppfyllir öryggisstaðla

Blaðamanni gafst færi á að aka nærbuxnabláu eintaki af þessum umhverfisvæna lífsstíls-borgarbíl frá höfninni í Ósló í verksmiðjuna í Aurskog og til baka til Óslóar, alls um 120 km leið. Hönnun bílsins er frískleg og nútímaleg. En fyrir utan það að vera knúinn rafmagni er það óhefðbundnasta við hann að yfirbyggingin er úr gegnlituðu plasti. Það er vísvitandi haft yrjótt á yfirborðinu svo að það sjáist ekki á því þótt það verði fyrir einhverjum höggum eða nuddi eins og óhjákvæmilega gerist í þrengslum borgarumferðar. Það sem sker TH!NK City einnig frá rafmagnssmábílum á borð við hinn indverska Reva er að hann uppfyllir alla árekstrar- og öryggisstaðla bíla í sínum stærðarflokki á kröfuhörðustu mörkuðunum í Evrópu og Norður-Ameríku.

Burðarrammi TH!NK City er úr áli, en þetta val á smíðaefnum, ál og plast, er til að gera bílinn sem léttastan en jafnframt tryggja að hann uppfylli öryggisstaðla. Það er ennfremur hluti af grundvallarhugmynd aðstandenda bílsins að hann sé sem umhverfisvænstur, og þá ekki bara að hann sé loftmengunarlaus heldur sé bíllinn sjálfur að sem allra mestu leyti endurvinnanlegur. Að sögn Liv Nordby, fulltrúa í söludeild Think Global, er yfir 90 prósent af TH!NK City endurvinnanlegt.

### Hvimleiður hátíðnihvinur

Í ökuferðunum milli Óslóar og Aurskog, sem lágu að stórum hluta um fjögurra akreina þjóðveg, reyndust aksturseiginleikar TH!NK City hinir þægilegustu, að öðru leyti en því að á þjóðveginum glumdi hátíðnihljóð frá rafdrifinu inni í bílnum sem verkaði þreytandi til lengdar. Sölufulltrúinn Liv sagði þetta helgast af því að þetta væri forframleiðslueintak; hljóðeinangrun drifbúnaðarins væri betri í bílunum eins og þeir væru seldir.

Þar sem stiglaus sjálfskipting skilar afli rafmótorsins til hjólanna er það eina sem ökumaður gerir að ýta á aflgjöfina og stýra. Það fáa sem hægt er að stilla er val um sparnaðarstillingu, sem takmarkar það afl sem fer út af rafgeyminum þegar gefið er í, en með því er hægt að lengja í hámarksdrægi bílsins á hverri hleðslu. Hún er mest 180 kílómetrar, en fer eftir vali á gerð rafgeymis. Um þrjár gerðir er að velja, en sama hver valin er þá kaupir kaupandi bílsins rafhlöðuna ekki heldur leigir hana og getur því skipt henni út fyrir nýja ef sú eldri skyldi klikka eða til að njóta góðs af þeim hröðu framförum sem nú eiga sér stað í þróun rafgeyma fyrir rafbíla.

TH!NK City er tveggja sæta, en hægt er að panta tvö barnasæti aftur í sem aukabúnað.


**NÚTÍMALEGUR** TH!NK City er fyrsti bíllinn sem er hannaður frá grunni sem rafbíll og uppfyllir ströngustu öryggisstaðla. Hann kostar 200.000 kr. norskar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

### Metnaður til framtíðar

Í samanburði við Mitsubishi i-MiEV er TH!NK City óneitanlega stællegri bíll, en jafnframt sérvizkulegri. Norski frumkvöðlabíllinn skilur líka þá tilfinningu eftir hjá manni að hann sé ekki eins fullþróaður og japanski keppinauturinn væntanlegi, en það þarf ekki að undra þegar haft er í huga að Think er afurðin af vinnu nokkurra tuga eldhuga í afskekktri fyrrverandi rafgeymaverksmiðju í norskri sveit, en Mitsubishiinn afurð japansks iðnrisa, byggður á bíl sem hefur verið í fjöldaframleiðslu árum saman.

Think Global hefur hins vegar metnað til meiri umsvifa. Fyrirtækið hefur nú þegar kynnt tilraunaútgáfu af stærri rafbíl, TH!NK Ox, sem veitti fimm manns og farangri sæti, kæmist í 135 km hraða og hefði 200 km drægi.

### Dýr en ódýr í rekstri

TH!NK City kostar í Noregi 200.000 krónur norskar, sem samkvæmt gildandi gengi væri á bilinu þrjár til fjórar milljónir íslenskra. Sem er augljóslega of hátt verð til að vera samkeppnishæft við hefðbundna bíla í sama stærðarflokki.

En íslenzk stjórnvöld hafa þegar markað þá stefnu að reglum um skattheimtu af bílum og eldsneyti skuli breytt þannig að hún ráðist af koltvísýringslosun. Slíkar reglur myndu bæta samkeppnisstöðu útblásturslausra bíla á borð við TH!NK City. Rekstrarkostnaður rafbíla er líka aðeins brot af rekstrarkostnaði bensín- eða dísilbíls, sem verður að taka tillit til þegar verð hefðbundins bíls og rafbíls er borið saman.


FRÉTTAVIÐTAL
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is




# Metnaðarfullur Mitsubishi til Íslands

Fyrsti fjöldaframleiddi hreinræktaði rafbíllinn sem kemur á götuna á Íslandi er borgar-smábíllinn i-MiEV frá Mitsubishi. Forframleiðslueintök af honum voru til sýnis í Reykjavík í haust í tengslum við ráðstefnu um vistvænar samgöngur og gafst blaðamanni þá færi á að taka í gripinn í hversdagsumferð höfuðborgarinnar.

Á ráðstefnunni var undirritaður samningur um samstarf íslenskra stjórnvalda og Mitsubishi um prófanir á bílnum og uppbyggingu þjónustunets fyrir slíka rafbíla. Tvímælalaust áhugaverðasti þátturinn í því fyrirhugaða neti eru hraðhleðslustöðvar, en á þeim á að vera hægt að hlaða rafgeymi bíls eins og i-MiEV í 80 prósent hleðslu á hálftíma. Venjuleg næturhleðsla úr innstungunni heima tekur hins vegar sjö til átta tíma.

Net slíkra hraðhleðslustöðva í borginni og við hringveginn gæti bæði margfaldað drægi bílsins og dregið úr þeim fyrirvörum sem notendur hefðbundinna bíla kunna að hafa gegn rafbílum, þar sem gott er að vita af þeim möguleika að geta sótt sér 80 prósenta hleðslu á hálftíma ef maður skyldi til dæmis gleyma að stinga bílnum í samband yfir nótt.

Samningurinn við Mitsubishi tryggir að um leið og fjöldaframleiðsla hefst á i-MiEV-bílnum á næsta ári þá fái Íslendingar heilan tilraunaflota af honum til að prófa við íslenskar raunaðstæður.

En hvernig er að keyra hann? Í stuttu máli er þetta gríðarlega praktískur smábíll, sem býður upp á ótrúlega mikið rými miðað við hve smár hann er að utanmáli. Hann líður svo til hljóðlaust áfram, það er eiginlega bara dynurinn frá dekkjunum og smá vindhljóð sem heyrist þegar bíllinn er á ferð. Og hann er sprækari en tölurnar gefa til kynna (47 kW/64 hö).

Þar sem rafmótor er þeim eiginleika gæddur að skila fullu snúningsátaki (togi) strax og straumi er hleypt á hann, þá skilar hann þessum létta og lipra bíl duglega áfram, að minnsta kosti þannig að í borgarumferðinni saknar maður ekki meira afls. Og þar sem maður veit að þetta afl sem skilar manni áfram (á allt að 130 km hraða) er fengið úr vatns- og gufuorku Íslands, veldur engri loftmengun og kostar aðeins brot af því innflutta og mengandi eldsneyti sem bensín- og dísiljálkarnir brenna allt í kringum mann, þá er samviskan líka hrein.



# Nú á tímum er nauðsynlegt að sofa vel

## fjárfestu í heilsunni

### Við bjóðum **6 mánaða** vaxtalausar greiðslur

**JÓLATILBOÐ**



**Stór pakki**
**fylgir heilsurúmum frá Svefn og heilsu**
Lök, silkidamask sængurverasett og hlífðardýnur
Verðmæti allt að kr. 55.200

## S-CAPE
WALLHUGGER



### Sá nýjasti og besti frá Leggett

**S-CAPE WALLHUGGER dregst að veggnum eins og nafnið bendir til. Þannig helst þú við hlið náttborðsins.**

- Upplýst þráðlaus fjarstýring.
- Uppáhalds stilliminni á fjarstýringu.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Afar hljóðlátir og sterkir þýskir lyftumótorar.
- 2 öflugir nuddmótororar með tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- 12 ára ábyrgð á mótor og grind.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 624.900.
Nú á jólatilboði kr. **499.920** stgr.

## PROFLEX



### Mest selda stillanlega rúmið frá S&H.

**Frábær reynsla á Íslandi frá árinu 1999.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stífara mjóbakssvæði.
- 5 ára ábyrgð.

Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Dæmi: 2x 80x200 cm verð áður kr. 389.900.
Nú á jólatilboði kr. **331.415** stgr.



### Ein besta heilsudýna í heimi

## IQ-CARE



**Queen rúm kr. 189.900,-**
**King rúm kr. 269.900,-**

### Amerísku heilsudýnurnar frá

## Chiropractic®

**Queen rúm kr. 209.000,-**
**King rúm kr. 269.000,-**




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is



## HEILSU- OG UPPELDISSKÓLI

***ÍAK Einkaþjálfaranám***

ÍAK einkaþjálfaranámið er 9 mánaða fjarnám sem miðar að því að skapa framúrskarandi einkaþjálfara með yfirgripsmikla þekkingu á heilbrigði einstaklingsins. Námið er bæði bóklegt og verklegt en verklegi hlutinn er kenndur á vinnuhelgum. ÍAK einkaþjálfaranámið er sniðið til að mæta þörfum ýmissa hópa og hentar fólki sem vill starfa sem einkaþjálfarar, einkaþjálfurum sem vilja bæta við þekkingu sína, almenningi sem vill auka þekkingu á sviði þjálfunar og næringar og íþróttafræðingum sem vilja bæta við menntun sína á sviði þjálfunar, meiðslaforvarna og uppbyggingar eftir meiðsl.

***Sjúkraflutningar***

Starfsnám sjúkraflutningamanna veitir nemendum góðan og hagnýtan undirbúning að alhliða starfi á því sviði. Námið er verklegt og bóklegt.

## SAMGÖNGU- OG ÖRYGGISSKÓLI

***Einkaflugmannsnám***

Bóklegi hluti námsins er fjarnám ætlað þeim sem vilja öðlast einkaflugmannsskírteini, þar á meðal verðandi atvinnuflugmönnum. Einkaflugmannsnám hjá Keili er metið til allt að 20 framhaldsskólaeininga.

***Flugumferðarstjórn***

Góður og hagnýtur undirbúningur að alhliða starfi flugumferðarstjóra.

***Atvinnuflugmannsnám með blindflugsréttindum***

Námið er ætlað þeim sem vilja öðlast atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun. Námið er metið til framhaldsskólaeininga.

***Flugrekstur***

Diplomanám á háskólastigi, ætlað þeim sem vilja starfa við rekstur flugfélaga og flugtengdrar starfsemi.

***Öryggisvörður***

Góður og hagnýtur undirbúningur að alhliða starfi öryggisvarða.

## SKÓLI SKAPANDI GREINA

***Frumkvöðlanám***

Eins árs diplomanám á háskólastigi sem gefur nemendum tækifæri til að þróa hugmynd sína til fullbúinnar viðskiptaáætlunar undir handleiðslu helstu sérfræðinga landsins í þessum efnum. Námið er skipulagt í samstarfi við verkfræðideild Háskóla Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Áhersla er lögð á hagnýtt nám með skýru markmiði, þ.e. að í lok þess standi nemendur uppi með fullþróaða viðskiptahugmynd og viðskiptaáætlun sem tilbúin er til fjármögnunar.

***Viðskiptalist***

Tveggja ára diplomanám á háskólastigi fyrir þá sem vilja takast á nýstárlegan og skapandi hátt við viðskipti svo og þá sem vilja starfa að skapandi greinum (creative industries). Viðskiptanám með aðferðum listaskólans.

## ORKU- OG TÆKNISKÓLI

***Tæknifræði***

Orku- og tækniskóli Keilis býður þrjár námsleiðir: orkutæknifræði, framleiðslutæknifræði og mekkatróník tæknifræði fyrir áhugasama og skapandi einstaklinga. Um er að ræða krefjandi nám sem veitir framúrskarandi þekkingu og færni í tæknifræði.

Í orkutæknifræði er lögð áhersla á vistvæna orku eins og jarðvarma-, vind-, sjávar- og efnaorku. Framleiðslutæknifræði er með áherslu á orkufrek framleiðsluferli (t.d. álframleiðslu). Mekkatróník tæknifræði fjallar um hönnun, ástandsmælingar og rafeindastýringar á vélrænum kerfum.

Námið skiptist í 180 ECTS einingar til BSc. gráðu og viðbótareiningar til að geta sótt um lögverndaða starfsheitið tæknifræðingur.



# Ný tækifæri

Í lok janúar stefnir Keilir að því að bjóða upp á nýjar og spennandi námsleiðir. Nám í **tæknifræði** til BS gráðu sem leggur sérstaka áherslu á íslenska atvinnuvegi, diplomanám í **viðskiptalist** sem leiðir saman viðskipta- og listgreinar og fjölbreytt **flugtengt** nám. Kynntu þér þessa og fleiri námsmöguleika hjá Keili á www.keilir.net. Umsóknarfrestur er til **20. janúar 2009**.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## HÁSKÓLABRÚ

Háskólabrú er samstarfsverkefni Keilis og Háskóla Íslands og býður deildin upp á aðfararnám á vegum HÍ fyrir einstaklinga sem ekki hafa lokið stúdentsprófi. Að loknu námi uppfylla nemendur almenn inntökuskilyrði innlendra háskóla og telst námið sambærilegt stúdentsprófi samkvæmt samningi Keilis, HÍ og menntamálaráðuneytisins.

Háskólabrú veitir nú þegar útskrifuðum nemendum rétt á að sækja um nám í hugvísindadeild, félagsvísindadeild, verkfræðideild, raunvísindadeild, viðskipta- og hagfræðideild og lagadeild HÍ. Sömuleiðis nám í Háskólanum í Reykjavík, Háskólanum á Akureyri, Listaháskóla Íslands, Háskólanum á Hólum og Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

Hægt er að stunda námið á Keilissvæðinu í staðnámi eða í fjarnámi.

## HÚSNÆÐI FYRIR NÁMSMENN

***Nemendur Keilis hafa forgang að glæsilegum nemendaíbúðum á starfssvæði Keilis á mjög hagstæðu verði. Í boði eru allt frá stúdíóíbúðum upp í 6 herbergja íbúðir.***

Keilissvæðið er fjölskylduvænt hverfi í Reykjanesbæ þar sem í dag eru starfandi tveir leikskólar og grunnskóli. Á svæðinu er einnig íþróttahús, félagsmiðstöð unglinga, veitingastaður, verslun og bensínstöð.

Ókeypis express strætó er fyrir nemendur og íbúa Keilis milli svæðisins og Reykjavíkur.

**Keilir**
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

KEFLAVÍKURFLUGVELLI - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tímabili einangrunar og aðgerðaleysis verður að ljúka.

# Samráð í stað einangrunar

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Viðvörunarbjöllurnar gullu með vaxandi þunga í aðdraganda bankahrunsins í haust. Þar voru hagfræðingar á ferð, bæði innlendir og erlendir, og einnig stjórnmálamenn og ýmsir aðrir sem gerðu sér grein fyrir því að íslenska fjármálaundrið væri ekki undur heldur nær því að vera tálsýn.

Skýrslur voru gerðar, greinar skrifaðar og erindi flutt. Ráðamenn í landinu héldu þó fyrir eyrun og aðhöfðust ekkert. Viðbrögðin við röddum hinna vantrúuðu voru á þann veg að allt væri hér í besta lagi og fátt benti til annars en að svo yrði áfram.

Yfirlýsing formanns bankastjórnar Seðlabankans á fundi viðskiptanefndar Alþingis þess efnis að hann hafi varað við því að bankarnir hryndu á fundi með ráðherrum ríkisstjórnarinnar í júní er ömurleg.

Í fyrsta lagi virðist honum ekki hafa komið til hugar að bregðast á einhvern hátt við þessari vitneskju sinni með aðgerðum sem voru á valdi hans eigin stofnunar. Þvert á móti skrifaði hann undir heilbrigðisvottorð fyrir íslenska bankakerfið í formi skýrslu frá Seðlabanka í maí sem leið.

Í öðru lagi segjast ráðherrar í ríkisstjórn Íslands ekki hafa heyrt svo afdráttarlausa viðvörun úr munni seðlabankastjórans í sumar. Ljóst er því að hafi einhver þeirra hlýtt á orð bankastjórans hefur þeim hinum sama hreint ekki dottið í hug að nýta þau í verki.

Óskiljanlegt er einnig að ráðherra bankamála og formaður stjórnar Seðlabankans áttu ekki einn einasta fund í heilt ár frá miðju sumri 2007 til miðs sumars 2008. Þar er mikil einangrunarstefna á ferð þegar öllum hefði mátt ljóst vera að fyllsta ástæða væri fyrir alla þá sem að stjórn efnahagsmála í landinu komu að hafa samvinnu og samráð í markvissum farvegi.

Fram hefur komið að bankastjórn Seðlabankans hefur tekið afdrifaríkar ákvarðanir án þess einu sinni að upplýsa hagfræðinga bankans um þær, hvað þá heldur sækja til þeirra ráð.

Skortur á samráði og viljaleysi til að nýta þekkingu fagmanna einkennir allan aðdraganda bankahrunsins. Það sama hefur því miður verið uppi á teningnum eftir hrunið og að því er virðist komið í veg fyrir samhentar og markvissar aðgerðir í kjölfar hruns bankanna.

Það er skýlaus krafa að þetta óheillaferli verði rofið og efnt til víðtæks samráðs stjórnmálamanna, fræðimanna, samtaka vinnumarkaðarins og embættismanna um að vinna úr þeirri stöðu sem upp er komin með það að markmiði að draga úr þeim skaða sem íslenskur almenningur verður fyrir af völdum fjármálakreppunnar.

Krafan er einnig að þetta samráð verði haft fyrir opnum tjöldum þannig að þjóðin geti fylgst með því sem fram fer og verið virk í umræðunni um framtíð sína.

Tími einangrunar og aðgerðarleysis bak við luktar dyr er liðinn og tími gegnsæs samráðs og aðgerða runninn upp.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Víruð ályktun

Fjölmiðlum hefur borist ályktun þar sem áhyggjum er lýst af því að kauptilboð hafi borist í Kaupþing í Lúxemborg. Þar þurfi nauðsynlega að velta við öllum steinum áður en bankinn er seldur, enda leynist þar eflaust urmull upplýsinga. Þetta er vitaskuld hárrétt og ekkert við ályktunina að athuga efnislega. Það sem er forvitnilegt er hins vegar hvaðan hún kemur. Hér eru nefnilega ekki á ferð fyrrum eða núverandi fjármagnseigendur, lífeyrissjóðir eða samtök íslenskra fjandvina Mohammeds Gaddafi Líbýuforseta, sem heyrst hefur að hafi putta í tilboðinu. Nei, ályktunin kemur frá Félagi íslenskra rafvirkja. Það er í öllu falli gott að vita að rafvirkjar Íslands berjist ekki svo í bökkum að það knýi á um sérstaka ályktun.



### Hvalræði á norðurslóð

Aðilar úr hinum og þessum þjóðfélagsstéttum takast á um kosti og galla hvalveiða sem aldrei fyrr. Telja sumir að með innflutningsleyfi Japana á hvalkjöti séu helstu rökin gegn veiðunum fyrir bí, meðan aðrir álíta veiðarnar ógna pólitískum hagsmunum þjóðarinnar. Er hlaupinn töluverður hiti í fólk vegna þessa og fullyrða kunnugir að beggja vegna borðsins finnist einstaklingar sem orðnir eru langreiðir út af þessu öllu saman.



### Hin eina sanna grísalappa

Að skoða athugasemdir sem ritaðar eru við færslur fjölmiðlamannsins Egils Helgasonar á vinsælli bloggsíðu hans, eyjan.is/silfuregils, er tiltölulega ódýr og góð skemmtun. Á laugardag lét einn ötulasti aðdáandi Egils svo um mælt í athugasemd: „Það er einhver annar farinn að nota nafnið mitt, viltu gjöra svo vel að nota þá eftirnafnið þitt. Ég er hin eina sanna Lísa og er alveg sammála því að það er siðlaust að Tryggvi Jónsson skuli vinna í Landsbankanum. Björgvin bankaráðherra á núna að reka hann."

Hvernig ætli hinn eini sanni Egill bregðist við slíkum trakteringum?

**stigur@frettabladid.is**
**kartan@frettabladid.is**

# Nýja manngildið



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

**Í DAG** | Peningar og gróðinn af þeim

Ekki dettur mér í hug að halda því fram að við séum öll samsek í hruninu en hitt er annað mál að samfélag okkar var sjúkt. Verðmætamatið var brenglað. Sameiginleg auðlind landsmanna sem nýtt hafði verið gegnum aldirnar af þjóðinni var afhent nokkrum fjölskyldum sem síðan tóku að rukka þá sem sjóinn vildu sækja fyrir aðgang. Þá var fjandinn laus.

Og fjandinn voru peningarnir. Allt í einu kom fram fólk með fullar hendur fjár sem það hafði ekki beinlínis unnið sér inn – peningarnir „bara komu" – og það vissi ekki sitt rjúkandi ráð. Slíkt gerist þegar skorið er á tengsl milli vinnuframlags einstaklingsins og tekna hans. Vissulega höfum við dæmi slíks áður í Íslandssögunni og alltaf hefur það endað með sama hætti: í ógæfu og ólæði.

Manngildi á Íslandi hefur ekki ráðist af auðsæld hér á landi heldur dugnaði – til lands en einkum til sjávar. Hafið var þarna úti fyrir, gjöfult og hættulegt, og sá sem þar kunni að hegða sér, kunni á strauma og fiska, ský og vinda – sá var hafsins hetja og naut virðingar í samfélaginu. Líka sá sem kunni að gera út, deildi kjörum með fólkinu, deildi út réttlátlega arðinum af fiskveiðunum og stóð í öllu stússinu sem útgerðinni fylgdi: sá mátti alveg vera ríkastur í plássinu og jafnvel bruðla dálítið svo lengi sem hann rauf ekki óskráðan sáttmálann um sanngirni.

En svo var klippt á þetta samband sjósóknara, útgerðarmanns og fiskvinnslufólks samkvæmt þeirri grunnhugmynd laissez-faire-stefnunnar að réttlætið sé rangt en ranglætið rétt: ekki megi festa peninga hjá því fólki sem þeirra hefur aflað – það sé kommúnismi – þeim skuli hleypa út, þeir viti alltaf hvert þeir eigi að leita.

Þá þurfti að finna nýtt manngildi.

**Afl þeirra hluta** ...

Með sjálfu sér vissi kvótafólkið að það átti ekki auðævi sín skilið og leitaði örvæntingarfullt að manngildi, tilgangi, stað í heiminum. Það reyndi að finna slíkt í jeppum, stórhýsum og jafnvel listaverkum. Ýmsir brugðust við vanlíðan sinni með því að sýna fyrirlitningu sína á

*Með sjálfu sér vissi kvótafólkið að það átti ekki auðævi sín skilið og leitaði örvæntingarfullt að manngildi, tilgangi, stað í heiminum. Það reyndi að finna slíkt í jeppum, stórhýsum og jafnvel listaverkum.*

auðnum, öðru fólki og einkum sjálfu sér með því til dæmis að kaupa villur, brjóta þær niður og byggja nýjar, eins og í keppni við næsta auðkýfing um að sýna peningum sem mesta óvirðingu. Smám saman urðu peningarnir að niðurrifsafli í samfélaginu, hlaðnir neikvæðri orku – og hvernig mátti annað verða: ríkidæmið fengið ýmist með því að láta raunverulega sjósóknara borga sér fyrir aðgang að óveiddum fiski í sjónum – eða með því að selja Íslendingum mat …

Gamla mantran hans Einars Benediktssonar að peningar séu „afl þeirra hluta er skal gera" var ekki lengur í gildi; peningar urðu afl þeirra hluta er skal EKKI gera, eins og öll ljótu hálfbyggðu stórhýsin vitna t.d. um. Og kannski snerist þetta við: þeir hlutir er skal gera (veiða fisk, rækta grænmeti, skapa verðmæti, skapa, selja) urðu afl þeirra peninga er skal græða. Peningaöflunin varð markmið í sjálfu sér. Peningarnir ölluðust eigið líf. Fram kom stétt fólks sem hafði þann starfa að kreista peninga út úr verðmætum. Finna hluti sem hægt var að búa til peninga úr – finna til dæmis gömul og gróin fyrirtæki sem störfuðu í raunveruleikanum og komu fólki að gagni með einhverjum hætti og fengu í staðinn peninga borgaða; taka slík „gamaldags" fyrirtæki og búta niður til þess að sjúga úr þeim alla peninga sem hægt væri að hafa. Til hvers? Til þess að búa til peninga. Og til hvers að búa til peninga? Til þess að búa til peninga.

Peningar eru svo sem ágætir, en það er bara ekki nóg á þeim að græða. Og verði það að markmiði í sjálfu sér að búa til peninga fylgir þeim bölvun, eins og gömlu kvæðin segja okkur.

Og þó að við séum auðvitað ekki öll samsek í hruninu – fjarri fer því – þá hafði þetta sjúka ástand sem alræði peninganna framkallaði ýmis áhrif á okkur öll. Sjálfur hélt ég að þetta peningabrask væri bara eins og hvert annað fag sem ég hefði ekki vit á – svona eins og sumir eru bifvélavirkjar, sumir kunna spænsku og sumir eru sjómenn – og ég ætti ekkert með að vera að hafa skoðun á því, frekar en járnabindingum. Mér skjátlaðist auðvitað hrapallega.

Hið nýja manngildi peningafurstanna fannst aldrei, það var ekki til. En það skulu hálaunamennirnir vita að við hin dæmum þá eftir því hversu hratt og mikið þeir lækka launin sín. Þar er milljón á mánuði hæfilegt –- sem lækkun.

# Um sjúklingahótel

**UMRÆÐAN**
Ólafur Ólafsson skrifar um heilbrigðismál



ÓLAFUR ÓLAFSSON

Það var ánægjulegt að lesa viðtal við Huldu Gunnlaugsdóttur, forstjóra Landspítalans, í Fréttablaðinu 21. nóvember sl., en þar viðraði hún hugmyndir um sjúklingahótel. Fyrir tæpum tuttugu árum kynnti landlæknisembættið þessa hugmynd. Rök voru færð fyrir því að sjúklingahótel í mjög náum tengslum við sjúkrahús, þ. e. inni á lóðinni, hefði í för með sér betri nýtingu á dýrustu tæknisjúkrahúsum. Til að setja þetta í samhengi gæti maður hugsað sér að „gamli Hjúkrunarskólinn" á lóð Landspítalans gæti hýst svona starfsemi fyrir Landspítalana.

Bandaríkjamenn búa við fæsta legudaga á dýrum tæknisjúkrahúsum, enda hafa þeir nýtt sér þjónustu sjúklingahótels í marga áratugi og hafa Evrópuþjóðir tekið upp þetta fyrirkomulag með sjúklingahótel í vaxandi mæli. Mér kom því á óvart að ýmsir sérfræðingar, jafnvel þeir sem höfðu lokið löngu sérfræðinámi í Bandaríkjunum voru heldur mótfallnir þessari hugmynd!

Eitt dæmi skal tekið. Þegar sjúklingur fer í opna hjartaaðgerð þarf hann að vistast a.m.k. 7-10 daga eftir aðgerð. Ég kom á spítala í Glasgow þar sem þessir sjúklingar vistuðust í 3-4 daga á tæknisjúkrahúsi og ef allt gekk vel voru þeir færðir inn á sjúklingahótel, dvöldust þar í 4-5 daga og jöfnuðu sig eftir aðgerðina. Kostnaðurinn þessa daga á sjúklingahótelinu var þriðjungur af kostnaði við sama dagafjölda á tæknisjúkrahúsi.

Ég vona sannarlega að forstjóra Landspítalans takist að gera þessa hugmynd að veruleika, því ekki má gleyma því að 65-70% af kostnaði heilbrigðisþjónustunnar er vegna sjúkrahússkostnaðar.

*Höfundur er fyrrverandi landlæknir.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**Fróðleiksmoli:**

Á síðasta ári voru heimsendir greiðsluseðlar Íbúðalánasjóðs u.þ.b. 1.000.000.

Með þeim fjölda væri hægt að þekja 63.000 fermetra svæði eða t.d. gólfflöt 547 meðalstórra íbúða.

**Önnur rafræn þjónusta:**

- Greiðslumat
- Lánsumsókn
- Þjónustubeiðnir
- Greiðsluerfiðleikaúrræði

# Rafræn og vistvæn

## Rafrænir seðlar

Frá og með 1. janúar verða allir greiðsluseðlar Íbúðalánasjóðs rafrænir. Rafrænir seðlar birtast í öllum heimabönkum.

Vilji viðskiptavinir fá heimsendan greiðsluseðil þarf að óska eftir því í þjónustuveri eða á vefsíðu Íbúðalánasjóðs.

## Í þágu umhverfisins

Framlag Íbúðalánasjóðs til umhverfisins er að draga úr pappírsnotkun og auka rafræn viðskipti.

Kynntu þér málið:

**www.ils.is**

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900 // 800 6969

*Íbúðalánasjóður hefur fellt niður sinn hluta seðilgjaldsins. Eftir stendur 75 kr. greiðslugjald sem bankar og sparisjóðir innheimta fyrir greiðsluumiðlun.*

Íbúðalánasjóður

# Mikilvægi leikskólans á umbrotatímum

**UMRÆÐAN**

Sverrir Sverrisson skrifar um leikskóla

Það er fátt sem virðist ganga með eðlilegum hætti þessa dagana. Bankar fallnir, fyrirtæki riða til falls og atvinnuleysi og fjöldagjaldþrot blasa við. Hver höndin upp á móti annarri og ásakanir og dylgjur fljúga um allt.

Þau verða ófá fórnalömb þessara hamfara sem nú ríða yfir. Ef ekkert verður að gert er allt eins víst að þjóðin verði mörg ár að jafna sig eftir fjármálakreppuna miklu veturinn 2008-09.

Ég vil með þessari grein beina sjónum að þeim sem óneitanlega eiga eftir að finna fyrir kreppunni, þótt á annan hátt verði – nefnilega börnin okkar. Því á erfiðum tímum er mikilvægast að huga að þeim sem eru berskjölduðust fyrir áhrifum þessara óvissu tíma. Það er skylda okkar að tryggja að börnin okkar verði ekki fórnarlömb þess darraðardans sem nú ríkir.



SVERRIR SVERRISSON

Á undanförnum árum hafa leikskólarnir í landinu tekið stórtækum breytingum. Þeir hafa þróast úr gæsluvöllum þar sem börnin dvöldu að jafnaði í fjóra tíma á dag, oftast ekki lengur en einn til tvo vetur. Þar var eini fagmenntaði kennarinn oftast forstöðukonan.

Nú er hins vegar algengt að börn byrji á leikskóla um átján mánaða gömul og að þau séu þar í nær tíu tíma á dag í allt að fjögur ár. Þetta þýðir í raun að leikskólinn hefur tekið að sér að gæta barnanna okkar lungann úr mikilvægasta mótunartíma ævi þeirra. Þar starfar nú orðið fjöldi velmenntaðra kennara sem kenna börnunum m.a. félagsfærni og samvinnu og efla með því ýmsa þroskaþætti þeirra, s.s. mál-, hreyfi- og félagsþroska, svo eitthvað sé nefnt.

Til þess að tryggja gott skólastarf í leikskólanum þurfum við á öllu okkar hæfasta fólki að halda. Það þarf að búa svo vel um hnútana að tryggt sé að sem bestur aðbúnaður sé ávallt fyrir hendi. Að þessu hefur verið unnið ötullega undanfarin ár. Með aukinni menntun leikskólakennara og endurskoðun á lögum um leikskóla hefur mikilvægi leikskólans sem fyrsta skólastigs verið viðurkennt og fest í sessi.

Árangri uppbyggingar undanfarinna ára má ekki fórna í augnabliks glundroða og fljótfærni. Nú er lag að styðja vel við leikskólann og huga að mikilvægi hans sem skjóli barna okkar fyrir áhrifum þeirra hremminga sem þjóðin gengur nú í gegnum. Við þurfum á leikskólanum að halda þegar fólk missir vinnuna og áhyggjur af peningamálum hrannast upp. Þá er mikilvægt að fólk finni að það geti átt skjól fyrir börnin sín í leikskólanum. Skjól, þar sem börnin geta komið og dvalið í umhverfi þar sem hugað er að tilfinningalegu öryggi þeirra, skjól þar sem þau fá tækifæri til að vera börn í friði fyrir krepputali hinna fullorðnu, þar sem ríkir friður fyrir börnin til að læra, örugg í umhverfi sínu. Leikskólinn á að vera staður þar sem börnin læra að umgangast félagana af umburðalyndi og virðingu. Leikskólinn á að vera staður þar sem allir eru jafnir óháð uppruna eða efnahag. Það verður aðeins tryggt með hæfum kennurum sem starfa í þeirri fullvissu og stolti að þeirra mikilvæga starf sé metið að verðleikum, ekki aðeins í orði heldur einnig á borði.

*Leikskólinn hefur tekið að sér að gæta barnanna okkar lungann úr mikilvægasta mótunartíma ævi þeirra.*

Aldrei hefur verið mikilvægara en nú að standa saman um laun kennara. Hvar í skólakerfinu sem þeir starfa og tryggja að launin séu með þeim hætti að í kennslustörfin raðist okkar hæfasta fólk. Fólk sem er tilbúið að gera kennslu og umönnun barna að ævistarfi sínu.

*Höfundur er leikskólakennari.*

# Þjóðin á að eiga bankana

**UMRÆÐAN**

Björgvin Guðmundsson skrifar um bankastarfsemi

Einkavæðing bankanna mistókst. Sala Landsbankans og Búnaðarbankans til einkaaðila var algert klúður. Í fyrstu var ákveðið að hafa dreifða eignaraðild að einkavæddu bönkunum og að enginn mætti eiga meira en 3-5% eignarhlut. En eftir að Björgólfur Guðmundsson talaði við þáverandi forsætisráðherra var horfið frá þessu markmiði og samþykkt að Björgólfur, ásamt syni sínum og þriðja aðila, mætti kaupa ráðandi hlut í Landsbankanum. Við þessa ákvörðun var gengið fram hjá einkavæðingarnefnd. Margir telja að Landsbankinn hafi verið seldur á alltof lágu verði. Eftir að þetta hafði verið ákveðið eða samhliða var ákveðið að hópur fyrrum Sambandsmanna mætti kaupa Búnaðarbankann. Fengu þeir m.a. lán í Landsbankanum til þess að geta keypt bankann. Þessir tveir bankar voru m.ö.o. seldir einkavinum stjórnarflokkanna. Í því fólst klúðrið. Þorvaldur Gylfason prófessor segir að bankarnir hafi verið afhentir mönnum, sem ekki kunnu að reka banka. Hann segir að það hefði átt að selja bankana kunnáttumönnum, fagmönnum. Eitt er víst að þessir aðilar sem keyptu bankana settu þá í þrot vegna óvarkárni við rekstur bankanna. Þeir tóku alltof mikil erlend lán, voru óvarkárir. Þeir byggðu á því að geta tekið ný og ný erlend lán til þess að greiða eldri lán og þegar lánalínur lokuðust erlendis fóru þeir í þrot.

Nú eru stóru einkabankarnir þrír allir komnir í eigu ríkisins á ný. En þó ekki hafi verið svo nema í nokkrar vikur er samt strax farið að ræða um að selja bankana til einkaaðila! Hafa menn ekkert lært? Eru ekki vítin til þess að varast þau? Ég tel bankana best komna í höndum ríkisins. Ef bankarnir hefðu haldist í höndum ríkisins og engin einkavæðing hefði átt sér stað hefðu þeir ekki komist í þrot. Ríkisbankarnir voru ekki í fjárfestingum erlendis og gífurlegum lántökum ytra til þess að fjármagna fjárfestinguna. En það var þessi fjárfesting erlendis og gífurlegar lántökur, sem settu bankana á hausinn.



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

*Ég tel, að ríkið eigi að reka bankana og fara varlega í allar breytingar. Það kæmi til greina síðar að leyfa lífeyrissjóðunum að kaupa hlut í bönkunum.*

Ég tel, að ríkið eigi að reka bankana og fara varlega í allar breytingar. Það kæmi til greina síðar, að leyfa lífeyrissjóðunum að kaupa hlut í bönkunum. En ég er andvígur því að hleypa erlendum aðilum inn í bankana. Bankar hafa unnvörpum orðið gjaldþrota erlendis ekki síður en hér og það er engin trygging fyrir öruggum rekstri að fá útlendinga inn í bankana.

Markmið einkabankanna að braska og græða. Meðan bankarnir eru í höndum ríkisins, þjóðarinnar, er markmiðið með rekstri þeirra að þjóna viðskiptavinum vel, einstaklingum og fyrirtækjum. Í höndum einkaaðila er markmiðið að græða sem mest á rekstrinum. Vaxtamunur jókst við einkavæðinguna, þjónustugjöld voru hækkuð og bankarnir fóru út í alls konar verðbréfabrask og fjárfestingarbrask, sem að lokum varð þeim að falli. Það var orðið meira atriði hjá einkabönkunum að kaupa og selja fyrirtæki en að þjóna viðskiptaaðilum sínum. Bankarnir sýndu stórar tölur yfir gróða af þessu braski en þetta var pappírsgróði, sem lítið var á bak við. Almenningur var öruggur með sparifé sitt í ríkisbönkunum. En margir hafa tapað stórfé á því að geyma sparifé sitt í ýmsum sérsjóðum, sem sparifjáreigendur voru lokkaðir inn í hjá einkabönkunum. Eldra fólk sem sagði nei takk við peningamarkaðssjóðum og öðrum sérsjóðum einkabankanna og hélt sig við gömlu sparisjóðsbókina slapp við tap og áföll. Um leið og einkaaðilum er hleypt inn í ríkisbankana byrjar þessi leikur á ný. Þá verður aftur farið að gylla fyrir sparisjóðseigendum alls konar kostaboð, hærri vexti á sérreikningum, sem sagði eru án áhættu en svo er ekki.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra var að segja, að til greina kæmi að hleypa erlendum aðilum inn í ríkisbankana. Ég er andvígur því. Ég tel, að ríkið eigi að eiga og reka bankana næstu árin. Þeir eru best komnir í höndum þjóðarinnar.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

# ESB, Bretar og við

**UMRÆÐAN**

Einar Gunnar Birgisson skrifar um Evrópumál

Það er ljóst að Ísland sækir um aðild að ESB við fyrsta tækifæri. Þetta vita allir, bæði við, ESB og Bretar. ESB er eina lausnin úr þessu fyrir okkur, en við verðum að vara okkur mjög á Bretum. Þeir munu vísast vinna gegn okkur bak við tjöldin og gera okkur lífið leitt.



EINAR GUNNAR BIRGISSON

Það er augljóst að við getum ekki sæst við Breta fyrr enn Gordon Brown fer frá völdum. Við megum ekki vanmeta Breta. Við þurfum strax að byrja að kynna málstað okkar og reyna að sannfæra aðrar ESB-þjóðir um að Bretar stunduðu efnahagsleg hryðjuverk gegn okkur. Við þurfum að meta tjón okkar vegna framgöngu Breta og útbúa greinargerð um þau mál og senda hana öðrum ESB-þjóðum. Síðan sendum við Bretum reikninginn fyrir tjóninu. Ef þeir borga ekki eða semja þá lögsækjum við þá. Að hika er sama og að tapa og linkind hefnir sín. Hún hefnir sín alltaf.

Við þurfum að sýna ESB að við séum stolt og hörð í horn að taka. Ríkisstjórnin vogar sér ekki að falla frá kröfum á hendur Bretum vegna tjóns sem þeir hafa unnið okkur. Við erum þegar aðhlátursefni um allan heim fyrir að geta ekki losað okkur við Davíð Oddsson úr Seðlabankanum. Við verðum enn meira aðhlátursefni ef við föllum frá kröfum á hendur Bretum. Niðurlægingin næði áður óþekktum hæðum.

Það er líka niðurlæging fyrir þjóðina að forsætisráðherra tekur Davíð Oddsson fram yfir þjóð sína. Algjör skömm og hneisa og alveg óþolandi. Við erum öskureið. Davíð á mikla sök á atburðarásinni síðustu vikurnar en ekki þar á undan. Raunverulega ábyrgð á hruninu ber forsætisráðherra. Hann er stjórnandinn, hann vissi hvert stefndi og nú gerir hann fátt annað en að telja okkur trú um að hann sé alveg blásaklaus af ástandinu. Það vantar bara geislabauginn. Sá maður ber mesta ábyrgð af öllum. Forsætisráðherra á að axla ábyrgðina og segja af sér. Hann er rúinn trausti. Þorgerður Katrín getur tekið við embættinu.

*Síðan sendum við Bretum reikninginn fyrir tjóninu. Ef þeir borga ekki eða semja þá lögsækjum við þá. Að hika er sama og tapa og linkind hefnir sín. Hún hefnir sín alltaf.*

*Höfundur er áhugamaður um stjórnmál.*


# Listmunauppboð í Galleríi Fold

mánudaginn 8. desember kl. 18 og þriðjudaginn 9. desember kl. 18

Á uppboðinu er úrval góðra verka,
meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna.

Þá verða boðin upp verk eftir Helga Þorgils, Braga Ásgeirsson,
Tryggva Ólafsson, Sossu, Soffíu Sæmundsdóttur, Tolla,
Óla G. Jóhannsson, Sigurð Guðmundsson og Erró.

Verkin verða sýnd í Galleríi Fold við Rauðarárstíg:
mánudag kl. 10–17 (öll verk), þriðjudag kl. 10–17
(verkin sem ekki eru boðin upp á mánudag)



Svavar Guðnason



Nína Tryggvadóttir

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu




**JÓLAKORT** sem eiga að fara til Evrópu í B-pósti eða til landa utan Evrópu í A-pósti verða að fara í póst strax í dag. Síðasti skiladagur jólakorta til Evrópu í A-pósti er 15. desember.



**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Persónuleg jólagjöf

myndadagatal með myndunum þínum



Borðdagatal 2.900kr.
Veggdagatal 3.900kr.

myndval

Þönglabakka 4 - sími 557 4070 - myndval@myndval.is www.myndval.is

**Matvinnsluvél**
MCM21B1, 450 W.
**Jólaverð: 19.900 kr. stgr.**



**Töfrasproti**
MSM62PE, 750 W.
**Jólaverð: 12.900 kr. stgr.**

fyrir Jólin

Sjáið jólatilboðin á www.sminor.is

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA

;ALLT NÁM
Alla þriðjudaga



Bergljót Arnalds spilar bara fyrir sjálfa sig á gamla Petrof-píanóið sitt, sem fylgt hefur henni hálfa ævina, en við nótnaborðið fær hún uppörvun og gleði þegar kreppir að og semur fagrar tónsmíðar í sérstæðum hljómi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Píanó sem leikur á móti

**Á svörtu og hvítu nótnaborði gamals píanós Bergljótar Arnalds flæðir litríkur skali tilfinninga í takt við himneskan tónskalann, um leið og stafrófið allt og hið ótrúlegasta lifnar við í kátínu, gleði og söng.**

„Uppáhaldshluturinn minn er píanóið mitt. Ég spila bara fyrir sjálfa mig og nýt þess að leika á hljóðfærið og láta það leika við mig. Því þetta er samspil hjá okkur,“ segir rithöfundurinn og tónskáldið Bergljót, innt eftir því hússkarti og heimilismun sem henni er kærastur.

„Píanóið er áreiðanlega sá hlutur sem hefur haft hvað mest áhrif á tilfinningalíf mitt. Þegar ég er þreytt og döpur spila ég á það og það fær mig til að slaka á. Tónarnir veita mér gleði og ró,“ segir Bergljót um hljóðfærið sem er af gerðinni Petrof. „Petrof er skemmtilegt nafn því ef maður les það aftur á bak þýðir það í raun forte piano. Það hefur fylgt mér síðan ég flutti að heiman og hefur því verið hluti af lífi mínu hálfa ævina. Um daginn kom píanisti í heimsókn og þegar ég ætlaði að afsaka að sökum léttrar peningapyngju hefði píanóið ekki verið stillt lengi sagði hann: „Þetta píanó hefur sál. Í því er alveg einstakur hljómur.“ Og það er alveg rétt, þótt ótrúlegt sé, þá er tónninn fallegri en í mörgum flyglum og þær litríku tilfinningar sem hafa flætt þegar spilað hefur verið á það hafa áreiðanlega skilað sér í sérstæðari hljómi,“ segir Bergljót sem á dögunum gaf út 35 laga plötu um Stafakarlana, þar sem hver stafakarl syngur sitt eigið lag.

„Ó syngur óperu og S dansar salsa. Hver og einn karl fær að tjá sig á sinn máta og fjalla um stafinn sinn í leiðinni. Ég samdi einmitt öll lögin á þetta píanó og má segja að platan sé eins konar stafasöngleikur þar sem karlarnir bresta í söng.“

*thordis@frettabladid.is*









ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500

# ;JÓLIN KOMA



**HEIMAPRJÓNAÐIR ULLARSOKKAR** eiga eflaust eftir að gleðja einhverja þegar þeir koma úr pökkunum þessi jólin.







Fyrir dömur og herra.

Nýkomið úrval af vönduðum kuldaskóm úr leðri, gæruskinnfóðraðir. Margar gerðir.



Dömustærðir: 36 - 43
Verð frá: 19.700.- til 21.700.-

Herrastærðir: 41 - 48
Verð frá: 14.900. - til 24.775.-

Misty skór
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf









Handunnið danskt jólaskraut eftir danska hönnuðinn Jetta Frölich. Verð frá 995 krónum.



Glitrandi rauðir steinar mynda fallegt mynstur í þessu jólaskrauti sem hengja má á tré. Villeroy & Boch 850 krónur.



Útflúraður filtdúkur sem hentar vel fyrir bolla og kertastjaka. Duka 350 krónur.



Gimsteinum skreytt ilmkerti, fallegt á jólaborðið. Tekk Company 1.950 krónur.






# Klassískt um jólin

**Rauður er hinn klassíski litur jólanna sem á auknum vinsældum að fagna nú fyrir jólin líkt og annað klassískt jólaskraut. Mikið úrval er af rauðu skrauti og munum í verslunum landsins.**

Svart og silfur hafa verið áberandi litir í jólaskreytingum landsmanna hin síðari ár. Þessir góðærislitir virðast nú vera að víkja fyrir hinum klassísku jólalitum, rauðu og grænu. Því er um að gera að kafa dýpra ofan í jólaskrautskassann og draga upp gömlu jólasveinastytturnar hennar ömmu og rauða heimagerða filtskrautið. Fyrir þá sem ekki eiga gamalt jólaskraut er einnig mikið úrval af skrauti í hinum klassísku jólalitum til sölu í verslunum.

*solveig@frettabladid.is*



Köflóttur jólasokkur frá Sia myndi sóma sér vel hangandi á arinhillu. Fæst í Tekk Company Kringlunni á 2.290 krónur.




SKOÐAÐU MATSEÐILINN OKKAR WWW. CASTELLO.IS · SÍMI: 577 3333








;ALLT MATUR
Alla föstudaga




Markaðurinn alla daga
vísir
Fyrstur með fréttirnar!

# Jólatónleikar í beinni

**Á vefsíðu Listaháskóla Íslands er nú í fyrsta skipti hægt að hlýða á jólatónleika tónlistardeildar Listaháskóla Íslands en nemendur í upptökustjórnun við skólann standa fyrir útsendingunum.**

Nemendur í upptökustjórnun við Listaháskóla Íslands útvarpa öllum jólatónleikum tónlistardeildar Listaháskólans í beinni útsendingu á vefsíðu skólans. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkar útsendingar fara í loftið og er tilgangurinn tvíþættur. Annars vegar að tónleikarnir nái eyrum sem flestra og hins vegar að nemendur í upptökustjórnun öðlist haldbæra reynslu.

Einn nemendanna er Haraldur R. Sverrisson. Hann leggur stund á tónsmíðar með áherslu á upptökustjórnun. Hann segir útsendingarnar ekki síst ætlaðar fjölskyldum og vinum nemenda í tónlistardeild sem búa úti á landi og hafa ekki tök á að koma á tónleikana.

Haraldur segir töluverðan undirbúning liggja að baki útsendingunum „Við erum með þuli sem þurfa að viða að sér upplýsingum um flytjendurna og verkin en auk þess þurfum við tæknimennirnir að stilla upp tækjum og tólum.“ Fyrstu tónleikunum var útvarpað síðastliðinn fimmtudag en dagskrá næstu daga má nálgast á slóðinni lhi.is. Eftir áramót verður síðan tónleikum tónsmíðanemenda útvarpað með sama hætti og þá verður flutt verk eftir Harald.

Hann segir tónsmíðar og upptökustjórnun fara vel saman og gera sér kleift að fylgja tónsmíðum sínum alla leið. Ég get samið, útsett, tekið upp, gengið frá og gefið út og má því segja að ég sé alveg sjálfbjarga.“ *vera@frettabladid*



Haraldur R. Sverrisson undirbýr fyrstu útsendinguna ásamt samnemendum sínum þeim Birgittu og Brynhildi. Kennarinn Sveinn Kjartansson fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Áttu dýrmæt tæki ?
Explorer töskur eru fullkomin vörn.
Þær eru vatnsheldar, höggþéttar og til í ýmsum stærðum.
FOTO VAL
Myndavéla-viðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200
www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár
Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800 www.skatar.is
Sölustaður: Skátamiðstöðin Hraunbæ 123
Bandalag íslenskra skáta
HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11

Jólin þín hefjast á Vísi
Jólalög Jólasögur
Gjafahugmyndir
Jólamatur Jólafréttir

BÖRN EIGA ÞAÐ BESTA SKILIÐ
Nú er þriðja Bínubókin komin út og hér lærir hún undirstöðuatriði í lestri. Geysivinsælar og gagnlegar bækur fyrir krakka, kennara og foreldra.
Splunkuný tækni notuð í þessari einstöku bók – og dýrin BÓKSTAFLEGA lifna við!
„Ég bara gat ekki hætt að lesa.“
Hrafnhildur Sigrún, 11 ára.
Bráðskemmtileg og spennandi saga eftir Hallveigu Thorlacius.
„ ... tilvaldar til að skoða með fullorðna fólkinu og njóta saman ævintýranna sem birtast á hverri blaðsíðu.“
- MMJ, Fréttablaðið.
Nú eru ærslabelgirnir komnir í jólaskap – en hvað með mömmu?
Falleg bók sem jólasveinar setja í skóinn.
Yndislegar sögur á hljóðbók, Bryndís Víglundsdóttir, höfundur, les.
www.salka.is Salka
Salka/GBÓ

Getum bætt við okkur eignum á skrá

Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala :: Lágmúla 7 :: 108 Reykjavík :: sími 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fasteignasali



# fasteignir

8. DESEMBER 2008



HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Fasteignasala/ Leigumiðlun
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

Klukkuvellir 3 - Hf
Afnemum öll stimpilgjöld




**Frábær fyrstu kaup**
- Gott aðgengi með lyftu
- Glæsilegar innréttingar frá HTH
- Eldhústæki frá AEG að vandaðri gerð
- Öll gólfefni fylgja vandað parket og flísar frá Parka
- Fullkomið gólfhitakerfi
- Halegonlýsing
- Húsið klætt að utan með álkæðningu
- Hagstætt verð- Hagstæð greiðslukjör

3ja herb. 95 fm.
**Verð 23,5 millj. Til afhendingar strax.**

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali




Húsið afhendist fullbúið að utan en fokhelt að innan.

# Svefnherbergi með svölum

**Fasteignasalan Remax/Lind hefur til sölu parhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr við Sölkugötu í Mosfellsbæ.**

Eignin er samtals 250 fermetrar. Neðri hæðin skiptist í þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol, snyrtingu, þvottahús, geymslu og bílskúr. Efri hæðin skiptist í forstofuherbergi, stofu, borðstofu, eldhús, sjónvarpshol, gang, hjónaherbergi með fataherbergi og útgengi á svalir og baðherbergi.

Húsið er steypt á hefðbundinn hátt, sökklar, botnplata, útveggir, stigi, innri burðarveggir og gólfplata efri hæðar eru staðsteypt. Burðarvirki þaks er úr timbri. Á þaki er bárujárn. Þakkantar eru klæddir panilklæðningu. Að utan er húsið steinað í ljósum lit. Gluggar eru úr timbri, staðsteyptir í og mahónílitaðir með þekjandi lit. Í gluggum er tvöfalt K-gler. Útihurð er úr oregon-furu eða mahóníi. Bílskúrshurð er hvít álhurð. Aðrar hurðir eru úr furu. Lóðin er grófjöfnuð. Bílastæði er með malarfyllingu. Umframbyggingarefni og rusl er fjarlægt af lóð. Dyrasími og útiljós fylgja ekki. Afhendist fullbúið að utan en fokhelt að innan.

Ásett verð er 44,9 milljónir.




**Á ils.is getur þú:**
- Fengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lánstíma

**Önnur þjónusta á ils.is:**
- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

**Greiðslumat**
Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft á aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

**Lánsumsókn**
Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

# HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA

**Fasteignasala/ Leigumiðlun**

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

## REYKJARVIKURVEGUR 52 A OG B – HF. TIL LEIGU EÐA SÖLU

**aðeins fyrir 50 ára og eldri.**



### Íbúðir eru til afhendingar strax

- Viðhaldslítið hús
- Rúmgóðar íbúðir
- Tvennar svalir með völdum íbúðum
- Mynddyrasími
- Snjóbræðslukerfi í göngstíg og aðkomu að bílskýli
- Allar íbúðirnar með sérinngangi á svölum.
- Nútímalegar innréttingar frá Fagus með granít-borðplötum
- Íbúðir eru afhentar fullbúnar með vönduðu 2ja stafa Kåhrs parketi
- 28 stæði í bílageymslu.
- **Möguleiki að leigja íbúðir í þessu glæsil. húsnæði til lengri tíma.**

**Verð frá 27,9 millj.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

# búmenn

**BÚMENN AUGLÝSA ÍBÚÐIR**

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Kletthåls 1
110 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is

## Akurgerði í Vogum
Til endurúthlutunar er búseturéttur í nýlegri eins herbergja íbúð í raðhúsalengju sem tengist þjónustumiðstöð fyrir eldriborgara í Vogum. Um er að ræða um 53 fm íbúð. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

## Hvammsgata í Vogum
Til endurúthlutunar er búseturéttur í nýlegur parhúsi. Íbúðin er 3ja herbergja ásamt bílskúr. Íbúðin er um 90 fm og bílskúrinn um 25 fm. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

## Kríuland í Garði
Til endurúthlutunar er búseturéttur í nýlegu parhúsi. Um er að ræða 4ra herbergja íbúð um 105 fm ásamt um 35 fm bílskúr. Íbúðin getur verið til afhendingar strax.

## Miðnestorg í Sandgerði
Til endurúthlutunar er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð. Íbúðin er um 74 fm á þriðju hæð í þriggja hæða lyftuhúsi. Íbúðin getur verið til afhendingar strax.

## Suðurtún á Álftanesi
Til endurúthlutunar er búseturéttur í nýlegu raðhúsi. Um er að ræða 3ja herbergja um 90 fm íbúð ásamt um 25 fm bílskúr. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

## Víðigerði í Grindavík
Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð í parhúsi. Íbúðinni fylgir garðskáli og bílskúr. Íbúð og garðskáli er um 91 fm og bílskúr um 28 fm. Íbúðin getur verið til afhendingar fljótlega.

Umsóknarfrestur er til 15. desember n.k.

Hægt er að fá nánari upplýsingum á skrifstofu félagsins í síma 552-5644 milli kl. 9-15.

# HRAUNHAMAR

FASTEIGNASALA & LEIGUMIÐLUN

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

# VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479
www.valholl.is - opið, 9 - 17:30 virka daga, lokað um helgar

## Stærri eignir

**Lokastígur 101-Rvk. Heil húseign. Tvær samþ. íbúðir+vinnustofa. Traust kaup í Kreppunni.** í einkasölu nær algerl. endurn. einb./tvíb. á fráb.ról. stað í Þingholtunum. 76 fm 3ja h.íb. á neðri h. 2-3ja h.íb. ca 70 fm í risi ásamt 35 fm góðri vinnust./geymslu bakatil. Hellul. lóð, nær allt endurn., m.a. lagnir, innr., gler, einangrun og fl. Hús klætt að utan. Seljast saman á 45,8 m. eða sitt í hvorru lagi (1.h:20,m, 2.h:24,9m)



**Framnesv. mögul. á góðum greiðslukj.**180 fm eign í Vesturb. Skipti á ód. V.39,5 m.
**Blikastígur-Álftanes.Skipti ód.** 231 fm einb. Áhv.32m. V.47,4m.
**Geislalind**-parhús,195 fm V. 62,0 m.
**Kársnesbraut** 80 fm einb.+43 fm bílsk. V.
**Hvannakur Gb**.250 fm Skipti. Glæsihús. V. Tilb.
**Deildarás einbýli** - Skipti mögul. ca 225 fm einb.á 2.h. V.67,5 m..

## 5-6 herb. og sérhæðir

**Flókagata-sérhæð** 153 fm sérh. flott hús Bílskúr. Mikið endurn. V.58,5 m.
**Krummahólar -** m. bílsk. mjög gott verð. 132,2 fm íb. á 2. hæðum. V. 24,5 m.
**Garðhús** 129 fm V.34,9
**Hlunnavogur** - m. bílsk.miðhæð. Stærð samt.113,2 m.bílskúr. V. 27,5 m.

## 4ra-6 herb.

**Fífulind - m.40 fm verönd.** Mjög góð ca 110 fm íb. á j.hæð. Rúmgóð stofa og 3 góð herbergi. Parket og flísar. Glæsilegur afgirtur 40 fm sólpallur í suður ! Mögul. að yfirtaka hagst. lán. V.29,9 m..



**Þrastarhöfði Mos.** 108 fm glæsileg íb. V. 28,8 m.
**Laufrimi - gott verð.** 97 fm efri hæð. Allt sér. V.25,6 fm
Torfufell - laus. ca 100 fm íb. á jarðh.V.19,5 m.

## 3ja herbergja íbúðir

**Grafarholt - falleg útsýnisíbúð.** Nýkomin í einkasölu ca 95 fm 3ja he. endaíb. á 5.h. (efstu) í nýl. lyftuh. m. st. í bílag. (innang). Gluggar á 3 vegu, glæsil. útsýni (Esja, Úlfarsfell og fl.), eikarinnr., parket, þvottaherb. í íb., suðvestursv. Áhv. ca 20 m. íbúðarlán. V. 24,5 m. Skipti mögul. á 2ja herb. íb.



**Suðurvangur-Hfj. Falleg íb. m. aukaherb.** Nýkomin 80 fm íb. á 3.h. (efstu) í nýl.fjölb. miðsvæðis í Hfj. Fallegt útsýni, aukaherb. á 2.hæð, þvottaaðst. í íb., suðv.svalir. Verð 19,9 m. Skipti ath. á litlu iðnaðarhúsnæði.



**Kristnibraut m. st. í bílsk.** 86 fm íb. á 2.h. í lyftuhúsi, V. 23,2 m.
**Álfhólsvegur - m.bílsk.** 80 fm íb. á 1.h. ásamt stórum bílsk. V 24,5 m.
**Dvergabakki fráb. verð** Mikið endurn. 88 fm íb. v. 17,5 m.
**Engjasel m. bílsk.** Lítil útborgun. 94 fm ásamt bílsk. V. 23,9 m.
**Tómasarhagi.Endurn.eign.**
Falleg ca 85 fm íb. á j.hæð. V.24,5 m.

## 2ja herbergja íbúðir

**Vallarás - útsýni. Laus.** Falleg 57 fm íb. á 5.h. í stenikl. lyftuhúsi. Parket, góðar yfirb. suðvsvalir, fallegt útsýni á Bláfjöll, Víðidal og fl. Laus við kaupsamn. V.15,8 m.



**Njálsg. stúdíó** íb. v. 4,5 m.
**Berjarimi-m.bílsk.** 63 fm +bílsk. stór verönd. V.18,7 m.
**Austurstr. m. bílsk**. lítil útb.<BODY>67,2 fm íb. á 7.h. ásamt bílsk. V.19,9 m.
**Leifsgata - lítil útb.** Nýkomið falleg 53 fm íb. á 3.hæð í góðu steinhúsi í miðb. Nýl. eldh, parket og fl. Áhv. 15 m. gott langt.lán. V. 16,8 m.

**Fjöldi annara eigna á söluskrá**

# Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009





**Brautarholt – "Penthouse" – SKIPTI Á MINNI EIGN KOMA TIL GREINA**
140,1 fm þakíbúð með stórum svölum. Íbúðin er glæsilega hönnuð af Guðrúnu Margréti Ólafsdóttir hjá Goform arkitektastofu. Frábært útsýni yfir Höfuðborgina. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með sandstein. Nuddbaðkar er ásamt sturtuklefa með vönduðum tækjum. Eldhús er með fallegri innréttingu sem er bæði hnota og hvít sprautulökkuð. Eyja með stáltækjum og gashelluborði. Ísskápur og uppþvottavél eru innfelld. Parket er á stofu og borðstofu. Arinn er í stofu. Hjónaherb. með fataherb.

**GRENIMELUR- SKIPTI Á STÆRRI EIGN Í SAMA HVERFI KOMA TIL GREINA**
Falleg 88 fm hæð með sér inngangi í þríbýlishúsi. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús með nýl. innréttingu og tækjum úr burstuðu stáli, 2 parketlögð svefnherbergi, samliggjandi stofur og baðherbergi með ljósum flísum, upphengdu salerni og nýl. innréttingu . Eignin hefur nánast öll verið endurnýjuð á síðustu 4 árum, gólfefni, innréttingar og tæki. Nýlegar raflagnir.
Verð 32.5 millj.

## Erum með kaupanda að einbýli Fossvogi og Þingholtunum



**Friggjarbrunnur- Falleg eign – Frábært verð.**
226,1 m² parhús sem er tvær hæðir og kjallari. Á jarðhæð eru 2 svefnh., annað með fataherbergi, snyrting, geymsla og hobby herbergi. Útihurð út í garðinn. Á fyrstu hæð er inngangurinn. Eldhúsið og stofur, snyrting auk bílskúrs. Á annari hæð eru 2 góð svefnh., bað, hol og hurð út á þaksvalir. Verð 34.9 millj.



**Bakkastaðir - parhús**
166 fm þar af 27.3 fm bílskúr. falleg afgirt lóð með tjörn og garðhýsi. Mikil lofthæð. í dag er húsið með 3 svefnh. en á teikningu eru 4. Verð 49.5 millj



**Háalind - Parhús**
Fallegt og vel staðsett 207,2 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr . Glæsilegt útsýni til suðurs og vesturs. Arinn í stofu. Halogen lýsing. Verð 55 millj.



**Heiðarhjalli - Parhús með útsýni. SKIPTI Á ÓDÝRARI EIGN KOMA TIL GREINA**
214 fm parhús með innb. bílskúr í suðurhlíðum Kópavogs. "Spa" herbergi með potti innaf hjónaherbergi, er ekki inn í fm fjölda. Viðhaldsfrír sólpallur.Skjólsæll garður.

# FOLD FASTEIGNASALA

**Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00**
**Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is**

**Viðar Böðvarsson** viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

Þjónustusími sölumanna eftir lokun **694 1401**

## ÓSKUM EFTIR FYRIR FJÁRFESTA

... Einbýli, parhús, raðhús í 107, 101 og 170
Verðbil 50-90 millj.
Bein kaup engin eignaskipti
... Sérbýli, raðhús, sérhæð í 101 og 107
verðhugmynd ca 50 – 60 millj.

## ÓSKUM EFTIR Á SKRÁ:

... Sérhæðum í austurbæ, miðbæ og vesturbæ Reykjavíkur – Verðbil 30-45 millj

... 3ja-4ra herbergja íbúðum í Reykjavík og Kópavogi – verðbil 18-30 millj.

... Einstaklings- og 2ja herbergja íbúðum víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu – verðbil 10-20 millj.

### 3ja herbergja



**Galtalind - Kópavogur - 3ja herberga - sérinngangur -útsýni**
Falleg 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með útsýni, sérinngangi og afmarkaðri verönd í litlu fjölbýli í Kópavogi. Hagstætt lán getur fylgt.
**8278 Lækkað verð: 25,9 m, 8278**

### Rað- og parhús



**Ásgarður – Fallega endurnýjað raðhús**
Fallega endurnýjað 109 fm, 5 herbergja raðhús í smáíbúðahverfinu. Á jarðhæðinni er eldhús með nýlegri innréttingu opið inn í stofu með út gengt út í suðurgarðinn. Á efri hæðinni eru þrjú herbergi og baðherbergi. Í kjallara er gott herbergi, þvottahús og geymsla. Hvíttuð eik á gólfum og kókósteppi á stigum. **8263 Lágt verð: 29,9 millj.**

### 3 íbúðir í sama húsi



**Kirkjuteigur - 105 Reykjavík**
3 leiguíbúðir. 3 íbúðir, tvær stúdíó íbúðir og ein 2ja herbergja. Ein með sérinngangi og hinar sameiginlegum. Allar rúmlega 40 fm að stærð. Leigusamningar geta fylgt.Geta selst saman eða tvær og ein. **7923 Lækkað verð: 13,9 m (ein) og 19,9 m (hinar tvær).**

### Sumarbústaðir



**Heilsárshús Borgarfirði Fossatún.**
90 fm bústaður á bakka Blundsvatns með fallegu útsýni yfir Baulu og Skarðsheiði. Afhendist skv. skilalýsingu hjá Fold, Klæðning og milliveggjaefni fylgir. Góð staðsetning miðsvæðis í Borgarfirðinum Veiði er í vatninu og góð tómstunaaðstaða fyrir alla fjölskylduna í tengsum við Fossatún. Stutt í 18 holu golfvöll við Borgarnes. Hentar vel fyrir laghenta sem vilja innrétta eftir eignin smekk.
**8268 Lækkað verð: 14.9 m**

### 3ja herbergja



**Áltamýri - laus strax**
3ja herbergja, 82 fm endaíbúð á 1. hæð /hálf hæð upp, með suðursvölum. Eignin skiptist í stofu, tvö svefnherbergi, eldhús og baðherbergi, hol og sérgeymslu í kjallara.
**8229 Lækkað verð: 19,9 m**

## Eignir vikunnar

### Sogsbakkar Grímsnesi - Heilsárshús





Stórglæsilegt 85,4 fm heilsárshús, fullbúið með innréttingum og húsgögnum á fallegu eignarlandi við Sogið. Húsið er á einni hæð með með steyptri gólfplötu með hitalögnum í. Stór sólpallur er umhverfis húsið með heitum potti, lóðin er mjög falleg með náttúrulegu birkikjarri og hrauni. Útsýni er niður á Sogið og til fjalla, sundlaug er skammt frá sem og tveir góðir golfvellir. Lágt verð: 24,9 millj.

### Skjólbraut 3ja með Bílskúr.



120 fm eign innst í lokaðri götu. Tvö svefnherbergi og góð stofa. Gróinn garður. Göngufæri í sundlaug og verslanakjarna Gott verð 22,9 millj

### Atvinnuhúsnæði



**Ármúli - 108 Reykjavík.**
275 fm atvinnuhúsnæði sem skiptist í skrifstofu og lagerrými. Eignin er í bakhúsi og með góðri aðkomu og stórri innkeyrsludyr. Skrifstofuaðstaðan sem er um 120 fm er afar snyrtileg með dúk á gólfi, Lagerhluti húsnæðisins um 150 fm, er með góðri lofthæð. Möguleiki á langt.leigusamn.
**8216 Verð: 65 millj.**

### 4ra til 7 herb.



**Boðagrandi - 4ra herb. - Vesturbær**
Glæsileg 4ra herbergja 127,7 fm. útsýnis íbúð á 4. hæð ásamt stæði í bílgeymslu. Vandaðar innréttingar og gólfefni.
**8001 Lækkað verð: 42,0 m**

### Hæðir



**Digranesvegur - 200 Kópavogur - Aukaíbúð.**
Falleg 180fm eign - bílskúr og aukaíbúð í suðurhlíð Kópavogs. Glæsilegt útsýni, nýlegt eldhús, stórar svalir, mjög vönduð eign á besta stað.
**7340 Lækkað verð: 37,5 m**



**Sporðagrunn 104 Reykjavík.**
Glæsileg og mikið endurnýjuð 95 fm eign. Fallegt eldhús og fullbúið baðherbergi. Tvær stórar stofur . Björt og falleg eign á góðum stað **Verð. 28.9 mill**

Hvað kostar eignin mín? – Kíktu á **www.fold.is** – eða hafðu samband í síma **552 1400 / 694 1401**

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long time rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 45 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long time rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 45.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

leiguíbúðir

Til leigu 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis www.leiguibudir.is

BÚSETI

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Leigusali auglýstu FRÍTT*
Leigjandi leitaðu FRÍTT
Leiga.is
Löggild leigumiðlun
Kynntu þér þjónustu Leiga.is
Sími 534 4488
*m.v. 10 daga

2.herb glæsileg íbúð í Seljahverfi m. ísskáp, uppþv.vél, Int., Sér inng og lóð. 100% reyklaus. V95Þ. m hita/rafmagn. Laus. S. 6162873, 5573336

Herbergi í Hfj. Með adsl. sturtu, eldunaraðstöðu, þvottahúsi. 35.000.- Sími 6154181

Rvk-109. Falleg og vel skipulögð 2ja herb kj-íbúð í einbýli fyrir reykl. og reglus einstkl. Laus 15.des. Verð 79 þús. Netf. fossar@visir.is eða 004538800045

Til leigu 3ja-4ra herbergja 110fm sérhæð í nýlegu parhúsi í Kórahverfi. Hiti og rafmagn innifalið. Leiga 120 þús á mánuði. 2 mánuðir fyrirfram. uppl. í s. 895 1998. Laus strax.

### 2. herb. í Breiðholti
2 herb. íbúð í neðra Breiðholti. Laus strax. S. 892 3207.

### Grafarholt. 3 herb.
Ný ca. 100fm. íbúð í Grafarholti. Laus Strax. Uppþvottavél, parket. Uppl. í S. 892-3207.

Nice rooms for rent in 104 RVK. Uppl. í s. 697 8720.

Lúxusherb. á besta stað í 101 / Very good room in 101. 48.000 + 2m tr./ security dep. Uppl./Info: Vernharð í síma 699-7372.

### Sanngjörn leiga, 3 og 4 herb. íbúðir
Til leigu nýjar 3 og 4 herb. íbúðir í kórahverfi með stæði í bílageymslu í nýju lyftuhúsi. Uppl. í s. 899 8811.

APPARTMENT FOR RENT ósamþ. 90m2 íbúð í Garðabæ, mjög opin, hátt til lotfs v.110þús. S. 892 7858.

Íbúð í 101. Til leigu 48 fm stúdíóíbúð á Grettisgötu, með húsgögnum. Laus strax. Tilboð óskast. Uppl. í síma 899 1089 Finnbogi, 895 6126 Inga.

GÓÐ 4 HERB. ÍBÚÐ Í BREIÐH. NÝTT STÓRT ELDHÚS, ÚTSÝNI. LAUS 1.JANÚAR.. 822 2471.

Íbúð/Gistipláss/herb. til leigu á svæði 104. Apartments/Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

3 herb. 109.5 fm. falleg nýstandsett íbúð með frábært útsýni til leigu í Kópavogi. Upplýsingar í síma 863 2000.

50 fm geymsluhúsnæði til leigu. 20 fm kontor getur fylgt. Uppl. í s. 844 1011.

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 210 m2 iðnaðarhúsnæði við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði nýlegt húsnæði, 2 einingar og tvær stórar innkeyrsludyr. Hurð br.3.45 x 3,70. Laust. Uppl. í síma 8472034

Snyrtileg skrifstofuherb. til leigu við Ármúlann & Suðurlandsbraut. Uppl. í s. 899 3760.

101 RVK Skrifstofuhúsnæði 97m2 á 3ju hæð til leigu verð 125.000+hiti/rafm. Uppl. í s. 699 7878, Pálmi.

## Geymsluhúsnæði

### www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

### geymslaeitt.is
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Herbergi, íbúð, stúdíóíbúð email@gistiheimilid.dk S. 0045 2460 9552.

### Gisting í Kaupmannahöf
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Nánari uppl. á www.stracta.com eða í s. 822 7303, 891 8612, +4527111038 eða annalilja@stracta.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Óskum eftir ábyrgu fólki í Öryggisgæslu í Desember.**
**Almenn gæsla í verslunum og Bílastæðagæsla. Vaktavinna, bæði að nóttu og degi.**
**Skilyrði: Með umsókn fylgi Nýtt SAKAVOTTORÐ og passamynd.**
**Lágmarksaldur 23 ár**
**Umsóknir á skrifstofu í Fákafeni 11- 2 hæð.**
**Myndavélagæslan ehf.**

### Ókeypis námskeið
Námskeið að verðmæti 50þús. GEFINS í dag. Ný tekjuleið! Námskeiðið fer fram á netinu, www.netvidskipti.is

**Búðu þér til góðar tekjur á Netinu.**
**Rafrænt námskeið í netviðskiptum fyrir alla sem hafa áhuga á að búa sér til sjálfstæðar tekjur á Netinu.**
**Skoðaðu http://kennsla.com og fáðu allar frekari upplýsingar.**

Bergen Kallar. Óskum eftir fólki innan Málm og vélsmíði.Einnig verkfræðinga og prentara.Umsóknir sendist til jobb@bemanningssentralen.no

Vantar bílstjóra í Noregi og Svíþjóð og iðnaðarmenn og verkafólk í Noregi. Uppl. í s. 0047 93612668.

### Kvöldvinna
Okkur vantar gott fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá kl.18-22 Góð laun í boði fyrir gott fólk. Aldur 25+ og góð íslenskukunnátta (talað mál) Uppl. í síma 699 0005 milli kl.15-19 virka daga.

## Atvinna óskast

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

## Viðskiptatækifæri

Til leigu aðstaða hjá góðu fyrirtæki í fullum rekstri t.d. fyrir nuddara, snyrtifræðing eða naglafræðing. 694-4640 ultra.is

Vantar þig vinnu? Því ekki að skapa sér vinnu sjálfur. Til sölu lítið fyrirtæki í góðum rekstri í Keflavík. Möguleg yfirtaka á hagstæðu erlendu láni. Ath ýmis skipti. S 821 5373 eða villif@gmail.com

# TILKYNNINGAR

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)




# Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

pósthúsið – ódýrari valkostur

## Fundir



# Jólafundur Handarinnar

**Höndin heldur árlegan jólafund sinn í neðri sal Áskirkju 10. desember klukkan 20.30.**

Ása Björk Ólafsdóttir, héraðsprestur í Kjalarnesprófastsdæmi, flytur erindi um glímuna við þakklætið. Rithöfundarnir Sigmundur Ernir og Þráinn Bertelsson lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum og sr. Bjarni Karlsson, prestur í Laugarneskirkju, flytur hugvekju. Kvennakórinn Glæðurnar syngur nokkur jólalög undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur og að lokum verður fjöldasöngur.

Þá verða veittar tvær viðurkenningar.

Fundarstjóri er Ellert B. Schram alþingismaður.

**Kaffi og piparkökur. Allir velkomnir.**







## Þjónusta






# Úthlutum fleiri lóðum til ræktunar matjurta

**UMRÆÐAN**
Lilja Sigrún Jónsdóttir skrifar um nytjagarða

Það er margt í deiglunni um þessar mundir og umræða samfélagsins nokkuð miðuð við hvað eigi að gera til skemmri tíma. Án þess að vilja gera lítið úr mikilvægi þess, er tilefni þessara skrifa hvað við gætum verið að gera núna, sem mun örugglega koma sér vel á næsta ári.

Með þessum línum vil ég hvetja sveitarfélög til að fylgja fordæmi Hvergerðinga og undirbúa aukna ræktun matjurta næsta sumar. Það má fullvíst telja að stór hópur fólks muni hafa bæði áhuga og aðstæður til að sinna matjurtarækt næsta vor, en hugsanlega skorta hentugt landrými. Innan hvers sveitarfélags er misjafnt hversu mikið land er laust til slíkra nota og hve lengi. Það má vel hugsa sér að taka lóðir þar sem jarðvegur er hagstæður til ræktunar undir slíka notkun, þó þær hafi átt að vera byggingarlóðir húsa í skipulagi, og úthluta þeim sem ræktunarlandi með ákveðnum skilyrðum ef til vill til 2-3 ára í fyrstu. Sveitarfélög myndu setja reglur og skilyrði um umgengni og frágang og huga þarf að aðgengi að vatni til vökvunar. Fyrirkomulag gæti verið með tvennu móti, annars vegar úthlutun skika fyrir fólk sem hefur reynslu af matjurtarækt og treystir sér til að sjá um þetta sjálft og hins vegar matjurtagarðar þar sem sveitarfélagið leggur til einhvern stuðning við framkvæmd í formi leiðsagnar í skipulagningu garða og vali á matjurtum til ræktunar. Þar gætu skólagarðar barna verið fyrirmynd þó að ytri umgjörðin væri einfaldari. Vil ég leggja til að kalla slíka garða nytjagarða.

Til að styðja uppbyggilega umræðu um þetta mál hefur verið sett upp bloggsíða (nytjagardar.blog.is) sem sýnir bæði vefslóðir á erlendar fyrirmyndir að slíku og þennan pistil. Til að styðja sveitarfélög landsins við að fá yfirsýn yfir áhuga fólks fyrir þessu úrræði hef ég stofnað sérstakt netfang til að sækja um lóð til matjurtaræktunar.

Ef þið viljið lýsa áhuga á að sækja um skika til matjurtaræktunar fyrir sumarið 2009 þá sendið endilega tölvupóst á netfangið nytjagardar@gmail.com með póstnúmeri ykkar, upplýsingum um nafn og heimilisfang og hvort reynsla er af matjurtaræktun eða hvort áhugi er fyrir hendi en þið þyrftuð leiðsögn við framkvæmd.

Þá er fljótlegt að koma upplýsingum á framfæri við sveitarfélög landsins um hve margir hafa áhuga á úrræði af þessu tagi. Sá fyrirvari verður að vera á þessu máli að ekkert hefur verið kannað hvaða möguleika sveitarfélög hafa á að veita þessa þjónustu né heldur hvort eða hvaða endurgjald kæmi fyrir. Það kunna að vera fleiri en ein leið til að fá aðgang að ræktunarlandi, því ef sveitarfélög geta ekki útvegað það, er hugsanlegt að aðrir landeigendur vilji plægja land og veita aðgang að því til tómstundaræktunar á matjurtum. Nálægð við þéttbýliskjarna hlýtur þó alltaf að vera mikilvægur þáttur í því að umönnun sé viðráðanleg og að ræktun þróist farsællega.


LILJA SIGRÚN JÓNSDÓTTIR

Erlendis er hefð fyrir hverfum nytjagarða í skipulagi og má finna þá í flestum þéttbýlisstöðum í Danmörku sem dæmi. Þeir kallast kolonihave og má sjá nánar um það á vefslóðinni http://www.kolonihave.dk/. Enn fremur eru til samtök slíkra garða í Bandaríkjunum (sjá http://www.communitygarden.org) og er á báðum þessum stöðum hægt að fá góð ráð varðandi skipulag svæða og umsýslu. Fyrir mörgum árum bauðst Reykvíkingum að fá ræktunarland innan borgarmarkanna og muna eldri Reykvíkingar eftir görðum í Vatnsmýri, Kringlumýri og upp við Korpu. Áralöng hefð er fyrir skólagörðum og hafa þeir verið þéttsetnir undanfarin sumur og ekki annað eftirspurn. Vísast þarf að útvega geymslupláss til leigu, einkum fyrir kartöfluuppskeruna, en það er einungis úrlausnarefni.

*Erlendis er hefð fyrir hverfum nytjagarða í skipulagi og má finna þá í flestum þéttbýlisstöðum í Danmörku sem dæmi.*

Úrræði af því tagi sem hér er kynnt þarfnast undirbúnings, land þarf að skipuleggja og undirbúa og kartöflu- og matjurtaræktendur þurfa fyrirvara ef búast má við stóraukinni eftirspurn eftir innlendum matjurtum til ræktunar næsta vor. Frumkvæði Hvergerðinga er til fyrirmyndar og væri það vel ef fleiri fylgdu því fordæmi. Auðar lóðir í borgarlandi geta orðið uppspretta bæði hollrar útiveru, næringar og ómældrar ánægju.

*Höfundur er læknir.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og veitir styrki til rannsókna- og þróunarverkefna, sem auka verðmæti sjávarfangs. Styrkir eru veittir til verkefna er taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis. Styrkir AVS sjóðsins eru veittir til hagnýtra verkefna og eru ætlaðir einstaklingum, framleiðslu- og rannsóknafyrirtækjum og háskólum.



AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi
**auglýsir eftir umsóknum**

AVS sjóðurinn leggur nú áherslu á styttri verkefni og munu umsóknir þar sem verkefni eru til skemmri tíma en 12-18 mánaða að öllu jöfnu njóta forgangs. Lögð verður mikil áhersla á verkefni sem skila verðmætum og störfum fyrir íslenskan sjávarútveg.

Átaksverkefni

- Styrkir til að vinna að vöruþróun og nýsköpun
- Styrkir til að flytja inn nýja þekkingu eða fyrirtæki
- Styrkir til að ráða mastersnema eða doktorsnema

**AVS sjóðurinn er tilbúinn til að greiða allt að 50% af kostnaði átaksverkefnanna, en hámarksstyrkir eru 6-8 m.kr.**

Lögð er áhersla á stutt og hnitmiðuð verkefni sem geta skapað mikil verðmæti á stuttum tíma. Sjóðurinn er opinn fyrir öllum hugmyndum sem auka verðmæti sjávarfangs s.s. orkusparandi veiðiaðferðum, vistvænni veiðitækni, fullvinnslu, vörum í smásölu eða á borð neytenda, nýjum afurðum, nýrri tækni, aukinni nýtingu, matarferðamennsku, hönnun, fiskeldi, nýjum tegundum eða öðru því sem getur skilað styrkþegum verðmætri afurð á stuttum tíma.

*Umsóknarfrestur í ofangreinda verkefnaflokka er til föstudagsins 30. janúar 2009.*

Önnur verkefni

**Framhaldsverkefni.** Með stuðningi AVS sjóðsins eru allmörg 2-3 ára verkefni í gangi og mun sjóðurinn styðja þau áfram ef framvinda rannsókna er í samræmi við fyrirheit og kröfur sjóðsins.

*Skilafrestur framvinduskýrslu er til föstudagsins 30. janúar 2009*

**Þorskkvóti til áframeldis.** Sjávarútvegsráðherra hefur til ráðustöfunar sérstakar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski.

*Umsóknarfrestur er til þriðjudagsins 20. janúar 2009.*

**Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir umsækjendur ásamt eyðublaði er að finna á www.avs.is**

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi

**AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi** | Pósthólf: 1188 - 121 Reykjavík | sími 422-5102 | www.avs.is

**RITHÖFUNDURINN BJÖRNSTJERNE BJÖRNSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1832.**

*„Almenningsálitið er afar ótryggur vinur.“*

***Björnstjerne Björnson var norskur rithöfundur sem fékk Nóbelsverðlaunin árið 1903. Hann samdi ljóðið við norska þjóðsönginn Ja, vi elsker dette landet.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 8. DESEMBER 1908

## Fyrsti togarinn á Íslandi strandar



Fyrsti togarinn sem Íslendingar eignuðust, Coot, strandaði þennan dag árið 1908 við Keilisnes á Vatnsleysuströnd. Coot var á leið til Hafnarfjarðar og hafði í togi skútuna Kópanes sem átti að fara í vetrarlægi í Hafnarfirði. Á utanverðum Hafnarfirði slitnaði tógið og festist í skrúfu Coots. Bæði skipin rak stjórnlaust undan veðri og straumi þar til þau strönduðu við Keilisnes.

Coot (blesönd) hafði verið keyptur í ársbyrjun árið 1905 frá Bretlandi. Hann þarfnaðist viðgerðar og kom ekki til landsins fyrr en 6. mars 1905 og hóf svo veiðar skömmu síðar. Rekstur skipsins gekk erfiðlega fyrsta árið vegna bilana en síðan nokkuð vel. Um svipað leyti og Coot kom annar togari til landsins, Sea Gull að nafni. Hann átti líka við tíðar bilanir að stríða.

Það sem háði báðum þessum togurum var að þeir voru gamlir og allt of litlir til veiða við Ísland árið um kring. Coot var 150 smálestir og Sea Gull 126 smálestir.

### MERKISATBURÐIR

**1907** Gústav V. tekur við konungsembætti í Svíþjóð.
**1936** Listverslun er opnuð í Reykjavík og þykir það tíðindum sæta. Seld eru verk margra af þekktustu listamönnum bæjarins.
**1941** Bandaríska þingið lýsir yfir stríði á hendur Japönum eftir árás þeirra á Pearl Harbor.
**1971** Samkomulag er undirritað milli Íslands og Kína um stjórnmálasamband. Kínverjar opna sendiráð í Reykjavík árið eftir.
**1980** John Lennon lætur lífið í skotárás.
**1987** Samtök um sorg og sorgarviðbrögð eru stofnuð. Samtökin nefnast nú Ný dögun.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Björn Björnsson**
flugvirki, Hörðukór 1, Kópavogi,

lést á Líknardeild Landspítalans laugardaginn 29. nóvember. Útförin verður frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 9. desember kl. 13.00.

**Sigþrúður Zóphóníasdóttir**
**Sigrún Edda Björnsdóttir** — **Axel Hallkell Jóhannesson**
**Leifur Björn Björnsson** — **Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir**
**Oddný Anna Björnsdóttir** — **Pálmi Einarsson**
**Hlynur Ómar Björnsson** — **Elísa Davíðsdóttir**
**Lára Björg Björnsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Zakaríasdóttir**

lést miðvikudaginn 3. desember á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 10. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sunnuhlíðarsamtökin.

**Svavar Sölvason**
**Leifur Örn Svavarsson**
**Þrúður Arna Briem Svavarsdóttir**
**Gunnar Örn Svavarsson**
**Sigurður Sölvi Svavarsson**
**Valborg Sigurðardóttir**
**Sigrún Hrönn Hauksdóttir**
**Ásgeir Jóel Jacobson**
**og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Guðlaug Einarsdóttir**
Víghólastíg 14, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 28. nóvember, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 10. desember kl. 15.00.

**Sveinbjörn Björnsson**
**Björn Már Sveinbjörnsson**
**Einar Örn Sveinbjörnsson** — **Guðrún Karlsdóttir**
**Hólmfríður Frostadóttir**
**Ísak Helgi Einarsson**
**Þorvaldur Bragason** — **Guðrún Jóhannsdóttir**
**Birna Þorvaldsdóttir**
**Bragi Þorvaldsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**HORFT YFIR FARINN VEG** Loftur Guttormsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, hefur undanfarin fjögur ár ritstýrt riti um upphaf og þróun almenningsfræðslu á Íslandi, sem spannar árin 1880-2007. Ritin geyma myndir og minningar um liðna tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HÁSKÓLAÚTGÁFAN: GEFUR ÚT ALMENNINGSFRÆÐSLU Á ÍSLANDI 1880-2007

## Íslendingar ágætir námsmenn

„Við vinnslu bókanna kom mest á óvart hversu gífurleg þensla varð í íslensku skólakerfi frá 1960 til 1980, þegar fjölmennir árgangar eftirstríðsáranna skiluðu sér í skólana, um leið og efnahagur batnaði og æ fleiri sóttu um framhaldsmenntun. Þá varð sannkölluð sprenging og álag á íslenska menntakerfið,“ segir Loftur Guttormsson, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, sem ritstýrði nýútkomnu riti, Almenningsfræðsla á Íslandi 1880 til 2007, sem hefur verið tilnefnt til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Ritið er í tveimur bindum, samið á vegum Kennaraháskóla Íslands í tilefni þess að öld er liðin frá því að fyrstu lög um fræðslu barna á Íslandi og um Kennaraskóla í Reykjavík tóku gildi.

„Eiginleg skyldufræðsla hófst hér mun seinna en á hinum Norðurlöndunum. Íslendingar voru um hálfri til heilli öld á eftir í fræðslu í barnaskólum. Fram að því hafði verið stunduð heimafræðsla, en víða í þéttbýli voru komnir upp skólar um aldamótin 1900.“

Fyrra bindið heitir Skólahald í bæ og sveit 1880-1945 og hið síðara Skóli fyrir alla 1946-2007. „Í því fyrra er áhersla á mismun skólahalds í sveit og bæjum, því munur á menntun barna var mikill. Fram til 1950 var lengd eiginlegrar skólakennslu ekki lengri en það sem nam einu skólaári; oftast tveir til þrír mánuðir á ári. Með lagabreytingu 1946 var reynt að jafna muninn, sem gerðist ekki fyrr en fast skólahús var risið undir starfsemina. Það gerðist víða ekki fyrr en heimavistarskólar komu til sögu milli 1950 til 1970.“

Í ljósi þessa er víst að margir sem hlutu sem samsvarar eins árs barnaskólamenntun starfa enn og við hlið kynslóða sem nú státa einni eða fleiri háskólagráðum. „Munurinn er sláandi, en eftir því sem leið á 20. öld nutu æ fleiri almennrar viðbótarfræðslu, fyrst í gagnfræðaskólum og síðar menntaog fjölbrautaskólum. Mikil framhaldsmenntun er ung á Íslandi, en efnahagslegar takmarkanir, eins og kreppan á 4. áratugnum, réðu því hve fáir gátu menntað sig áður. Þetta breyttist eftir stríð þegar fleiri gagnfræðaskólar voru komnir á legg og menntastigið hækkaði,“ segir Loftur.

„Óhætt er að segja að Íslendingar hafi sótt í að mennta sig, en illa hefur gengið að sannfæra þá um að verklegt nám standi jafnfætis hinu bóklega. Í nágrannalöndunum þótti eðlilegt að menn sæktu verkkunnáttu í skóla meðan hér var viðhorf að menn þyrftu ekki á skólabekk til að verða sleipir á því sviði,“ segir Loftur sem endaði aldalanga upphafssögu íslenskrar skyldumenntunar í fyrra, þegar nýr kafli hófst eftir að ný lög fyrir skólakerfið voru samþykkt á Íslandi. „Íslendingar eru ágætir námsmenn og standa sig vel í samanburðarkönnunum, þótt mismunandi sé eftir greinum.“

Menntamálaráðherra fékk afhent fyrsta eintak ritsins á föstudag. „Þetta er í fyrsta sinn sem til verður í bókarformi yfirlit yfir þessa aldarlöngu skólasögu, en mikil vöntun hefur verið á slíku riti og kemur eflaust í góðar þarfir til framtíðar.“ **thordis@frettabladid.is**

## Úthlutað úr Þjóðhátíðarsjóði

Rúmum 30 milljónum króna var úthlutað í 32. úthlutun Þjóðhátíðarsjóðs á dögunum. Tilgangur hans er að veita styrki til stofnana og annarra aðila, sem hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

Alls barst 161 umsókn um styrki að fjárhæð 229 milljónir króna en 56 aðilar fengu styrk að þessu sinni að fjárhæð samtals 30,4 milljónir króna. Eftirtaldir aðilar hlutu hæstu styrkina:

Félag um endurreisn Listasafns Samúels í Selárdal hlaut tvær milljónir króna til að gera fokhelt endurgert íbúðarhús Samúels þar sem verður íbúð og vinnuaðstaða fyrir lista- og fræðimenn ásamt lítilli sölubúð.

Stofnun Árna Magnússonar fékk 1,5 milljónir til að slá efni um 70.000 seðla með orðum úr kveðskaparmáli, inn í tölvu og leggja út á vefinn.

Ljósmyndasafn Íslands, Þjóðminjasafni, fékk 1,5 milljónir til að innskanna Ljós- og prentmyndasafn Þjóðminjasafns.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur fékk milljón til að frumskrá ljósmyndasafn Péturs Thomsen í sérstaka leitarbæra tölvuskrá.

Skriðuklaustursrannsóknir fengu milljón til að greina úr gögnum rannsóknarinnar á klausturgarði klausturkirkjunnar á Skriðuklaustri, á milli grafa úr kaþólskum og lúterskum sið.

Nánar á www.sudurlandid.is.



Félag um endurreisn Listasafns Samúels í Selárdal hlaut tvær milljónir króna.

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

## ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

**LOGITECH Z-2300**
Hátalarakerfi m. tveimur 200W hátölurum og bassaboxi
**39.990**

**LOGITECH HARMONY 525**
Alhliða fjarstýring sem stjórnar öllum fjarstýrðum tækjum heimilisins.
**10.990**

**LEIKIR Í ÚRVALI OG Á BETRA VERÐI**
PC - PS2 - PS3
PSP - XBOX

**19" SAMSUNG 923NW**
19" Samsung 923NW glæsilegur breiðtjaldsskjár með 1440x900 í upplausn, 1000:1 í skerpu og 5ms viðbragðstíma.
**34.990**

**640GB HARÐUR DISKUR**
Stór harður diskur í margmiðlunarspilarann á ótrúlega hagstæðu verði
**14.990**

**TÖSKUR FYRIR FARTÖLVUR OG FLAKKARA Í MIKLU ÚRVALI**
ALLTAF BETRA VERÐ

**160GB PASSPORT**
Glæsilegur lítill flakkari frá WD með 160GB hörðum disk og háhraða USB 2.0 tengi
**16.990**

**MARGMIÐLUNARSPILARAR**
Hvergi er meira úrval af margmiðlunarspilurum að finna en í Tölvulistanum og sífellt bætist við flóruna. Með spilurunum getur þú svo horft á bíómyndirnar, ljósmyndirnar og hlustað á tónlistina þína í sjónvarpi, sem og hljómflutningstækjum. Margmiðlunarspilarar virka einnig sem venjulegir harðdiskaflakkarar fyrir öll gögnin þín.

ÓDÝR OG GÓÐUR

**ICYBOX 303**
Flottur og stílhreinn spilari sem spilar alla helstu staðla í mynd og hljóði
**19.990**

ÞRÁÐLAUS HD SPILARI UPPTÖKUTÆKI

**ICYBOX 3010HW**
Nýr þráðlaus HD spilari með upptöku, kortalesara HDMI tengi og USB Uplink
**44.990**

SÁ FLOTTASTI HD SPILARI UPPTÖKUTÆKI

**TVIX R-3300**
Sá allra fullkomnasti frá DViCO, nýr HD spilari með upptöku, HDMI og USB
**69.990**

PHILIPS
**22" PHILIPS 220SW9FB**
Flottur 22" breiðtjaldsskjár með 1650x1050 í upplausn, 1.000:1 í skerpu, 300 cd/m² og 5ms viðbragðstíma, VGA og DVI tengi
**44.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |



Til leigu
iðnaðarhúsnæði

Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.

Upplýsingar í síma 480-0000



KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.strond.is
STRÖND EHF.

jol.is



Jóladagatal Norræna hússins
alla dagakl. 12:34
Í gær var Hallgrímur Helgason
Hver verður í dag?





Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið
Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is






Auglýsingasími 512 50 50
Mest lesið




NOKKUR ORÐ
Alma Guðmundsdóttir

# Minning um utanlandsferð

Þegar ég fór sem skiptinemi til Frakklands 2002 kynntist ég stelpu frá Argentínu sem heitir Sol. Þegar hún heyrði að það væri annar skiptinemi í bænum sem héti Alma var hún handviss um að ég væri frá Mexíkó, því nafnið er mjög algengt þar í landi, og hugsaði sér gott til glóðarinnar að geta talað við mig spænsku. Þótt sú ósk hennar yrði ekki að veruleika urðum við samt bestu vinkonur strax við fyrstu kynni og notuðumst við ensku þar til við náðum tökum á frönskunni.

Við Sol gengum í sama skólann, vorum alveg jafnmálhaltar fyrstu vikurnar og höfðum gaman af að segja hvor annarri sögur frá heimalandi okkur, siðum og venjum. Það var var bara eitt sem skildi okkur að. Það var að pesóinn, gjaldmiðill Argentínu, hann var svo gífurlega veikur að hver evra kostaði hana formúu á meðan hún var á mjög viðráðanlegu verði fyrir mig. Til að kynnast landi og þjóð og drekka í okkur frönsku menninguna langaði okkur að ferðast um og gera ýmislegt sem kostaði peninga, en staða Sol setti fljótt strik í reikninginn því hver lestarmiði var umhugsunarefni fyrir hana. Hún útskýrði af hverju efnahagsástandið væri svo slæmt í Argentínu og ég man að reyndi að sýna henni fullan skilning á meðan við fundum upp á ódýrari leiðum til að gera það sem okkur langaði til.



Þegar ég hugsa til baka gat ég engan veginn sett mig almennilega í hennar spor á þessum tíma. Kannski af því að ég gat ekki ímyndað mér að ég myndi nokkurn tíma upplifa þetta – svona gæti ekki gerst á Íslandi. En værum við staddar þarna í dag væri ég í nákvæmlega sömu sporum og hún – allt rándýrt!

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Græddu gjafir
Öll jólainnkaupin endurgreidd
Til: Þín
Frá: Office1
1. 500 kr. inneign á hnattlíkan.
2. 500kr. inneign á púsl
3. 1500kr. inneign á tungumáladisk
4. 500kr. inneign á DVD mynd
5. 500kr. inneign á jólapappír
6. 2000kr. inneign á skrifborðsstól
7. 500 inneign á SES föndurvörur
8. 3000kr. inneign á skrifborð
9. 500kr. inneign á fjölskylduspil
10. 5000kr. inneign á prentara
Samtals Inneign = Kr.14.500.-
Stimpilkortið
Í hvert skipti sem þú kaupir bók hjá Office1 færðu stimpil og gjöf í formi inneignar á einhvern ákveðinn vöruflokk eða vöru. Því fleiri bækur sem þú kaupir verður gjöfin veglegri. Þeir sem nota stimpilkortið eiga svo möguleika á að fá alla jólapakkana endurgreidda*
SES föndur
Tungumála diskar
Spil
Geisladiskar
DVD Myndir
Púsl
Allt fyrir pakkann
3D Púsl
Skrifstofu-húsgögn
Tölvu aukahlutir
Hnattlíkön
Bækur
3 fyrir 2
*Þegar þú hefur keypt bók eða bækur og fengið stimpil í stimpilkortið fyllir þú út persónuupplýsingar aftan á kortið sem er í öllum verslunum Office1. Stimpilkortið ásamt kvittun er sett í jólakassa sem staðsettur er við afgreiðslu-borðin í Office1. Vikulega verður heppinn viðskiptavinur dregin út og fær öll jólainnkaupin á kassakvittun þar sem bókakaupin koma fram endurgreidd.
Jólabókabúðin þín
Office1
Skeifan 550-4110, Smáralind 550-4140, Kringlan 550-4130, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

**> VILL MINNI BRJÓST**

Britney Spears segist ýmist vera ánægð eða óánægð með brjóst sín og viðurkennir að nú vilji hún láta minnka brjóstin því henni finnst þau of fyrirferðarmikil. Söngkonan, sem fagnaði 27 ára afmæli sínu á dögunum, segist vita að hún hafi fagran barm en íhugar að fara í brjóstaminnkun til að komast í gömlu sviðsfötin sín.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# FM-hnakkar fá ádeilubók

Rithöfundurinn Helgi Jean Claessen afhenti fyrir skömmu Heiðari Austmann, útvarpsmanni FM957, bók sína Kjammi - bara krútt sem þarf knús. Í henni gerir Helgi grín að hinu hressa FM-fólki og þunglyndislegum bókum Arnaldar Indriðasonar.

Vel fór á með þeim Helga og Heiðari þrátt fyrir innihald bókarinnar og kunni Heiðar honum bestu þakkir fyrir gjöfina. Svala, útvarpsstjóra FM957, finnst uppátæki Helga pínulítið broslegt. „Ég hef ekki lesið bókina en miðað við háðið í því að tala um þessa þunglyndislegu 101-lopapeysurottu sem sér lífið allt öðruvísi en sá síkáti þá finnst mér þetta bara fyndið," segir Svali.

Helgi Jean vildi láta tvær andstæður mætast í bók sinni með því að blanda saman heimi FM957 og þunglyndinu í bókum Arnaldar. „Þarna eru ýkjurnar í báðar áttir. Hjá Arnaldi má aldrei neitt gott gerast en hjá FM má aldrei neitt vont gerast. Hjá FM myndi maður aldrei vita af því ef það væri eitthvað ástand í þjóðfélaginu," segir hann.

Helgi og vinur hans Hjálmar Jóhannsson gáfu fyrir síðustu jól út aðra ádeilubók, Konur eru aldrei hamingjusamar því þær eru með svo litlan heila. Þar gerðu þeir grín að bók Þorgríms Þráinssonar, Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama? Sú ádeilubók seldist í um þrjú þúsund eintökum og verður fróðlegt að sjá hvort nýja bókin nær sömu vinsældum. - fb



**BÓKIN AFHENT** Helgi Jean afhendir Heiðari Austmann bók sína Kjammi - bara krútt sem þarf knús. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






**THE KILLERS** Rokkararnir í The Killers hafa samið jólalag með Elton John.

# Jólalag með Elton John

Las Vegas-rokkkararnir í The Killers hafa samið nýtt jólalag með Elton John sem nefnist Better You Than Me. „Hann hefur verið með sýningu á staðnum Red Piano í Las Vegas og stundum förum við á hana og fáum okkur síðan mat," sagði Brandon Flowers, söngvari The Killers.

„Við erum miklir aðdáendur hans, raddarinnar og hæfileika hans til að semja frábær lög. Það hefur verið frábært að umgangast hann," sagði hann. „Við vorum að semja þetta jólalag og spurðum hvort hann vildi ekki vera með. Hann samdi viðlagið, þannig að þetta var alvöru samstarf." Neil Tennant úr Pet Shop Boys söng einnig inn á lagið og átti þátt í textagerðinni.



**RIHANNA** Stendur í ströngu.

# Kærð af ljósmyndara

**Rihanna og Chris Brown hafa verið kærð eftir að lífverðir þeirra áttu að hafa ráðist á ljósmyndara sem reyndi að ná myndum af parinu. Ljósmyndarinn, Luis Santana, segir að lífverðirnir hafi ráðist á sig, ítrekað sparkað í sig liggjandi og brotið 3.000 dollara myndavél sína fyrir utan Vintage Ultra Lounge klúbbinn í St. Petersburg í Bandaríkjunum.**

**Santana krefur Rihönnu og Chris Brown um eina milljón dollara í skaðabætur. Talsmaður Browns neitar að lífverðir þeirra hafi átt hlut að máli, en talsmaður Rihönnu segir að lýsingar á atvikinu hafi verið slitnar úr samhengi.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Mánudagur 08. desember**

**Tónleikar**



**20.30 Jólatónleikar** verða haldnir í Dómkirkjunni í Reykjvík. Fram koma Hanna Þóra Guðbrandsdóttir sópran, Sólveig Samúelsdóttir mezzósópran, Jón Svavar Jósefsson barítón og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanó.

**Leiklist**

**Rétta leiðin** Barna- og unglingaleikhúsið Borgarbörn sýnir jólasöngleik í Iðnó. Í dag verða sýndar tvær sýningar sú fyrri kl. 9 en hin seinni 10.30.

**Dans**

**20.00 Tangóævintýrafélagið** stendur fyrir tangókvöldi á 22, Laugavegi 22, II hæð, þar sem boðið verður upp á ókeypis kennslu í argentínskum tangó. Allir velkomnir.

**Bækur**

**12.15 Kynningar á nýjum bókum** í hádeginu, 8-11. desember í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Í dag kynnir Úlfar Þormóðsson bók sína Hallgrímur.

**Uppákomur**

**12.34 Lifandi jóladagatal** í Norræna húsinu við Sturlugötu. Í dag verður opnaður áttundi glugginn. Í gær var Hallgrímur Helgason í glugganum. Hver skyldi vera þar í dag?

**Uppboð**

**18.00 Listmunauppboð** verður í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Boðin verða upp fjölmörg verk, meðal annars verk eftir gömlu meistarana.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Hönnun Victoriu vinsæl

**Ný fatalína Victoriu Beckham virðist ætla að slá í gegn ef marka má fyrstu sölutölur, en kjólarnir seldust nánast upp í Selfridges. Samkvæmt heimildum The Guardian voru aðeins þrír kjólar eftir í versluninni á fyrsta söludegi.**

**Fyrsta upplag línunnar innihélt 400 kjóla, en þar af fékk Selfridges 58 stykki. Viðskiptavinir virtust ekki veigra sér við því að reiða fram rúmlega þúsund pund fyrir hvern kjól.**

**Kryddpían fyrrverandi viðurkenndi nýverið að hún hefði aldrei verið mikil söngkona, en hefði aftur á móti gott auga fyrir tísku.**

# Blazerjakki af kærastanum

Blazerjakkar voru mjög áberandi á tískuvikum stórborganna í haust þegar vor- og sumartíska ársins 2009 var sýnd. Það vakti athygli hvað sumir jakkarnir voru karlmannlegir, í stærra lagi og margir hverjir með uppbrettar ermar, enda ganga þeir gjarnan undir nafninu „boyfriend jackets“ eða „kærastajakkar“. Síddin getur verið mismunandi, en það borgar sig þó að ganga úr skugga um að axlir og ermar sitji rétt áður en jakkanum er stolið frá kærastanum.

**- ag**



**STÓR** Blazerjakkarnir mega gjarnan vera stórir svo lengi sem axlirnar sitja rétt, líkt og á þessum flotta gráa jakka frá Donnu Karan.



**SILFRAÐUR** Rag & Bone vakti athygli fyrir þennan silfraða blazerjakka í New York í haust, en leikkonan Charlize Theron klæddist slíkum jakka í afmæli Fashion Rocks.





**KLASSÍSKUR** Dökkgrár, klassískur blazerjakki frá Rag & Bone sem var sýndur á Mercedes-Benz tískuvikunni í New York.



**SÍÐUR** Jakkar líkt og þessi svarti frá DKNY eiga eflaust eftir að vera vinsælir, hann er tiltölulega stór, síður og og brett upp á ermarnar.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Börnin þéna pening sjálf

**Jada Pinkett Smith segir að bæði börnin hennar, Willow, átta ára, og Jaden, tíu ára, séu fjárhagslega sjálfstæð. Willow og Jaden eru farin að hafa tekjur af því að leika í kvikmyndum og hafa bæði leikið á móti föður sínum, Will Smith, en Willow lék með honum í myndinni I Am Legend og talaði inn á teiknimyndina Madagascar 2.**

**Í viðtali við breska dagblaðið Daily Mirror sagði Jada að börnin þyrftu að borga sjálf fyrir það sem þau langar í, þannig öðlist þau ábyrgðartilfinningu. „Ég er eins og bankinn þeirra og þegar þau vilja taka út þurfa þau að koma til mín og skrifa upp á það,“ segir Jada.**



**TAKA ÚT HJÁ MÖMMU** Jada Pinkett segist vera eins og banki fyrir börnin sín og leyfir þeim að taka út eigin peninga ef þau skrifa upp á það.

# Nixon sveik Howard

Ron Howard, leikstjóri kvikmyndarinnar Frost/Nixon, segir að honum hafi fundist Richard Nixon, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, hafa svikið sig eftir að Watergate-hneykslið kom upp.

Myndin fjallar um röð viðtala sem breski sjónvarpsmaðurinn David Frost tók við Nixon árið 1977 þar sem Nixon viðurkenndi að hann hefði hugsanlega brotið lögin í Watergate-hneykslinu. „Ég hlustaði á viðtölin, ekki sem hatursmaður Nixons heldur leið mér eins og ég hefði verið særður vegna Watergate og svikinn sem Bandaríkjamaður,“ sagði Howard.

# Jólaljósadýrð í kreppuskugga

Bifreiðastjórinn Smári Þ. Ingvarsson er einn af Íslandsmeisturunum í jólaskreytingum utanhúss. Húsið hans í Urriðakvíslinni er fagurlega skreytt um hver jól og hann hefur farið árum saman til Flórída á haustin til að kaupa inn nýjar jólaskreytingar.

„Vitanlega keypti maður minna en vanalega, enda gengið virkilega óhagstætt núna,“ segir Smári, sem er nýkominn heim úr síðustu ferð. „Það er meira en helmings hækkun á öllu síðan í fyrra svo maður var á bremsunni.“

Ferðin var góð engu að síður og í Flórída er jólastemningin brostin á. „Það var verið að spila jólalögin á fullu í öllum búðum og maður komst í jólaskap þótt það væri brakandi sól. Ég sagði við konuna að það væri nú munur ef maður gæti verið í stuttermabol og stuttbuxum að hengja upp jólaljósin, en ekki kuldagalla. En það er nú auðvitað stemning í því líka, sérstaklega ef það er snjór.“

Ljósadýrðin hjá Smára vekur jafnan mikla athygli og fólk gerir sér ferð til að hringsóla fram hjá húsinu. „Ég tók eftir nokkrum sem keyrðu fram hjá á laugardaginn en þeir gripu í tómt því ég kveikti ekki fyrr en kl. 16 á sunnudaginn, fyrsta í aðventu. Uppsetningin á skrautinu klárast eiginlega aldrei. Maður er að breyta og bæta alveg til jóla. Mín regla er fyrst og fremst að þetta sé fallegt, þetta er ekki spurning um magn.“

Smári segist ekki merkja minni jólaljósagleði á landsmönnum í ár þrátt fyrir skugga kreppunnar. „Nei, alls ekki, ég held að fólk muni skreyta mikið. Enda veitir ekki af að lífga upp á skammdegið, nú sem aldrei fyrr. Ég ætla að minnsta kosti ekki að láta mitt eftir liggja.“

**- drg**



**BREYTIR OG BÆTIR TIL JÓLA** Smári Þ. Ingvarsson í ljósadýrðinni í Urriðakvísl.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




DAGATAL 2009

Dagatal Eimskips fyrir árið 2009 er komið út. Dagatal Eimskips hefur í áraraðir skipað ákveðinn sess í hugum landsmanna, og er þetta í 80. skiptið sem félagið gefur út sitt eigið dagatal. Ljósmyndirnar í ár tók Ragnar Axelsson (RAX) ljósmyndari.

Við hjá Eimskip erum stolt af dagatalinu okkar. Fyrir útgáfu dagatalsins fyrir árið 2009 var ákveðið að myndirnar yrðu af fossum landsins, en félagið hefur frá stofnun þess árið 1914 nefnt skip sín eftir þeim.

**Dagatal Eimskips fyrir árið 2009 fæst nú afhent frítt á skrifstofum félagsins.**

EIMSKIP

PIPAR • SÍA • 82310

SAMBÍÓIN







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 - 8 - 10:10 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| PASSENGERS | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| HOW TO LOSE FRIENDS.. | kl. 5:50 - 8:10 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 10:30 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 6D - 8D - 10:30D | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6D | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8:30D | L |
| BODY OF LIES | kl. 10:30 | 16 |
| W | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 6 Síð sýn | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | SÝND LAU. OG SUN. | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| NICK AND NORAH´S | kl. 8 | L |
| BODY OF LIES | kl. 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| PASSENGERS | kl. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RESCUE DAWN | kl. 8 | 16 |
| QUARANTINE | kl. 10:20 | 16 |

SAMbio.is

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| FOUR CHRISTMASES LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 8 - 10.10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.45 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE LÚXUS | kl. 10 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| REGNBOGINN | | |
|---|---|---|
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| NICK AND NORAH'S ... | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| IGOR 500 kr. | kl. 6 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 8 - 10.15 | 14 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| RELIGULOUS | kl. 5.50 - 8 -10.10 | 12 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| PRIDE & GLORY | kl. 10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 | 12 |
| TRAITOR | kl. 8 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 | kl. 6 | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45, 8 og 10 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 7.45 og 10.15 | 16 |


# Heimatilbúin íslensk raftónlist

„Þetta er heimatilbúin íslensk raftónlist," segir Einar Egilsson um fyrstu plötu Steed Lord, Truth Serum, sem er nýkomin út. Á plötunni eru fimmtán lög sem eru öll unnin af Steed Lord, fyrir utan Take My Hand þar sem hljómsveitin Crookers kemur við sögu og Bucket of Blood þar sem Krummi er gestasöngvari.

Platan var öll unnin af hljómsveitinni sjálfri og að sögn Einars hefur hún verið í tvö ár í undirbúningi. „Fyrstu lögin urðu til þegar við urðum til sem hljómsveit en þarna er mikið af nýju efni líka sem við sömdum eftir slysið og fyrir slysið," segir Einar og á þar við alvarlegt bílslys sem meðlimir sveitarinnar lentu í fyrr á árinu. „Þetta er stór plata, heil fimmtán lög sem við erum búin að taka upp heima hjá okkur. Við erum líka búin að vinna þetta á ferðalagi erlendis þegar við höfum verið að spila. Ég vil taka fram að platan er 100% íslensk framleiðsla. Hún er framleidd hér á landi, sett saman af okkur sjálfum og pökkuð af okkur sjálfum."



**STEED LORD** Hljómsveitin Steed Lord hefur gefið út sína fyrstu plötu sem nefnist Truth Serum, eða Sannleikslyfið.

Steed Lord er að skipuleggja allsherjar tónleikaferðalag til að kynna plötuna. Fyrirhugaðir eru tónleikar í Þýskalandi 18. til 20. desember og síðan í Hollandi, Portúgal og Frakklandi í janúar. Eftir það fer sveitin í eins og hálfs mánaðar ferðalag um Bandaríkin, Kanada og Mexíkó um miðjan febrúar. Í þeirri ferð stoppar sveitin við á SXSW-tónlistarhátíðinni og Miami Winter Music Conference.

Útgáfutónleikar Steed Lord hér á landi verða haldnir á Club 101 (gamla Organ) 26. desember. **- fb**



**HAMARINN** Spennuþáttaröðin Hamarinn bíður eftir að Ólafsfell standi við gerða samninga. Sautján milljónir vantar upp á.

# Niðurskurðarhnífur RÚV bitnar á leiknu sjónvarpsefni

**Þórhallur Gunnarsson segir öll verkefni á sviði leikins sjónvarpsefnis vera í biðstöðu. Hann bíður eftir ákvörðun Alþingis um tekjur Sjónvarpsins.**

„Það er fullt af verkefnum á teikniborðinu. Mikil hugmyndavinna er í gangi og samræður við framleiðendur, það kostar náttúrlega ekki neitt. Hins vegar er öll framleiðslan í biðstöðu," segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV. Fyrir nákvæmlega ári greindi Fréttablaðið frá því að Þórhallur hygðist láta sverfa til stáls á sviði leikins efnis eftir fremur mögur ár á því sviði. Forsvarsmenn RÚV höfðu þá skrifað undir tvíhliða samning við Björgólf Guðmundsson og fyrirtæki hans, Ólafsfell, sem átti að hleypa nýju blóði í þá framleiðslu. Samningurinn var ekki lengi að skila af sér verkefnum; Mannaveiðar riðu á vaðið og í kjölfarið fylgdu Svartir englar sem nutu mikilla vinsælda. Loks var tilkynnt um Hamarinn, sakamálaseríu frá Pegasus.

Fall bankanna setti hins vegar allt í uppnám. Framleiðslufyrirtækið Pegasus bíður þess nú að fá síðustu greiðsluna upp á sautján milljónir frá Ólafsfelli vegna Hamarsins. Þórhallur er bjartsýnn á að lausn finnist á því máli og í sama streng tekur Snorri Þórisson, framkvæmdastjóri Pegasus. „Björgólfur er heiðursmaður og ég trúi því að það náist einhver flötur á þessu," segir Snorri. Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Ólafsfells, segir enn töluverða óvissu ríkja með málefni Björgólfs og engin ákvörðun hafi verið tekin. Hamarinn er því enn sem komið er eina leikna íslenska þáttaröðin sem RÚV hefur tilkynnt að verði á dagskrá á næsta ári.

Þórhallur segir enga ákvörðun verða tekna um hvað fari í framleiðslu næst hjá RÚV fyrr en Alþingi hafi tekið ákvörðun um tekjur Sjónvarpsins. Hann viðurkennir að hann hafi töluverðar áhyggjur af stöðu leikins efnis hjá RÚV. „Menn verða að hafa það í huga að framleiðslufyrirtæki, leikarar og tónlistarmenn eru allir að tapa fjölda verkefna á niðurskurðinum. Hann hefur því ekki bara áhrif hér innanhúss heldur líka út fyrir veggi Sjónvarpsins."

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu eru fjórar leiknar þáttaraðir væntanlegar á sjónvarpsskjái landsmanna. Þrjár þeirra verða á Stöð 2; Réttur, Ástríður og Fangavaktin. Hamarinn er á RÚV.

**freyrgigja@frettabladid.is**

# Heldur jólaball í 26. sinn

„Þetta er sprottið út frá minni lífsreynslu," segir André Bachmann sem heldur árlegt jólaball fatlaðra og aðstandenda á þriðjudaginn, en þetta er í 26. sinn sem hann heldur umrædda skemmtun. „Ég átti góðar stundir sem barn í leik með bróður æskuvinar míns sem var fatlaður og hef horft upp á fatlaða einstaklinga berjast fyrir réttindum sínum. Sjálfur varð ég fyrir einelti sem barn og unglingur, en hef verið svo lánsamur í lífinu að sigrast á ýmsum hindrunum svo ég vil styðja þá sem minna mega sín," segir André um ballið sem verður haldið á Hilton Reykjavík Nordica og hefst klukkan 20.

„Það mæta yfirleitt um 700 til 800 manns á ári hverju og allir sem að þessu koma gefa vinnu sína til að gefa þeim góða stund sem mæta, en það kostar ekkert inn," segir André sem hefur fengið með sér einvalalið tónlistarmanna til að skemmta, svo sem Sigríði Beinteinsdóttur, Grétar Örvarsson, Magna, Sprengjuhöllina og Land og syni. Einnig ætlaði Rúnar Júlíusson að koma fram, en hann féll frá aðfaranótt föstudagsins 5. desember. „Mér brá mikið við tíðindin. Við vorum miklir vinir og hann er búinn vera með okkur á þessari skemmtun í 25 ár.



**LÆTUR GOTT AF SÉR LEIÐA** André Bachmann hefur haldið jólaball og skemmtun fatlaðra í 26 ár og hefur fengið einvalalið tónlistarmanna til að koma fram á Hilton Reykjavík Nordica næsta þriðjudag.

Við sem komum fram verðum öll með sorgarborða honum til heiðurs og ég ætla að syngja eitt lag í minningu hans," segir André. **- ag**



FRÁ HÖFUNDUM THE INCREDIBLES OG LEITIN AÐ NEMO
Disney · PIXAR
WALL·E
MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI
LENDIR Í ELKO 11. DESEMBER
SENDU SMS ESL WED Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
VINNINGAR ERU WALL·E Á DVD, TÖLVULEIKIR, AÐRAR DVD MYNDIR, PEPSI OG MARGT FLEIRA.
MEÐ HVERJUM DISK FYLGIR BÍÓMIÐI Á ÆVINTÝRAMYNDINA CITY OF EMBER!
BURN·E
TROÐFULLUR DISKUR AF AUKAEFNI! M.A. STUTTMYNDIN UM BURN·E
Dreifing SAMFILM
ELKO
VEFVERSLUN ELKO.is
BOÐSMIÐI
CITY OF EMBER
SMS LEIKUR
9. HVER VINNUR!
Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

## > Bikarslagur á Selfossi

N1-deildarlið Stjörnunnar heimsækir 1. deildarlið Selfoss í átta liða úrslitum Eimskipsbikars karla í handbolta í kvöld kl. 19.30. Selfoss er í toppbaráttu 1. deildar og er því til alls líklegt en Stjörnunni hefur ekki gengið sem skyldi í N1-deildinni til þessa í vetur og er í næstneðsta sætinu. Patrekur Jóhannesson og lærisveinar hans í Stjörnunni sýndu þó á dögunum svo eftir var tekið að þeir eiga gríðarlega mikið inni þegar þeir skelltu spútnikliði Akureyrar í Mýrinni, 27-20.



sport
sport@frettabladid.is

SKYTTURNAR RÚNAR OG ELVAR: VERÐA Í ELDLÍNUNNI ÞEGAR ERKIFJENDURNIR FRAM OG VALUR MÆTAST Í DAG

# Stríð inni á vellinum en allir vinir utan vallar

Reykjavíkurstórveldin Fram og Valur hafa marga hildina háð í gegnum tíðina og í kvöld verður allt lagt undir þegar liðin mætast í átta liða úrslitum Eimskipsbikars karla í Framhúsinu í Safamýri kl. 19.30. Valsarar eru núverandi Eimskipsbikarmeistarar eftir sigur á Frömurum í úrslitaleik snemma á þessu ári en liðin mættust nú síðast í N1-deildinni fyrir helgi og þá sauð upp úr í miklum baráttuleik þar sem Framarar fóru með sigur af hólmi.



„Við spiluðum ágætlega á fimmtudaginn en eigum alveg helling inni og erum langt frá því að vera saddir eftir þann sigur,“ segir skyttan Rúnar Kárason hjá Fram sem fékk að líta rauða spjaldið.

„Rauðu spjöldin eru sjaldséð hjá mér og ekki oft sem ég missi stjórn á skapi mínu. Þessir leikir gegn Val eru alltaf sérstakir og það er mikil saga þarna á bak við og mikið gengið á undanfarin tvö til þrjú ár. Það er stríð inni á vellinum en allir vinir utan vallar. Valsmenn hafa farið illa með okkur í bikarnum en núna ætlum við að vera þeir sem rústa leiknum,“ segir Rúnar ákveðinn.

Valsmenn eiga í þó nokkrum meiðslavandræðum þar sem Baldvin Þorsteinsson og Sigurður Eggertsson missa að öllum líkindum af leiknum og það er vissulega skarð fyrir skildi. Skyttan Elvar Friðriksson hjá Val segir Hlíðarendapilta þó hvergi bangna og að maður komi í manns stað.

„Það er slæmt að missa jafn mikilvæga leikmenn og Baldvin og Sigga en þá reynir bara á breiddina og aðrir menn verða að stíga upp. Þetta verður hörkuleikur og það er mikil tilhlökkun hjá okkur að mæta í Framhúsið. Þetta er náttúrulega bikarinn þannig að ég held að tapleikurinn á fimmtudaginn eigi ekkert eftir að sitja í mönnum, þetta er allt önnur keppni og snýst um það hvort liðið vill þetta meira. Við verðum bara að keyra þetta áfram á skapinu og leikgleðinni,“ segir Elvar.



## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin

WBA-Portsmouth 1-1
1-0 Jonathan Greening (39.), 1-1 Peter Crouch (58.). Hermann Hreiðarsson sat á varamanna bekk Portsmouth og fékk ekki tækifæri.

Everton-Aston Villa 2-3
0-1 Steve Sidwell (1.), 1-1 Joleon Lescott (30.), 1-2 Ashley Young (54.), 2-2 Joleon Lescott (90.+2.), 2-3 Ashley Young (90.+3.).

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Liverpool** | **16** | **11** | **4** | **1** | **24-9** | **37** |
| Chelsea | 16 | 11 | 3 | 2 | 35-6 | 36 |
| **Man. Utd** | **15** | **9** | **4** | **2** | **27-10** | **31** |
| Arsenal | 16 | 9 | 2 | 5 | 28-19 | 29 |
| **Aston Villa** | **16** | **8** | **4** | **4** | **25-18** | **28** |
| Hull City | 16 | 7 | 5 | 4 | 24-25 | 26 |
| **Portsmouth** | **16** | **6** | **5** | **5** | **19-23** | **23** |
| Everton | 16 | 6 | 4 | 6 | 22-25 | 22 |
| **Fulham** | **15** | **5** | **5** | **5** | **13-12** | **20** |
| Bolton | 16 | 6 | 2 | 8 | 18-19 | 20 |
| **Wigan** | **16** | **5** | **4** | **7** | **18-20** | **19** |
| M'brough | 16 | 5 | 4 | 7 | 16-23 | 19 |
| **Stoke City** | **16** | **5** | **4** | **7** | **17-27** | **19** |
| Man. City | 16 | 5 | 3 | 8 | 30-24 | 18 |
| **West Ham** | **15** | **5** | **3** | **7** | **17-22** | **18** |
| Newcastle | 16 | 3 | 7 | 6 | 19-24 | 16 |
| **Tottenham** | **15** | **4** | **3** | **8** | **17-21** | **15** |
| Sunderland | 16 | 4 | 3 | 9 | 13-25 | 15 |
| **Blackburn** | **16** | **3** | **4** | **9** | **17-31** | **13** |
| WBA | 16 | 3 | 3 | 10 | 12-28 | 12 |

### Spænska úrvalsdeildin

Real Madrid-Sevilla 3-4
0-1 Adriano Correia (3.), 1-1 Raúl (19.), 1-2 Romaric (22.), 1-3 Frederic Kanoute (38.), 2-3 Higuain, 3-3 Gago (69.), 3-4 Dirnei Renato (85.).

### Ítalska úrvalsdeildin

AC Milan-Catania 1-0
1-0 Kaka (65.).

Lecce-Juventus 1-2
0-1 Sebastian Giovinco (56.), 1-1 Danile Cacia (84.), 1-2 Amauri (89.).

Reggina-Bologna 2-2
1-0 Bernardo Corradi (39.), 1-1 Francesco Valiani (52.), 2-1 Edgar Barreto (56.), 2-2 Marco Di Vaio (60.). Emil Hallfreðsson var ekki í leikmannahópi Reggina.

### Hollenska úrvalsdeildin

Willem-Heerenveen 1-3
Arnór Smárason var í byrjunarliði Heerenveen og skoraði fyrsta mark leiksins á 45. mínútu.

### Danska úrvalsdeildin

Sonderjyske-Midtjylland 1-1
Sölvi Ottesen lék allan leikinn fyrir Sonderjyske.

Velje-Esbjerg 1-1
Gunnar Heiðar Þorvaldsson lék allan leikinn fyrir Esbjerg.

# Dramatík á Goodison Park

**Aston Villa hirti öll stigin með 2-3 sigri á Everton á Goodison Park í gær en sigurmark Ashleys Young kom í uppbótartíma. Þá gerðu WBA og Portsmouth jafntefli, 1-1, en Hermann Hreiðarsson sat allan leikinn á varamannabekknum.**

**FÓTBOLTI** Tveir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gær þar sem Aston Villa vann Everton en WBA og Portsmouth gerðu jafntefli.

Aston Villa fékk sannkallaða draumabyrjun gegn Everton í gær en Steven Sidwell skoraði með langskoti strax á fyrstu mínútu leiksins.

Everton spilaði vel og verðskuldaði jöfnunarmark eftir hálftímaleik en þar var varnarmaðurinn sókndjarfi Joleon Lescott á ferðinni.

Staðan var enn jöfn, 1-1, þegar flautað var til hálfleiks en Marouane Fellaini var í tvígang nálægt því að skora fyrir Everton.

Snemma í seinni hálfleik gerði Phil Jagielka sig sekan um slæm varnarmistök þegar hann átti slaka sendingu sem Ashley Young komst inn í og skoraði annað mark Aston Villa.

**Dramatískar lokamínútur**

Everton sótti stíft til þess að jafna leikinn og loksins í uppbótartíma náði Lescott að skora aftur fyrir Everton og leikmenn liðsins gjörsamlega töpuðu sér í fagnaðarlátunum. Þeir voru varla hættir að fagna þegar Young skoraði sigurmarkið, 2-3, með góðu skoti nokkrum sekúndum síðar og hlátur leikmanna Everton breyttist í grátur.

„Þetta var ótrúlegur endir á leiknum og ég gæti ekki verið ánægðari. Young sýndi að hann er í heimsklassa og er frábær. Ég er nánast orðlaus af gleði,“ segir Martin O'Neill, knattspyrnustjóri Aston Villa í leikslok.

Starfsbróðir hans hjá Everton, David Moyes, var vitanlega svekktur með tapið.

„Ég hélt að dómarinn myndi flauta leikinn af eftir að við jöfnuðum en svo skora þeir sigurmarkið. Svona getur náttúrulega gerst og við sofnuðum á verðinum en það var ekki meginástæðan fyrir að við töpuðum leiknum því við fengum mikið af marktækifærum sem við hefðum átt að nýta betur. Ég ætla þó ekkert að taka af leikmönnum mínum því þeir spiluðu mjög vel í leiknum,“ segir Moyes.

Með sigrinum náði Aston Villa að fylgja toppliðunum fast eftir en liðið er nú aðeins einu stigi á eftir Arsenal sem er í fjórða sætinu.



**SÆTUR SIGUR** Leikmenn Aston Villa höfðu ærna ástæðu til þess að fagna þegar þeir skoruðu sigurmarkið, 2-3, í uppbótartíma á Goodison Park í gær eftir að heimamenn í Everton voru búnir að jafna metin aðeins sekúndum áður. NORDIC PHOTOS/AFP

**Hermann á bekknum**

WBA og Portsmouth skildu jöfn 1-1 á Hawthorns-leikvanginum í gær. Jonathan Greening kom WBA yfir á 39. mínútu þegar hann náði frákastinu eftir að aukaspyrna Chris Brunt hafði farið í stöng. Peter Crouch jafnaði svo leikinn á 58. mínútu með glæsilegu langskoti og þar við sat.

Hermann Hreiðarsson fékk enn eina ferðina að verma varamannabekk Portsmouth og kom ekkert við sögu í leiknum en fastlega er búist við því að landsliðsfyrirliðinn yfirgefi herbúðir Portsmouth í janúar og er hann meðal annars orðaður við WBA.

Jafnteflið þýðir að WBA er áfram í botnsæti deildarinnar en Portsmouth er í sjöunda sæti.

omar@frettabladid.is



**LOGI** Var markahæstur í sigri Lemgo í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þýski handboltinn:

# Logi var heitur

**HANDBOLTI** Hafnfirðingurinn Logi Geirsson sendi sínum gömlu liðsfélögum í FH góða strauma í gær þegar hann varð markahæstur með sjö mörk í 30-29 sigri Lemgo á Flensburg í þýska handboltanum.

Logi var heitur á vítalínunni og skoraði fimm af mörkum sínum þar úr fimm skotum en hin tvö mörkin á lokakafla leiksins þar sem hann kom Lemgo yfir 22-21 og þegar hann jafnaði leikinn 28-28 þegar tvær og hálf mínúta var eftir. - óþ

Hollenska úrvalsdeildin:

# Arnór nýtti tækifærið vel

**FÓTBOLTI** Skagamaðurinn ungi Arnór Smárason fékk tækifæri í byrjunarliði Heerenveen í hollensku úrvalsdeildinni í gær og var meðal markaskorara í 1-3 sigri liðsins gegn Willem II.

Arnór hefur verið að koma meira og meira inn í myndina hjá Heerenveen á þessari leiktíð en hann skoraði fyrsta mark leiksins á 45. mínútu.

Frank Demouge jafnaði fyrir Willem II á 65. mínútu áður en Christian Grindheim og Mika Vavrynen bættu við mörkum fyrir Heerenveen sem skaust með sigrinum upp fyrir Willem II og er sem stendur í sjöunda sæti eftir fjórtán umferðir, níu stigum á eftir toppliði AZ Alkmaar. - óþ

Boltinn er hjá okkur!

West Ham TILBOÐ Aston Villa
19.-21. desember
Verð á mann: 39.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum og miði á leikinn.

Arsenal TILBOÐ Portsmouth
27.-29. desember
Verð á mann: 48.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum og Club level-miði á leikinn.

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á www.expressferdir.is

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Sevilla vann Real Madrid í skemmtilegum fótboltaleik á Santiago Bernabeau:

# Sevilla sótti þrjú stig í Madrid

**FÓTBOLTI** Sevilla vann Real Madrid í miklum markaleik í gærkvöld og skaust upp í fjórða sæti deildarinnar.

Adriano Correia kom Sevilla yfir strax á 3. mínútu á Santiago Bernabeau-leikvanginum í gær eftir góðan undirbúning Jesus Navas en Raúl jafnaði metin fyrir Real með góðu skallamarki á 19. mínútu.

Romaric kom Sevilla yfir á ný aðeins þremur mínútum síðar og aftur var það Navas sem var arkitektinn. Frederic Kanoute skoraði svo þriðja mark Sevilla með hnitmiðuðu skoti af stuttu færi. Staðan var 1-3 í hálfleik og varnarleikur Real Madrid í molum.

Leikmenn Sevilla færðu sig aftar á völlinn í síðari hálfleik og það kann oft ekki góðri lukku að stýra gegn Madridingum.

Gonzalo Higuain hleypti spennu í leikinn með frábæru marki á 67. mínútu og aðeins tveimur mínútum síðar náði Fernando Gago að jafna metin með skallamarki.

Arjen Robben átti góða rispu þegar um stundarfjórðungur lifði leiks en skot hans var varið í stöng. Higuain átti svo skot í slá á 77. mínútu en á sömu mínútu fékk Robben sitt annað gula spjald og þar með rautt og Madridingar skyndilega orðnir manni færri.

Brottvísunin hleypti krafti í Sevilla sem setti meiri kraft í sóknarleikinn og það skilaði sér því Dirnei Renato skoraði sigurmark leiksins, 3-4, með skalla á 85. mínútu eftir sendingu Kanoute en dekkunin hjá vörn Madridinga var þá til háborinnar skammar. - óþ



**FÖGNUÐUR** Leikmenn Sevilla sóttu þrjú stig á Santiago Bernabeau-leikvanginn í gær í miklum markaleik. NORDIC PHOTOS/AFP




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## ÚRSLIT

### Eimskipsbikar karla

FH-Haukar 29-28 (16-14)

**Mörk FH (skot):** Guðmundur Pedersen 7 (11/1), Ólafur Guðmundsson 6 (12), Ásbjörn Friðriksson 5 (11), Aron Pálmarsson 5 (12), Sigurður Ágústsson 4 (5), Jón Helgi Jónsson 1 (1), Hjörtur Hinriksson 1 (4), Ari Þorgeirsson 0 (2).
**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 11 (39, 28%), Daníel Andrésson 5 (15/1, 30%).
**Hraðaupphlaup:** 3 (Guðmundur 2, Ólafur).
**Fiskuð víti:** 1 (Sigurður).
**Utan vallar:** 10 mínútur.
Mörk Hauka (skot): Sigurbergur Sveinsson 10/1 (16/1), Freyr Brynjarsson 4 (5), Kári Kristján Kristjánsson 4 (6), Andri Stefan Guðrúnarson 3 (5), Einar Örn Jónsson 2 (2), Elías Már Halldórsson 2 (5), Pétur Pálsson 1 (2), Gísli Jón Þórisson 1 (2), Gunnar Berg Viktorsson 1 (3).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 20/1 (42/1, 32%), Gísli Rúnar Guðmundsson 1 (8, 13%).
**Hraðaupphlaup:** 2 (Kári Kristján, Freyr).
**Fiskuð víti:** 1 (Kári Kristján).
**Utan vallar:** 6 mínútur.
**Dómarar:** Ingvar Guðjónsson og Jónas Elíasson, áttu ekki góðan dag.

Stjarnan2-Grótta 23-42 (9-21)

### Iceland Express-deild kvk.

Valur-Grindavík 69-61 (32-28)

**Stig Vals:** Tinna Björk Sigmundsdóttir 21, Þórunn Bjarnadóttir 12, Lovísa Guðmundsdóttir 11, Signý Hermannsdóttir 9, Kristjana Björk Magnúsdóttir 8, Berglind Karen Ingvarsdóttir 8,
**Stig Grindavíkur:** Ingibjörg Jakobsdóttir 19, Íris Sverrisdóttir 12, Petrúnella Skúladóttir 10, Ólöf Helga Pálsdóttir 9, Berglind Anna Magnúsdóttir 6, Jovana Lilja Stefánsdóttir 3, Helga Rut Hallgrímsdóttir 1.

Iceland Express-deild kvenna:

## Valur sigraði Grindavík

**KÖRFUBOLTI** Valsstúlkur fóru með 69-62 sigur af hólmi gegn Grindavík í Vodafonehöllinni að Hlíðarenda í Iceland Express-deild kvenna í gær.

Bæði lið eru í harðri baráttu um miðja deild en Valur komst með sigrinum upp fyrir Grindavík í fimmta sætið og er nú jafnt KR að stigum.

Grindavík leiddi leikinn 13-16 eftir fyrsta leikhluta en Valur kom til baka í öðrum leikhluta og hafði forystu, 32-28, í hálfleik. Valsstúlkur juku forystu sína í þriðja leikhluta og stóðu vel að vígi, 51-42, fyrir lokaleikhlutann.

Valur varð hins vegar fyrir áfalli þegar Signý Hermannsdóttir fór út af með sína fimmtu villu þegar um átta mínútur voru eftir. Það kom hins vegar ekki að sök þar sem Tinna Björk Sigmundsdóttir steig upp og skoraði 13 af síðustu 18 stigum Vals á lokakaflanum en lokatölur urðu eins og segir 69-61. **- óþ**

# FH-ingar unnu bæjarslaginn

**FH-ingar komust í undanúrslit Eimskipsbikars karla í handbolta eftir 29-28 sigur gegn erkifjendum sínum í Haukum í miklum háspennuleik. Haukar fengu þrjár sóknir til þess að jafna metin á spennuþrungnum lokamínútunum en allt kom fyrir ekki. Tvö rauð spjöld fóru á loft í hópslagsmálum í blálok leiksins.**

**HANDBOLTI** Það var boðið upp á sannkallaðan bikarslag í Kaplakrika í gær þar sem FH vann Hauka, 29-28, í miklum baráttuleik þar sem upp úr sauð á lokaandartökum leiksins.

„Ég veit ekkert hvað gerðist þarna í lokin en ég uppskar þó rautt spjald á einhvern óskiljanlegan hátt. Þetta var annars frábær handboltaleikur frá a til ö og sigurinn er sætur. Þetta sýnir bara hver er stóri bróðir í Hafnarfirði,“ segir FH-ingurinn Ólafur Guðmundsson sigurreifur í leikslok.

FH-ingar höfðu betur þegar erkifjendurnir mættust fyrir framan troðfullar stúkur í Krikanum í N1-deildinni fyrir skömmu, 29-28, í hörkuspennandi leik þannig að Haukarnir höfðu harma að hefna í gær.

Það vantaði talsvert upp á mætinguna frá því síðast en stemningin utan vallar sem innan vallar var gríðarleg strax frá fyrstu mínútu, enda bæjarstoltið í Hafnarfirði í húfi.

Leikurinn var í járnum framan af fyrri hálfleik og staðan var jöfn 6-6 þegar stundarfjórðungur var liðinn af leiknum. Átökin inni á vellinum voru grimmileg og segja má að bæði lið hafi spilað eins fast og dómararar leiksins leyfðu.

Haukarnir reyndu að klippa ungstirnið Aron Pálmarsson út úr leiknum og tóku hann úr umferð stærstan hluta af fyrri hálfleik en FH-ingar leystu það nokkuð vel og sigu fram úr á lokakafla fyrri hálfleiks. Haukarnir voru einhverra hluta vegna ekki að spila sinn besta varnarleik og markvarslan var eftir því ekki góð. Staðan var 16-14 þegar hálfleiksflautan gall.



GAMAN FH-ingar fagna eftir að hafa lagt Hauka að velli í annað skipti á skömmum tíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Leiðir skiljast

Í stað þess að koma tvíefldir til leiks í upphafi síðari hálfleiks mættu Haukarnir með hálfum huga inn á völlinn og FH-ingar kunnu að nýta sér það og stungu af. Ólafur Guðmundsson, sem var búinn að vera tiltölulega rólegur í fyrri hálfleik, sló upp skotsýningu og átti stærstan þátt í því að FH náði upp sex marka forskoti á fyrstu tíu mínútum síðari hálfleiks, 23-17.

Haukarnir náðu hins vegar með mikilli baráttu í vörninni og góðri markvörslu frá Birki Ívari Guðmundssyni að vinna sig aftur inn í leikinn. Í stöðunni 28-24 þegar um átta mínútur voru eftir af leiknum skoruðu Haukarnir fjögur mörk á móti einu marki FH og staðan því skyndilega orðin 29-28 og enn fjórar mínútur eftir á klukkunni.

### Háspenna lífshætta

Lokamínúturnar tóku á taugarnar hjá báðum liðum og allt ætlaði um koll að keyra í Kaplakrika. FH-ingar voru óöruggir í sókninni og Haukarnir fengu þrjú færi á að jafna metin en inn vildi boltinn ekki.

Sigurbergur komst gremjulega nálægt því að jafna metin þegar um hálf mínúta var eftir en skot hans fór í stöngina, stöngina og aftur út. FH komust í sókn og tóku leikhlé en boltinn var svo dæmdur af þeim fyrir leiktöf og Haukarnir ruku af stað í sókn. Sigurbergur fékk boltann og bjó sig undir að taka skot en Ásbjörn Friðriksson braut á honum og leiktíminn rann út í framhaldi af því. Sigurbergur brást illur við og hrinti Ásbirni og upp úr því hrúguðust menn í einn hnapp með hrindingum og látum.

Dómararnir réðu sínum ráðum og gáfu Sigurbergi svo rautt spjald og einnig Ólafi hjá FH og Haukar fengu aukakastið til þess að reyna að knýja fram framlengingu. Gísli Jón Þórisson tók skotið en það fór hátt yfir markið og 29-28 sigur FH því í höfn í háspennu handboltaleik.

Sigurbergur var allt í öllu í sóknarleik Hauka og skoraði 10 mörk en reynsluboltinn Guðmundur Pedersen var atkvæðamestur hjá FH með sjö mörk.

„Við vorum ákveðnir í að sýna að þetta var ekki neinn heppnissigur hjá okkur síðast. Haukar eru með frábært lið og við hljótum því að vera með frábært lið líka,” segir Guðmundur.

Birkir Ívar var eðlilega svekktur í leikslok en hrósaði FH fyrir góðan leik.

„Þetta féll þeirra megin í þetta skiptið og ég óska þeim bara til hamingju með það. Við lendum dálítið í því að elta í síðari hálfleik en sýndum karakter með því að koma aftur inn í leikinn og vorum óheppnir að ná ekki að jafna í lokin en svona er þetta stundum,“ segir Birki og Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, tekur í sama streng.

„Við ætluðum okkur stóra hluti í bikarnum en það hafðist ekki og við verðum nú bara að sleikja sárin og koma sterkari til baka,“ segir Aron. **omar@frettabladid.is**



**STEMNING** Áhorfendur létu vel í sér heyra í Kaplakrika í gær þótt ekki hafi verið húsfyllir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ALLT Í HÁALOFT** Dómararnir reyna hér að skakka leikinn eftir að Sigurbergur Sveinsson hjá Haukum stuggaði við Ásbirni Friðrikssyni hjá FH í blálok leiksins í gær. Sigurbergur fékk svo rautt spjald, líkt og Ólafur Guðmundsson hjá FH. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Cleveland Cavaliers vann sinn áttunda leik í röð:

## Félagsmet hjá Cavs

**KÖRFUBOLTI** LeBron James og félagar í Cleveland Cavaliers unnu sinn áttunda leik í röð í NBA-deildinni í fyrrakvöld en fórnarlambið var hið lánlausa lið Charlotte Bobcats sem hefur farið afleitlega af stað í vetur. Cavs hafa hins vegar aldrei byrjað betur í sögu félagsins en 94-74 sigurinn gegn Bobcats var sá sautjándi af fyrstu tuttugu leikjum tímabilsins. Cavs hafa unnið alla átta sigurleikina í röð með í það minnsta tólf stiga mun.

„Við leggjum mikið á okkur til að ná góðri forystu í leikjum okkar og stífur varnarleikur er lykillinn að því,“ segir James.

James var að vanda stigahæstur hjá Cavs með 25 stig en hann lék aðeins 28 mínútur í leiknum og hann sat á varamannabekknum í fjórða leikhluta, líkt og allt byrjunarlið Cavs. Daniel Gibson átti fína innkomu af bekknum fyrir Cavs og skoraði 22 stig. **- óþ**



**FÉLAGSMET** LeBron James og félagar í Cavs hafa aldrei byrjað betur. NORDIC PHOTOS/GETTY


**Hádegisfundur ÍSÍ 12. des.!**

**E-sal íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal kl. 12.00. Haukur Haraldsson sálfræðingur mun fjalla um íþróttaiðkun barna- og unglinga á krepputímum. Fyrirlesturinn er ókeypis og öllum opinn á meðan húsrúm leyfir.**

**Sjá einnig á www.isi.is**


Gulldrengurinn Oscar de la Hoya tapaði í sjötta sinn á ferlinum í fyrrinótt:

## Pacman lumbraði á de la Hoya

**HNEFALEIKAR** Manny „Pacman“ Pacquiao frá Filippseyjum sigraði Oscar de la Hoya í veltivigt hnefaleika í Las Vegas í Bandaríkjunum í fyrrinótt. Þetta var sjötta tap de la Hoya á löngum og glæsilegum ferli sem gæti mögulega verið á enda runninn.

„Hjartað í mér segir að ég eigi að halda áfram en þegar líkaminn fylgir ekki með, hvað getur maður þá gert? Ég þarf að hugsa mín mál og taka erfiða ákvörðun með framtíð mína í huga,“ segir de la Hoya auðmjúkur eftir tapið.

Pacquiao var almennt talinn besti pund fyrir pund hnefaleikakappi í heimi fyrir bardagann en menn voru ekki vissir hvernig hann myndi standa sig gegn de la Hoya þar sem hann þurfti að þyngja sig talsvert fyrir bardagann. Þó svo að de la Hoya hafi haft stærðina, þyngdina og armlengdina fram yfir Paquiao þá átti hann aldrei möguleika.

Bardaginn kláraðist eftir átta lotur og sigraði Pacquiao á tæknilegu rothöggi þegar de la Hoya neitaði að koma úr horni sínu. Pacquiao var þá að gjörsigra bardagann á stigum hjá öllum þremur dómurunum, tveir þeirra skoruðu bardagann 80-71 og einn 79-72 Pacquiao í vil.

„Niðurstaðan kemur mér ekki á óvart því ég undirbjó mig mjög vel og ætlaði að stjórna bardaganum frá byrjun og það gekk eftir. Ég vissi að hraði minn myndi koma sér vel gegn stærri andstæðingi. Ég er bara glaður og stoltur að geta náð þessum sigri fyrir fólk mitt og þjóð,“ segir sigurvegarinn Pacquiao en hann er ýmist kallaður Pacman, Þjóðarhnefinn eða Sigurvegari fólksins, í heimalandi sínu. **- óþ**



**SIGURVEGARI FÓLKSINS** Pacquiao tileinkaði Filippseyjum sigur sinn á de la Hoya í fyrrinótt. NORDIC PHOTOS/AFP


Veljum íslenskt
– okkar hagur!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is

## > Stephen Fry

„Það er ekki hægt að skrifa lista yfir eiginleika manneskjunnar sem maður ætlar að verða yfir sig ástfanginn af. Það virkar einfaldlega ekki þannig.“

Leikarinn Stephen Fry fjallar um HIV-smit og áhrifin sem veiran hefur haft á vinahóp hans í heimildarmynd í tveimur hlutum sem Sjónvarpið sýnir. Fyrri hlutinn er sýndur í kvöld.



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SVAVAR HÁVARÐSSON OG STEPHEN FRY

## Holdsveikur og til dauða dæmdur

„Ég vil ekki fremja sjálfsmorð, en ég hef ekkert á móti því að deyja,“ voru lokaorð breska leikarans Stephens Fry í heimildarmynd sem RÚV sýndi í tveimur hlutum fyrir tæpu ári. Í myndinni segir Fry sögu sína og frá baráttu við geðhvarfasýki. Tilgangurinn með gerð hennar var persónulegt uppgjör leikarans við líf sitt, en ekki síður að fræða og eyða algengum ranghugmyndum um sjúkdóminn. Geðhvarfasýki var mér hulinn heimur og leikaranum tókst ætlunarverk sitt hvað mig varðar. Ég held að svo hafi verið um fleiri. Meistarinn mætir aftur til leiks í kvöld og fjallar í þetta skiptið um HIV og alnæmi.

Þið hafið kannski heyrt um þetta fyrirbæri. Á undanförnum tuttugu árum hafa meira en 60 milljónir manna sýkst af HIV um heim allan. Talið er að 45 milljónir karla, kvenna og barna séu lifandi með HIV-smit eða alnæmi og meira en 20 milljónir hafa látist vegna sjúkdómsins. Á Íslandi hefur þessi skæðasti faraldur heimssögunnar fellt um fjörutíu manns og tugir eru smitaðir.



Í nokkur ár var smit einfaldlega dauðadómur. Svartidauði okkar tíma var staðreynd. Við umgengumst hina sjúku sem holdsveikir væru. Síðan komu lyfin til sögunnar. Málið var leyst. Við hugsum um vandann og skrifum um hann eins og svartadauða og holdsveikraspítalann í Laugarnesi. Þetta er sagnfræði. Samtímasaga.

Á árinu 2007 sýktust fimm milljónir manna í heiminum og rúmlega þrjár milljónir létust af völdum alnæmis. Aldrei hafa jafn margir látist á einu ári af völdum sjúkdómsins. Í sumum heimshlutum er alnæmi ein algengasta dánarorsökin. Meðalævilengd fólks hefur í sumum löndum lækkað um tíu ár eða þar um bil.

Saga Stephens Fry leiddi mig frá forheimsku til upplýsingar í janúar. Ég hlakka því til kvöldsins og mun örugglega skemmta mér hið besta. Ég treysti mér til að spá fyrir um það af sömu vissu og alnæmissérfræðingur gat metið lífslíkur árið 1983.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.50** West Ham - Tottenham — STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **20.25** E.R. — STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** Heroes — SKJÁREINN



▶ **21.15** Sporlaust — SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15** Men in Trees — STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Leiðarljós**
**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana** (12:26) (e)
**17.53 Sammi** (4:52)
**18.00 Kóalabræðurnir** (68:78)
**18.04 Herramenn** (30:52)
**18.15 Út og suður** (e)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Stephen Fry: HIV og ég** (HIV and Me) (1:2) Bresk heimildamynd í tveimur hlutum.
▶**21.15 Sporlaust** (Without a Trace) (9:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sportið** Í þættinum verður fjallað um flest allt sem viðkemur íþróttum, sýnt frá helstu íþróttaviðburðum, farið yfir mál sem eru efst á baugi og rætt við íþróttafólk og íþróttaáhugamenn.
**22.45 Herstöðvarlíf** (Army Wives) (22:32) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna sem búa saman í herstöð og leyndarmál þeirra.
**23.30 Spaugstofan** (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Hot Shots!**
**10.00 Over the Hedge**
**12.00 Home for the Holidays**
**14.00 Hot Shots!**
**16.00 Over the Hedge**
**18.00 Home for the Holidays**
**20.00 Stealth** Bilun kemur upp í vélmennum sem geta stjórnað herflugvélum og kalla þarf til færustu þotuflugmenn hersins til þess að elta uppi stjórnlausar gereyðingarflaugarnar.
**22.00 Saw II**
**00.00 Uninvited Guest**
**02.00 War of the Worlds**
**04.00 Saw II**
**06.00 Manchester United. The Movie**

## STÖÐ 2

**07.00 Kalli litli kanína og vinir**
**07.25 Jesús og Jósefína** (8:24)
**07.50 Galdrabókin** (8:24)
**08.00 Lalli**
**08.05 Ruff's Patch**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 La Fea Más Bella** (208:300)
**10.35 America's Got Talent** (3:12)
**12.00 Numbers**
**12.45 Neighbours**
**13.10 The Dukes of Hazzard**
**14.55 The New Adventures of Old Christine** (5:22)
**15.15 ET Weekend**
**16.00 Galdrastelpurnar**
**16.25 Justice League Unlimited**
**16.50 Leðurblökumaðurinn**
**17.10 Tracey McBean**
**17.23 Galdrabókin** (8:24)
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.05 Veður**
**19.20 Kompás**
**19.55 Dagvaktin** (1:12)
**20.30 Extreme Makeover. Home Edition** (11:25) Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.
▶**21.15 Men in Trees** (10:19) Önnur þáttaröðin um indæla sambandssérfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit.
**22.00 Journeyman** (9:13)
**22.45 The Unit** (19:23)
**23.30 Milwaukee, Minnesota**
**01.05 The Dukes of Hazzard**
**02.50 Saving Face**
**04.25 Medium** (12:22)
**05.10 The New Adventures of Old Christine** (5:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**16.40 NBA körfuboltinn. New York - Detroit** Útsending frá leik New York og Detroit í NBA-körfuboltanum.
**18.40 NFL deildin. Pittsburgh - Dallas** Útsending frá leik Pittsburgh og Dallas Cowboys í NFL deildinni.
**20.40 Þýski handboltinn. Lemgo - Flensburg** Útsending frá leik Lemgo og Flensburg í þýska handboltanum.
**22.00 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.
**22.30 Þýski handboltinn. Hápunktar** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
**23.05 UFC Unleashed** Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**23.50 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker þar sem mæta til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Everton og Aston Villa.
**16.05 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Wigan.
**17.45 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**18.45 PL Classic Matches** Newcastle - Tottenham, 1996. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**19.15 PL Classic Matches** Leeds - Tottenham, 2000. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
▶**19.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik West Ham og Tottenham.
**22.00 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**23.00 Coca Cola mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**23.30 Enska úrvalsdeildin** West Ham - Tottenham

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**17.00 Vörutorg**
**18.00 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.
**18.45 Game tíví** (13:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum. (e)
**19.15 Charmed** (12:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir. (e)
**20.10 Friday Night Lights** (13:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Smash er í vondum málum, Landry eignast nýja vinkonu og Jason finnur sér nýjan starfsvettvang.
▶**21.00 Heroes** (5:26) Bandarísk þáttaröð um fólk sem býr yfir yfirnáttúrlegum hæfileikum. Peter öðlast hættulega hæfileika í von um að hann geti bjargað heiminum. Hiro og Ando reyna að komast að því hvaða illmenni réði Daphne til starfa og HRG reynir að losna við nýja félaga sinn eftir blóðbaðið í bankanum.
**21.50 CSI:New York** (16:21) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Stella stendur í ströngu þegar kviknar í íbúðinni hennar og rannsóknardeildin kemst að því að brennuvargur var á ferð.
**22.55 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.45 Dexter** (4:12) (e)
**00.35 Vörutorg**
**01.35 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.55**

### Dagvaktin

Dagvaktin sló rækilega í gegn í vetur og af því tilefni sýnir Stöð 2 alla þættina frá upphafi, mánudaga til fimmtudaga í desember. Þess má geta að Pétur Jóhann Sigfússon var valinn vinsælasti sjónvarpsmaður ársins og þátturinn best leikna sjónvarpsefni ársins 2008 á Edduverðlaunahátíðinni á dögunum.






**▶ VIÐ MÆLUM MEÐ**

### Kompás

**Stöð 2 kl. 19.20**

Í Kompás í kvöld verður rýnt í mál Einars Þórs Agnarssonar og Sturlu Steinssonar en þeir fundust látnir í bíl við Daníelsslipp árið 1985. Lát þeirra var afgreitt sem sjálfsvíg en ættingjar þeirra hafa aldrei fellt sig við þá skýringu. Einnig mun Kompás hitta fyrir Fjallabræður, kraftmikinn og rokkaðan karlakór og að lokum segir Helma Þorsteinsdóttir, ung myndlistarkona, frá sérstakri gifsáferð sem hún hefur þróað sem gefur verkum hennar einstakan blæ. Kompás er í opinni dagskrá.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Kjarkur, von og söngur
**15.03** Útvarpssagan: Bulgari sambandið
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Framtíð lýðræðis
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Ársól
**23.05** Á tónsviðinu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (75:260)
**16.30 Hollyoaks** (76:260)
**17.00 Seinfeld** (7:24)
**17.25 E.R.** (14:25)
**18.10 How I Met Your Mother** (9:22)
**18.35 How I Met Your Mother** (10:22)
**19.00 Hollyoaks** (75:260)
**19.30 Hollyoaks** (76:260)
**20.00 Seinfeld** (7:24)

▶ **20.25 E.R.** (14:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

**21.10 How I Met Your Mother** (9:22) gamanþættir sem fjalla um ungt fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýtrasta en er samt farið að íhuga hvort ekki sé kominn tími til að finna lífsförunautinn.

**21.35 How I Met Your Mother** (10:22)

**22.00 Dagvaktin** (12:12) Dagvaktin hefur slegið rækilega í gegn og af því tilefni hefur Ragnar Bragason, leikstjóri þáttanna, tekið saman það fyndnasta, skemmtilegasta, neyðarlegasta og eftirminnilegasta úr þáttunum og sett saman í þessa ómissandi samantekt.

**22.45 Numbers**
**23.30 Fringe** (9:22)
**00.15 Kenny vs. Spenny** (13:13)
**00.40 Sjáðu**
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Hann ræðir við gest sinn um stjórnmál líðandi stundar.

**21.00 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur. Hún kafar í sálarlíf gesta sinna.

**21.30 Í kallfæri** Þáttur í umsjá Jóns Kristins Snæhólms. Geir Ólafsson verður gestur hans

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.50** Aftenshowet **12.20** Søren Ryge - Solsikkespiralen **12.55** OBS **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.55** Skum TV **15.10** Tjenesten classic **15.30** Troldspejlet **15.45** Robotboy **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Nissernes Ø **19.00** Sex, magt og intriger **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Rebus **22.10** OBS **22.15** Hvor kragerne vender

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Doc Martin **13.00** NRK nyheter **13.05** Niklas' mat **13.30** ‚Allo, ‚Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** AF1 **14.30** Keiserens nye skole **15.00** NRK nyheter **15.10** H2O **15.35** Animalia **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Detektivklubben **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Faktor **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Sommer **21.30** Store Studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Dalziel og Pascoe **23.55** Nytt på nytt

## SVT 1

**12.10** Sköna Susanna och gubbarna **13.40** Andra Avenyn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Skrotnisse och hans vänner **15.45** Pi **16.00** Jultomtens lärling **16.15** Rorri Racerbil **16.25** Kritor ritar **16.30** Krokodill **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Livet i Fagervik **19.45** Nobelkonsert **21.00** Hockeykväll **21.30** Nobelpriset 2008. Foto 51 **22.30** Kulturnyheterna **22.45** Åkalla **23.30** Rally-VM **00.25** Dansbandskampen

P & Ó / pois



## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta mikið á Jean Michael Jarre, Vangelis og meistarana í Evil Madness við vinnu. Reyndar er ég mikill raftónlistaraðdáandi, en hlusta mikið á klassík líka. Núna er ég til dæmis að svífa um á meðan ég hlusta á Adagio í g-moll eftir Albinoni, sem er guðdómlega fallegt. Nigel Kennedy, Vivaldi - Winter I tryllir mig líka alltaf.“*

Snorri Ásmundsson listamaður.

# Ræðismaður snýr sér að lögfræðinámi

„Ég fékk einhvern undarlegan áhuga á lögfræði fyrir nokkru. Ég hélt reyndar að ég væri búinn að læra allt sem ég vildi en ákvað bara að skella mér í inntökuprófið og komst inn,“ segir Ómar R. Valdimarsson, einhver frægasti almannatengill Íslands. Hann hyggst setjast á skólabekk í HR og nema þar lögfræði. Lögfræðin er fimm ára nám en Ómar vonast til þess að fá sitt gamla nám að einhverju leyti metið. Hann er með BS í fjölmiðlafræði og mastersgráðu í alþjóðastjórnmálum. Ómar býst þó ekki við að leggja almannatengslin algjörlega á hilluna meðan á náminu stendur og hyggst því sinna sínu starfi samfara skólagöngu.

Ómar komst í fréttirnar í fyrra þegar hann höfðaði mál á hendur Gauki Úlfarssyni vegna orða sem sá síðarnefndi lét falla á bloggi sínu. Ómar hafði sigur í því máli. Hvort hann hygðist leggja lög um meiðyrði eitthvað sérstaklega fyrir sig vildi hann lítið tjá sig um. „Því er samt ekki að neita að dómskerfið hefur reynst mér óvenju vel og það er ekkert útséð með að maður einblíni eitthvað sérstaklega á þann flokk,“ útskýrir Ómar. - fgg



**VERÐUR LÖGFRÆÐINGUR** Ómar R. Valdimarsson hyggst setjast á skólabekk eftir áramót og nema lögfræði í HR.



**LÁRÉTT**
2. gáski, 6. mannþvaga, 8. keyra, 9. bar að garði, 11. líka, 12. lófatak, 14. sannfæringar, 16. í röð, 17. flýtir, 18. ennþá, 20. tveir eins, 21. velta.

**LÓÐRÉTT**
1. knattleiksknött, 3. guð, 4. hæðast, 5. tækifæri, 7. hungraður, 10. meiðsli, 13. blása, 15. skrifa, 16. húðpoki, 19. nudd.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. ærsl, 6. ös, 8. aka, 9. kom, 11. og, 12. klapp, 14. trúar, 16. hí, 17. así, 18. enn, 20. tt, 21. snúa.
**LÓÐRÉTT:** 1. pökk, 3. ra, 4. skopast, 5. lag, 7. soltinn, 10. mar, 13. púa, 15. rita, 16. hes, 19. nú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Jón Gunnarsson.
2. 3,6 á Richter.
3. Rúnari Kárasyni.

www.this.is/krossgatur
250 ÓKEYPIS KROSSGÁTUR
NÝ GÁTA Í HVERRI VIKU

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

BERGLIND ÓLAFSDÓTTIR: STJARNA HJÁ SCI-FI CHANNEL

# Berglind Icey í amerísku raunveruleikasjónvarpi

Berglind Ólafsdóttir er ein aðalpersónan í bandarísku raunveruleikaþáttunum Cha$e sem sýndir eru á kapalsjónvarpsstöðinni Sci-Fi. Stöðin er í eigu sjónvarpsrisans NBC. Þættirnir hafa vakið mikla athygli vestanhafs og ekki síður framganga Berglindar sem er í hópi átta svokallaðra veiðimanna eða Hunters. Veiðimennirnir minna óþægilega á agent Smith í Matrixmyndunum. Þáttastjórnandinn er hinn geðþekki Try Farley sem sló meðal annars í gegn í knattspyrnukvikmyndinni Bend it like Beckham. Þættirnir fóru í loftið 11. nóvember og eru sýndir á hverju þriðjudagskvöldi. Vinsælt virðist því að fá íslenskar ljóskur í raunveruleikaþætti því eins og flestum ætti að vera kunnugt um er Ásdís Rán þátttakandi í einum slíkum.

Cha$e er byggt á japanskri fyrirmynd og gengur út á að tíu þátttakendum er hleypt inn á svokallað „leiksvæði“. Þar eiga þeir að safna peningafánum og geta unnið sér inn háar fjárhæðir ef þeim gengur vel. Hins vegar eru ljón í veginum, svokallaðir veiðimenn, sem eiga að standa í vegi fyrir ætlunarverki keppendanna og fanga þá. Er Berglind einn þeirra. Þættirnir hafa fengið prýðisgóða dóma hjá erlendum vefmiðlum og gefa notendur imdb.com honum meðal annars 7,8. New York Times var ekki alveg eins jákvætt í garð þáttanna en sagði viðleitnina þó góða, Cha$e væri sennilega fyrsti raunveruleikaþátturinn sem sækir efnivið sinn til tölvuleikja. Berglind hefur búið í Bandaríkjunum um nokkurt skeið og er meðal annars góð vinkona skoska leikarans Gerards Butler eins og kom fram í viðtali við hann í Fréttablaðinu fyrir rúmu ári. Hún er þekkt undir nafninu Berglind Icey. Berglind hefur komið fram í vinsælum sjónvarpsþáttum á borð við According to Jim

Fyrir nokkrum árum var hún meðal fegurstu kvenna heims í kosningu tímaritsins FHM. Ekki náðist í Berglindi vegna fréttarinnar en samkvæmt heimildum blaðsins hyggst hún eyða jólunum hér á landi.

freyrgigja@frettabladid.is






**Á FRAMABRAUT Í HOLLYWOOD** Berglind „Icey“ Ólafsdóttir hefur verið búsett í Hollywood um nokkurra ára skeið. Hún hefur fengið nokkur athyglisverð hlutverk, nú síðast í raunveruleikaþætti. NORDICPHOTOS/GETTY

**VINSÆLL RAUNVERULEIKAÞÁTTUR** Cha$e hefur fengið ágæta dóma og þykir Berglind Icey standa sig með prýði.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardaginn blés vinkona forsetafrúarinnar **Dorritar Moussaieff**, barónessan **Francesca Habsburg**, til mikillar veislu á laugardagskvöldinu. Francesca er mikill Íslandsvinur og hefur verið íslensku listafólki innan handar við að koma sér á framfæri á erlendri grundu. Francesca gisti að sjálfsögðu á 101 hótel fyrir og eftir partí sem haldið var úti á Seltjarnarnesi.

Vonir höfðu staðið til að í föruneyti Francescu yrðu stórkanónur á borð við **Johnny Rotten** og **David Bowie**. En þeir höfðu víst öðrum hnöppum að hneppa þetta kvöld og áttu því ekki heimangengt. Hins vegar létu íslenskar listaspírur sig ekki vanta í þetta samkvæmi sem var víst með þeim glæsilegri. Ekki vantaði heldur upp á að íslenskar stórkanónur væru meðal gesta en menn á borð við **Friðrik Þór Friðriksson** og **Bogomil Font** létu sig ekki vanta úti á Nes.



Ólíkt hafast þeir að, framsóknarmennirnir **Bjarni Harðarson** og **Guðni Ágústsson**. Bjarni hefur tekið aftur upp fyrri iðju við bóksölu á Selfossi og útskýrir á bloggi sínu hvers vegna hann hafi sagt af sér þingmennsku. „Ég fór aðeins fram úr mér,“ skrifar Bjarni og viðurkennir að margir hafi lagt hart að honum að sitja sem fastast þrátt fyrir leynibréfið víðfræga. Guðni Ágústsson hefur hins vegar lítinn áhuga á að útskýra brotthvarf sitt á meðan hann sleikir sólina á Kanarí og þykir skemmtilegra að taka þátt í einhvers konar loftfimleikum á Klörubar. - fgg



# Björgvin og Bubbi minnast Rúnars

Íslenskir tónlistarmenn syrgja Rúnar Júlíusson sem lést fyrir helgi úr hjartaáfalli. Menn eru á einu máli um að þar sé fallinn frá einhver mesti öðlingur og snillingur íslenskrar tónlistarsögu og minntust hans í bæði máli og tónlist.

Fyrrverandi samstarfsfélagi hans í GCD, Bubbi Morthens, orti minningarljóð um Rúnar og birti á vefsíðu sinni, Bubbi.is, á föstudaginn. Þar kemur glöggt fram hversu mikils Bubbi mat Rúnar og biður hann félaga sinn um að leggja inn gott orð fyrir sig við hliðið. Jafnframt lætur Bubbi þess getið að Rúnar hafi eiginlega orðið til þess að hann lagði tónlistina fyrir sig.

Björgvin Halldórsson hélt sína árlegu jólatónleika í Laugardalshöll í skugga fráfallsins og minntist Rúnars og samstarfsins við hann í upphafi tónleikanna undir sellóleik. Minningarorð Björgvins voru tilfinningaþrungin og mátti heyra saumnál detta þegar Björgvin ræddi um feril Rúnars og samstarf þeirra tveggja. Guðrún Gunnarsdóttir söng síðan lag til heiðurs Rúnari við undirleik strengjasveitar og kórs og mátti sjá tár blika á hvarmi gesta víða í salnum. - fgg

## LJÓÐ BUBBA UM RÚNAR

Vinur minn farðu
í friði
mundu að leggja
inn gott orð
við hliðið fyrir
mig

takk fyrir mig
takk fyrir galdurinn
sem þú sáðir
í hjarta mér

salurinn troðinn
þú ber að ofan
ég sá
og vissi
þetta vildi ég gera



**MINNTUST FALLINS FÉLAGA** Bæði Björgvin Halldórsson og Bubbi Morthens minntust Rúnars Júlíussonar sem lést á föstudaginn.

# GÆÐI Á GÓÐU VERÐI




**UNITED**

**MEÐ DVD SPILARA**

**United TVD7056**
19" LCD BREIÐTJALD með innb. DVD SPILARA, 1440x900 punkta uppl., 500:1 skerpa, Nicam Stereó, Scart, SVHS, CVBS og heyrnartóls-, VGA tengi textatav. ofl. **12v og 220v.**

**VERÐ 69.990**
FRÁBÆRT VERÐ




**PHILIPS**

**Philips 19PFL3403**
19" LCD BREIÐTJALD með 1440x900 punkta upplausn, Crystal Clear III og Progressive Scan, HD Ready, 1000:1 skerpu, Anti Reflection, 6w Nicam Stereó með Incredible Surround, Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, tölvutengi (VGA) textav. ofl.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 84.990




Vreal

VIERA LINK

**Panasonic**

**Panasonic TX26LE7F**
26" V-Real LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., V-Real tækni (einstök myndgæði), HD Ready, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam Stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarp ofl.

**VERÐ 109.990**
FRÁBÆRT VERÐ




HDMI Vreal VIERA LINK

**Panasonic TX32LE7F**
32" HD 16:9 LCD BREI‹TJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, HD Ready, V-Real tækni - einstök myndgæði, Progressive Scan, 3.000:1 skerpu, Backlight Control, VIERA Link, 16w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi ofl.

**VERÐ 119.990**
FRÁBÆRT VERÐ




**Full HD 1080p**

**Panasonic TX37LZD70F**
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta uppl., V-Real Pro 2 Engine tækni, IPS Alpha skjá, Intelligent Scene Controller, Advanced 3D Colour management, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan innb. digital DVB-T mótt., 8.500:1 skerpu, VIERA Link, innb. SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó með V-Audio, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatt., textavarp ofl.

**TILBOÐ 219.990**
FULLT VERÐ kr. 249.990




PIXEL PLUS 3HD

**Svartími 3 millisekúndur, 4 trilljón litir, HD Natural motion, Skerpa 30.000:1**

**Philips 42PFL7423D**
42" Full 100Hz HD LCD BREIÐTJALD með Pixel Plus 3 HD, HD Natural Motion og Progressive Scan, 1920x1080 punkta uppl., HD Ready, 30.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, innb. digital DVB-T móttakar, 30w Nicam Stereó, BBE Virtual Dolby Digital, 2 Scart, 4 HDMI v1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, Coax út og USB tengi, textavarpi ofl.

**VERÐ 299.990**
FRÁBÆRT VERÐ

## HEIMABÍÓ Í FRÁBÆRU ÚRVALI



**INNBYGGÐ iPOD VAGGA**

**Panasonic SCPT460**
HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara, 1000w (4x125w og 2x250w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive scan, 5 hátölurum og Bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarp með minnum, tónjafnara, hljóðinngangi (RCA), Scart, HDMI, Component tengi, innb. iPod vöggu ofl.

**VERÐ 64.990**
FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**

**Philips HTS3367**
600w HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara, Video Upscaling í 720p/1080i, 2 framhátölurum á gólf, miðju, 2 bakhát. og oassaboxi, EasyLink, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með 40 minnum, SCART (með RGB), HDMI tengi, USB, FM tengi, AUX tengi, S-Video, Scart, Component, CVBS, Digital Coaxal tengi ofl.

**VERÐ 79.990**
FRÁBÆRT VERÐ



**MIKIÐ ÚRVAL HLJÓMTÆKJA OG HEIMABÍÓKERFA FRÁ JBL OG HARMAN/KARDON**

JBL

harman/kardon

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA**

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar


## *Góðu stelpurnar*

Það voru þrjár stelpur í hverfinu mínu sem aldrei virtust fara út úr húsi svo þær væru ekki að hjálpa mæðrum sínum. Þær fóru út með ruslið fyrir þær, skruppu út í búð eða sátu yfir systkinum sínum á rólóvöllunum. „Ég hitti hana Önnu Dís áðan. Hún var að kaupa mjólk fyrir mömmu sína,“ sögðu húsmæðurnar í hverfinu og andvörpuðu yfir því að eiga dætur sem dirfðust að leika sér lengur en í hálftíma í senn. Auðvitað skildi maður sneiðina en einhverra hluta vegna fannst mér ég aldrei eiga eftir að ná með tærnar þar sem hjálpfúsa stelpnastóðið hafði hælana. Það tæki því ekki einu sinni að reyna.

**ANNA** Dís átti vinninginn af þessari heilögu þrenningu því hún átti bróður með Downs-heilkenni. Hann var fáeinum árum eldri en hún og sást stundum hjóla um hverfið í bláum íþróttagalla. „Það sem hún er dugleg,“ stundu konurnar í hverfinu þegar systkinin urðu á vegi þeirra og voru svo djúpt snortnar að það var eins og hin signa mær hefði birst þeim og hvíslað að þeim dularfullum skilaboðum.

**MAÐUR** reyndi hvað maður gat að bæla niður samviskubitið yfir hyskninni við heimilisstörfin og á veturna sótti ég í sunnudagaskóla. Björtum barnarómi hvatti ég Kristmenn krossmenn áfram og bað Guð um að gjöra mér lítið ljós. Hjálpsömu stelpurnar létu ekki sjá sig þar, enda vafalítið skorðaðar fastar á bak við eldavélina. Því rak mig í rogastans einn morguninn þegar hin glófexta Anna Dís birtist í sunnudagaskólanum. Hún heilsaði mér glaðlega og settist við hliðina á mér. Hún var allt of góð til að vera hér. Sáu kennararnir það ekki. Af hverju sendu þeir hana ekki heim?

**EN** þarna sat hún, hlustaði á biblíusögur, söng sálma og fór með bænina sem Jesús kenndi okkur. Klukkutími leið og komið var að lokabæninni. Ung kona stikaði fyrir framan okkur, kreisti aftur augun með greipar spenntar undir hökunni og þakkaði Drottni fyrir að við skyldum fá að vera hér samankomin í dag í Hans nafni. Þá fann ég að Anna Dís hallaði sér að mér og hvíslaði upp í eyrað á mér: „Sjáðu! Við erum beint fyrir framan píkuna á henni.“ Og næst þegar ég heyrði af rómaðri þjónustulund hennar og vinkvenna hennar lét ég það sem vind um eyru þjóta.



### GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 8. desember, 343. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.04 | 13.19 | 15.35 |
| Akureyri | 11.17 | 13.04 | 14.52 |

*Heimild: Almanak Háskólans*




ENNEMM / SÍA / NM36290